FRÉTTABLAÐIÐ
79. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR
— MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* —
MIÐVIKUDAGUR 3. APRÍL 2019




Kynna átti lífskjarasamning aðila vinnumarkaðarins og aðgerðir stjórnvalda í tengslum við kjarasamninga á blaðamannafundi í Ráðherrabústaðnum klukkan 18.30 í gærkvöldi. Fundinum, sem hafði verið boðaður með skömmum fyrirvara, var hins vegar frestað klukkan 18.29 þar sem samningsaðilar vildu meiri tíma til að ljúka við gerð samninga. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Góð viðbrögð við útspili stjórnvalda

**Vinna við frágang kjarasamninga á almennum vinnumarkaði stóð enn þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöldi. Yfirlýsing um aðgerðir stjórnvalda til að greiða fyrir samningum var kynnt fyrir aðilum vinnumarkaðar í gær.**

**KJARAMÁL** Yfirlýsing stjórnvalda um aðgerðir til að greiða fyrir samningum á almennum vinnumarkaði var kynnt aðilum vinnumarkaðarins í gær. Til stóð að kynna aðgerðirnar og efnisatriði lífskjarasamnings á blaðamannafundi klukkan hálf sjö í gærkvöldi en fundinum var frestað á síðustu stundu.

Ástæða þess var sú að aðilar vildu freista þess að ganga frá endanlegum samningum áður en efnisatriðin yrðu kynnt. Samkomulag um meginlínur í kjarasamningum Samtaka atvinnulífsins (SA) og verkalýðshreyfingarinnar lá fyrir í fyrrinótt. Fyrirvari var þó settur um frekari aðkomu stjórnvalda.

Var gærdagurinn nýttur hjá ríkissáttasemjara til að vinna að texta kjarasamninga og hnýta lausa enda. Var þeirri vinnu ekki enn lokið þegar Fréttablaðið fór í prentun klukkan 22.

Heimildum blaðsins bar ekki saman um það hvort samningar væru á lokametrunum eða ekki.

„Vönduð úrvinnsla og frágangur tekur tíma. Gangurinn er góður og við höldum ótrauð áfram inn í kvöldið,“ sagði Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri SA, í gærkvöldi.

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra segir þær meginlínur sem aðilar vinnumarkaðarins hafi náð saman um ríma vel við yfirlýsingu stjórnvalda. „Við erum að horfa á töluverðar samfélagslegar umbætur. Sumt höfum við kynnt á fyrri stigum eins og uppbyggingu á félagslegu húsnæðiskerfi, lengingu fæðingarorlofs, skattatillögur og fleira,“ segir Katrín.

„Við erum líka að horfa á aðgerðir til að styðja við fyrstu fasteignakaupendur. En líka ákveðna hagstjórnarlega hvata til að draga úr vægi verðtryggingar en um leið tryggja stöðugleika sem þarf til að skapa skilyrði fyrir vaxtalækkun.“

Katrín segir að viðbrögð aðila vinnumarkaðarins við yfirlýsingunni hafi verið góð. „Ég held að þetta geti skipt verulegu máli fyrir aðilana til að ná saman.“ – sar

## Helmingur var nýtt fjármagn

**VIÐSKIPTI** Stór hluti fjárhæðarinnar sem safnaðist í fimmtíu milljóna evra skuldabréfaútboði WOW air var í formi skuldbreytinga á kröfum ýmissa kröfuhafa á hendur félaginu. Talið er að aðeins um helmingur útgáfunnar hafi verið nýtt fjármagn sem fjárfestar lögðu félaginu til.

Þrír leigusalar breyttu háum kröfum sínum í skuldabréf og það sama gerði Öryggismiðstöðin. Fulltrúi eigenda skuldabréfa hefur óskað eftir upplýsingum frá skiptastjórum þrotabúsins um hve miklir fjármunir voru lagðir inn sem nýtt fjármagn í útboðinu.




– hae, kij / sjá Markaðinn

## Vilja nýta kauprétt að 37 milljarða hlut

**VIÐSKIPTI** Samlagshlutafélagið Jarðvarmi, sem er í eigu fjórtán lífeyrissjóða, áformar að nýta sér kauprétt og ganga inn í viðskipti um kaup á 54 prósenta hlut í HS Orku fyrir um 37 milljarða.

Kaup sjóðanna, sem eiga fyrir þriðjungshlut í orkufyrirtækinu, verða gerð í samfloti með breska fyrirtækinu Ancala Partners, samkvæmt heimildum.

Boðað hefur verið til hluthafafundar hjá Jarðvarma 9. apríl. Þar munu hluthafar greiða atkvæði um þá tillögu stjórnar að félagið nýti kaupréttinn. Gert er ráð fyrir að sjóðirnir bæti við sig um tíu prósenta hlut en að afgangurinn – um 43 prósenta hlutur – verði keyptur af Ancala. – hae / sjá Markaðinn

## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Hildur Björnsdóttir skrifar um fjármálalæsi almennings. 8

**SPORT** Línurnar taka að skýrast í Olís-deild karla í kvöld. 11

**TÍMAMÓT** Að Kringlumýri í Skagafirði eru fjórtán listamenn frá níu löndum að formgera sögu Þórðar kakala. 12



**LÍFIÐ** ... eða „allir menn eru dauðlegir“ eða bókstaflega „allir menn verða að deyja“ er kuldalegt spakmæli í hörðum heimi Krúnuleikanna. 18

**PLÚS SÉRBLAÐ ● FÓLK**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015






## Veður



Minnkandi norðlæg átt og dregur úr éljum fyrir norðan, en víða léttskýjað S- og V-lands. Frost 0 til 5 stig. Gengur í sunnan 10-20 m/s í dag, hvassast á Snæfellsnesi. Skýjað og dálítil rigning eða slydda í kvöld vestast, en hægari og bjartviðri NA- og A-lands.

SJÁ SÍÐU 14

## Vitanum komið fyrir



Nýjum vita var komið fyrir við Sæbrautina í Reykjavík í gær. Vitinn mun koma til með að valda einhverju fjaðrafoki á næstunni. Upphaflega stóð til að hann yrði kláraður síðasta sumar og kosta borgina og Faxaflóahafnir rúmar 100 milljónir. Í desember var kostnaðurinn við að koma vitanum upp kominn yfir 150 milljónir. Það skiptir hins vegar engu máli fyrir ferðamennina sem skoðuðu vitann nýja í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Svartur mars í uppsögnum

**ATVINNUMÁL** Sex tilkynningar um hópuppsagnir bárust Vinnumálastofnun í mars. 473 starfsmönnum var sagt upp. Þar munaði mest um tvær hópuppsagnir í starfsemi tengdri flutningum og geymslu þar sem 328 manns var sagt upp, þar af 315 hjá Airport Associates. Stórum hluta þeirra hefur verið boðin endurráðning á öðrum kjörum.

Hinar uppsagnirnar koma úr fjórum greinum; 46 í ferðaþjónustu, 37 í framleiðslu, 32 í byggingarstarfsemi og 30 í sérfræðilegri, vísindalegri og tæknilegri starfsemi. Uppsagnir hjá WOW air og aðrar vegna gjaldþrota eru ekki í þessum tölum. **– smj**



Dómari með sækjanda og verjanda á vettvangi. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Milljónir í bætur vegna handtöku

**DÓMSMÁL** Lögreglumaður var sakfelldur í Héraðsdómi Reykjaness fyrr í vikunni fyrir líkamsmeiðingar af gáleysi er hann varð valdur að því að maður tvífótbrotnaði í handtöku við Hamborgarabúlluna í Kópavogi fyrir tveimur árum. Hann var hins vegar sýknaður af ákæru fyrir brot í opinberu starfi enda þótti hann ekki hafa farið á svig við verklagsreglur um valdbeitingu.

Manninum var gert að greiða 200 þúsund króna sekt í ríkissjóð en sæta fjórtán daga fangelsi verði sektin ekki greidd innan fjögurra vikna. Þá var honum gert að greiða brotaþolanum rúmar tvær og hálfa milljón í skaðabætur og voru bæturnar lækkaðar umtalsvert vegna eigin sakar mannsins. **– aá**





# Leikjaspilarar fái sína deild í íþróttafélögum

**Tillögu Sjálfstæðisflokksins um deildir fyrir rafíþróttir innan íþróttafélaga vel tekið í borgarstjórn. Borgarfulltrúi segir breytingar geta rofið félagslega einangrun barna og ungmenna. Formenn helstu íþróttafélaga styðja tillöguna.**

**REYKJAVÍK** „Mörg börn og unglingar hafa verið föst í viðjum tölvufíknar. Þau eru jafnvel farin að eiga engin persónuleg samskipti við aðra en sína nánustu. Ef litið er á tölvuleikjaspilun sem hverja aðra íþrótt, mætti ætla að það gæti hjálpað þessum einstaklingum,“ sagði Katrín Atladóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, á fundi borgarstjórnar í gær þegar borgarstjórn ræddi tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um rafíþróttir. Tillagan gerir ráð fyrir að borgin styðji íþróttafélögin í Reykjavík við að koma á fót rafíþróttadeildum innan félaganna. Tillagan gerir einnig ráð fyrir að iðkendur geti nýtt sér frístundakort Reykjavíkur við iðkun rafíþrótta í samræmi við reglur um frístundakortið.



Fortnite-spilarar í Las Vegas spila saman í góðum hópi. Fortnite-deild KR gæti orðið til verði hugmyndinni hrint í framkvæmd. NORDICPHOTOS/GETTY

Við umræðu um málið á fundi borgarstjórnar í gær sagði Katrín að með tilkomu rafíþróttadeilda gætu börn mætt til æfinga og hitt aðra krakka í stað þess að loka sig af heima hjá sér. Þau myndu æfa sig í að verða betri spilarar undir handleiðslu þjálfara og þannig myndu þau örvast félagslega, bæta sig í leiknum og eignast vini með svipuð áhugamál.

Katrín fór yfir nokkrar sögulegar staðreyndir um rafíþróttir og rifjaði upp fyrsta stórmót rafíþrótta; heimsmeistaramótið í Space Invaders sem haldið var árið 1980 í Bandaríkjunum þar sem 10 þúsund manns tóku þátt.

Á undanförnum árum hafi rafíþróttir laðað að sér mikið af fjárfestum, einnig hér á landi.

Verðlaunafé á heimsmeistaramótum eru heldur engar smáupphæðir; 2,6 milljarðar króna hafi farið í verðlaun á Dota 2 International mótinu og nú hafi Epic Games, framleiðandi Fortnite tilkynnt að verðlaunafé heimsmeistaramóts leiksins 2019 verði 50 milljónir dollara eða um 6 milljarðar króna.

Katrín fór einnig yfir rafíþróttir sem sjónvarpsviðburði og benti á að árið 2018 horfðu yfir 200 milljón manns á úrslit heimsmeistaramótsins í League of Legends 2018. Það er töluvert fleiri en horfðu á Ofurskálina.

Formenn þriggja íþróttafélaga í Reykjavík hafa lýst stuðningi við tillöguna í yfirlýsingu. Þar er vísað til forvarnargildis íþróttastarfs og jákvæðra áhrifa þess á félagsfærni barna.



**Katrín Atladóttir borgarfulltrúi.**

„Við undirritaðir viljum styðja þessa tillögu og teljum að þetta geti bæði aukið fjölbreytni íþróttastarfs, en einnig leitt til að börn og ungmenni, sem ekki taka þátt í starfi íþróttafélaga sjái tækifæri til að sinna sínum hugðarefnum innan þeirra raða.

Undir stuðningsyfirlýsinguna rita formenn Víkings, KR og Fjölnis.

Tillögunni var mjög vel tekið hjá borgarfulltrúum og eftir umræðu í borgarstjórn var málinu vísað til menningar-, íþrótta- og tómstundaráðs Reykjavíkurborgar til nánari útfærslu.

**adalheidur@frettabladid.is**


TVEIR Á TOPPNUM FRÁ ŠKODA
ŠKODA
KODIAQ
KAROQ
VERTU TIL Í ALLT Á KODIAQ OG KAROQ.
Škoda Kodiaq hefur slegið rækilega í gegn og Karoq litli bróðir gefur honum lítið eftir. Frábærir aksturseiginleikar, ríkulegur útbúnaður og fást báðir með fjórhjóladrifi svo þú finnur varla betri félaga fyrir hvaða færð sem er. Komdu í reynsluakstur og finndu hvernig er að vera á toppnum. Hlökkum til að sjá þig.
Škoda Kodiaq 4x4
Ambition / 1.4 TSI / Sjálfskiptur
Verð frá 5.790.000 kr.
Škoda Karoq
Ambition / 1.6 TDI / Sjálfskiptur
Tilboðsverð 4.550.000 kr.
Listaverð ~~4.850.000~~ kr.
Afsláttur
300.000 kr.
FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU 5
5 ára ábyrgð fylgir fólksbílum HEKLU að uppfylltum ákvæðum ábyrgðarskilmála. Þá er að finna á www.hekla.is/abyrgd
H
HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum
www.skoda.is

# Sóltún öldrunarþjónusta tekur við rekstri Sólvangs

**HEILBRIGÐISMÁL** Sóltún öldrunarþjónusta hefur tekið við rekstri hjúkrunarheimilisins Sólvangs í Hafnarfirði í kjölfar útboðs Ríkiskaupa fyrir hönd Sjúkratrygginga Íslands á síðasta ári.

Fyrirtækið er í eigu Íslenskrar fjárfestingar sem aftur er í eigu Arnar Þórissonar og Þóris Kjartanssonar.

„Hugmyndafræði Sóltúns hefur umhyggju fyrir einstaklingnum í fyrirrúmi, þar sem sjálfræði hans er virt í allri umönnun. Heimilisandi og virðing fyrir einkalífi hvers íbúa er ráðandi um leið og öryggiskennd sem hlýst af sambýli og sólarhringshjúkrunarþjónustu er náð,“ segir Halla Thoroddsen, nýr framkvæmdastjóri Sólvangs, í tilkynningu.

Nýtt húsnæði á Sólvangi átti að afhendast í ársbyrjun en seinkun hefur orðið á afhendingu frá verktakanum. Vonir standa til að húsnæðið verði tilbúið í júní næstkomandi. Þá munu 59 íbúar Sólvangs flytjast yfir og eitt rými í viðbót bætist við.


**Vonir standa til að nýtt húsnæði á Sólvangi verði tilbúið í júní.**

Áætlað er að fara í endurbætur á eldra húsnæðinu sem byggt var 1953 og eftir endurbætur verða þar 30 rými. Einnig mun Sóltún öldrunarþjónusta sjá um rekstur 14 rýma í dagdvöl á Sólvangi.

Sóltún öldrunarþjónusta rekur einnig Sóltún Heima sem býður upp á heimaþjónustu, heimahjúkrun og heilsueflingu fyrir eldri borgara á höfuðborgarsvæðinu sem miðar að því að efla og styðja aldraða í sjálfstæðri búsetu.

„Með Sólvangi getur félagið boðið upp á samfellu í þjónustu við aldraða á höfuðborgarsvæðinu og létt undir með fjölskyldum á heimili þeirra á meðan beðið er eftir hjúkrunarrými,“ segir Halla. **– hvj**


**Þórhildur Sunna Ævarsdóttir, þingmaður Pírata, í ræðustól Alþingis.**

## Spyr ráðherra um farbann og gæsluvarðhald

**DÓMSMÁL** Þórhildur Sunna Ævarsdóttir, þingmaður Pírata, lagði fram fyrirspurn til dómsmálaráðherra á Alþingi í gær um fjölda uppkveðinna gæsluvarðhalds- og farbannsúrskurða á síðustu fimm árum. Í fyrirspurninni er óskað eftir sundurliðun eftir dómstólum, flokkum brota sem rannsókn beindist að, þjóðerni þeirra sem úrskurður beindist gegn og lagaákvæði sem hann var reistur á.

Fréttablaðið greindi frá því nýverið að bæði gæsluvarðhalds- og farbannsúrskurðum hefði fjölgað mikið á undanförnum árum. Þrátt fyrir ítrekaðar fyrirspurnir blaðsins til lögregluembætta, héraðsdómstóla og Dómstólasýslunnar fengust ekki svör um um sundurliðun þá sem óskað er eftir í fyrirspurn þingmannsins.

Ráðherra hefur tvær vikur til að svara fyrirspurninni. **– aá**

FRÉTTABLAÐIÐ
**Vertu fyrst/ur að lesa blaðið**

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.

Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á **www.frettabladid.is/nyskraning.** Það kostar ekkert.

# Fóru ekki eftir settum reglum en fá samt framlengt veiðileyfi

**Hvalur HF fór ekki eftir settum reglum og sendi ekki inn veiðidagbækur til Fiskistofu eftir hverja vertíð eins og reglur gerðu ráð fyrir. Fyrirtækið fékk framlengingu á veiðileyfi þrátt fyrir að fara ekki eftir reglunum. Fiskistofa vissi ekki um þessar kvaðir fyrr en lögfræðingur óskaði þess að fá gögnin í hendur.**

**HVALVEIÐAR** Hvalur hf. fór ekki eftir reglum hvað varðar langreyðarveiðar fyrirtækisins árin 2014, 2015 og 2018 og eftirlit Fiskistofu var ekki eins og það átti að vera. Starfsemi fyrirtækisins var ekki í samræmi við veiðileyfi þess.

Í leyfi Hvals hf. til veiða á langreyði, sem gefið var út um miðjan maímánuð árið 2014, er meðal annars gerð sú krafa til fyrirtækisins að skipstjóri hvalveiðiskips haldi sérstaka dagbók yfir veiðarnar. Veiðileyfið var gefið út vegna veiða árin 2014-2018 og þessi krafa frá stjórnvöldum því allan tímann í gildi.

Það sem markvert er við veiðileyfi Hvals hf. er að þar er tekið fram að dagbókum skipstjóranna eða afriti þeirra skuli skilað til Fiskistofu í lok hverrar vertíðar. Fiskistofu var hins vegar ekki kunnugt um það fyrr en lögmaður náttúru- og dýraverndarsamtakanna Jarðvina óskaði eftir þeim gögnum frá stofnuninni.

Óskað var eftir því við Fiskistofu að fá afrit af þessum dagbókum skipstjóra Hvals hf. Þær hefðu átt að vera komnar til Fiskistofu fyrir árin 2014, 2015 og 2018 en á þeim árum veiddi fyrirtækið samanlagt 436 dýr. Bækurnar gætu þannig geymt upplýsingar um veiðitilhögun sem er mikilvægt innlegg í eftirlit með veiðunum fyrir Fiskistofu.


**Hvalur hf. fór ekki að reglum um langreyðarveiðar 2014, 2015 og 2018. Hér má sjá slíkan hval.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Dagbækurnar er hins vegar ekki að finna hjá stofnuninni og ljóst að Hvalur hf. hefur ekki sinnt skyldu sinni um að senda þær til stofnunarinnar. Að sama skapi hefur Fiskistofa verið sofandi í eftirlitshlutverki sínu. „Við afgreiðslu beiðninnar varð ljóst að þessi breyting hafði verið gerð á leyfinu og kveðið á um skil dagbókar eða afrits dagbókar til Fiskistofu,“ segir í svari Fiskistofu. „Fiskistofa hefur hafist handa við að kalla eftir dagbókinni eða afriti hennar eins og kveðið er á um í leyfinu.“

> **Fréttablaðið hefur áður sagt frá því að hvalveiðifyrirtækið fór aldrei eftir reglugerð um hvalskurð.**

Því er ljóst að dagbækurnar hafa ekki verið hluti af þeim gögnum sem sjávarútvegsráðherra hefur getað aflað sér við ákvörðun sína um að veita fyrirtækinu leyfi til ársins 2023 til áframhaldandi veiða á langreyði.

Í veiðileyfinu er þess einnig getið að ef fyrirtæki brýtur gegn ákvæðum leyfisins sé hægt að svipta það leyfinu. Ljóst er að Hvalur fór ekki eftir reglum hvað þetta varðar árin 2014-2018 en fékk samt sem áður endurnýjun á leyfi sínu frá ráðherra sjávarútvegsmála.

Fréttablaðið hefur áður sagt frá því að hvalveiðifyrirtækið fór aldrei eftir reglugerð um að hvalskurður ætti að fara fram innandyra. Kristján Loftsson, eigandi Hvals hf., pantaði breytingu á reglugerðinni og fékk það fram að þessum kvöðum yrði aflétt.

**sveinn@frettabladid.is**



# SUPER 1

MJÖG GOTT - MJÖG GOTT - MJÖG GOTT - VERÐ - OPIÐ TIL 22:00 ALLA DAGA




EPLA SAFI 1,5L 223 kr.




EPLA SAFI 5 X 250ML 276 kr.




APPELSÍNU SAFI 1,5L 266 kr.




APPELSÍNU SAFI 5 X 250ML 314 kr.




HAFRA KÖKUR 275 kr.




SMÁ KÖKUR 290 kr.




KÓKOS TOPPAR 387 kr.




SÓLBERJA ÞYKKNI 130 kr.




JARÐABERJA ÞYKKNI 121 kr.




SÍTRÓNU ÞYKKNI 148 kr.




YLLIBLÓMA ÞYKKNI 130 kr.




ÍS TE 251 kr.




ÁVAXTASAFI 251 kr.




DIGESTIVE 151 kr.

DIGESTIVE heilkorna 251 kr.




RÍSKÖKUR m.súkkulaði 218 kr.




KÖKUR m.hnetum 186 kr.

OPIÐ TIL 22:00 ALLA DAGA

SUPER 1 - HALLVEIGARSTÍG 1 - FAXAFENI 14



Theresa May, forsætisráðherra Bretlands. NORDICPHOTOS/AFP

## May vill lengri frest

**BRETLAND** Theresa May, forsætisráðherra Bretlands, mun aftur biðja Evrópusambandið um að útgöngu Breta verði frestað. Þetta kom fram á BBC í gær en algjör pattstaða er á breska þinginu vegna Brexit-málsins. Samningi May við ESB hefur verið hafnað í þrígang og þingmönnum hefur tvisvar mistekist að sameinast um aðra nálgun í málinu. „Þetta er afar mikilvægt augnablik í sögu þessarar eyja og við þurfum að standa vörð saman um þjóðarhag,“ sagði May í ávarpi í Downing-stræti.

Forsætisráðherrann ætlar að auki að ráðfæra sig við Jeremy Corbyn, leiðtoga Verkamannaflokksins, til þess að ná saman um áætlun um framtíðarsamband við ESB. Hún ætlast hins vegar til þess að hinn þrífelldi útgöngusamningur verði hluti af ferlinu.

> **Þetta er afar mikilvægt augnablik í sögu þessarar eyja og við þurfum að standa vörð saman um þjóðarhag.**
>
> Theresa May, forsætisráðherra Bretlands

Bretar hafa nú frest til 12. apríl til þess að leggja áætlun um framhaldið fyrir ESB. Sambandið þarf síðan að samþykkja þá áætlun. Ef það samþykkir fæst ekki, eða engin áætlun er lögð fram, fara Bretar úr ESB án samnings á þessum sama degi. Mikill meirihluti þingmanna, sem og ríkisstjórnin, vill alls ekki að svo fari.

May fer nú fram á að Bretar fái lengri frest. Hann má þó ekki vera lengri en til 22. maí. Það er vegna þess að ef útgangan frestast svo lengi þurfa Bretar að taka þátt í kosningum til Evrópuþingsins. – þea

# Félög í eigu Sigur Rósar eiga hundruð milljóna króna

**Fá enn ríflega hundrað milljónir á ári í erlendar höfundarréttartekjur. Hljómplötu- og DVD-sala dvínar en skilar enn milljónum. Tugir milljóna króna greiddar í arð út úr félögunum frá stofnun. Ákærðir fyrir að telja ekki fram tekjur og arðgreiðslur frá félögunum og komast þannig hjá greiðslu alls 150 milljóna.**

**DÓMSMÁL** Ársreikningar þeirra einkahlutafélaga sem koma fyrir í ákærum á hendur meðlimum Sigur Rósar varpa ljósi á umfang og fjárhagslega velgengni sveitarinnar sem í gegnum tíðina hefur verið sveipuð huliðshjúp.

Í ákærum á hendur núverandi og einum fyrrverandi meðlimum Sigur Rósar eru eru talin til fjögur félög. Von Andi ehf. og Ess err ehf. hér á landi, Hopefully Touring Ltd. í Bretlandi og Von Andi Inc. líklega í Bandaríkjunum.

Þeir Jón Þór Birgisson, Georg Holm, Orri Páll Dýrason og Kjartan Sveinsson eru ákærðir fyrir skattalagabrot í tengslum við þessi félög. Fyrir að telja ekki fram á skattframtölum sínum tekjur frá félögunum og arðgreiðslur og komast þannig hjá greiðslu tekjuskatts og útsvars annars vegar og fjármagnstekjuskatts hins vegar. Líkt og Fréttablaðið hefur fjallað um nemur sú upphæð sem þeim er gefið að sök að hafa látið undir höfuð leggjast að greiða alls 150 milljónum króna. Fjórmenningarnir og einn endurskoðandi eru ákærðir í málinu sem þingfest verður í Héraðsdómi Reykjavíkur í dag.

Félagið Von Andi ehf. skilaði ársreikningi fyrir árið 2017 í september síðastliðnum. Félagið skilaði tæplega 38 milljóna króna hagnaði það ár, tekjur þess námu 110 milljónum, samanborið við 103 milljónir árið áður. Félagið á eignir upp á 270 milljónir en óráðstafað eigið fé þess nemur 277 milljónum. Fjórmenningarnir greiddu sér rúmar 112 milljónir króna í arð árið 2016 og hafa í gegnum árin, frá því félagið var stofnað árið 1999 eftir útkomu og velgengni plötunnar Ágætis byrjun, greitt tugi milljóna í arð síðan.

Ársreikningur félagsins varpar líka ljósi á hinar ýmsu tekjur og útgjöld sveitarinnar. Til dæmis tekjur af plötu- og DVD-sölu hér á landi og erlendis. Hún nam aðeins 117 þúsund krónum hér árið 2017 en rúmlega 1.100 þúsundum árið 2016. Engar slíkar tekjur voru í Bretlandi árið 2017 samanborið við rúmar 8 milljónir árið 2016.



Sigur Rós hefur notið mikillar velgengni og velta félög tengd sveitinni hundruðum milljóna á ári. NORDICPHOTOS/GETTY

> **Ákærurnar verða þingfestar í Héraðsdómi Reykjavíkur í dag. Skattalagabrotin tengjast félögunum Von Andi ehf., Ess Err ehf., Hopefully Touring Ltd. og Von Andi Inc.**

Mestar tekjur hefur félagið þó af erlendum höfundarréttargreiðslum. Þær námu ríflega 104,7 milljónum árið 2017 og tæpum 80 milljónum árið áður. Tekjur af sölu varnings erlendis, tekjur af sjónvarpi, útvarpi og öðru, námu ríflega 20 milljónum árin tvö.



Ólafur Þór Hauksson, héraðssaksóknari.

Þá má sjá að sveitin greiðir erlendum umboðsaðilum rúmlega 17 milljónir í þóknanir, rúmar fimm milljónir á ári í lögfræðiaðstoð svo fátt eitt sé nefnt.

Rekstur Ess Err ehf., sem aðeins er í eigu núverandi meðlima, Jóns Þórs, Georgs og Orra, er mun umfangsminni og hefur félagið skilað tapi síðustu tvö birt rekstrarár.

Í breska félaginu Hopefully Touring Ltd. eru hins vegar umtalsverðir fjármunir á lausu. Samkvæmt ársreikningi sem Fréttablaðið komst yfir fyrir árið 2017 á það félag um 813 þúsund pund, eða 130 milljónir í óráðstöfuðu eigin fé.

mikael@frettabladid.is


NÚ ER ÞAÐ SVART



SAMSUNG KÆLISKÁPUR
RR40M7565BC
134.990



LOGIK BRAUÐRIST
L02PTB13E
3.995



THERMEX VEGGHÁFUR
VERTICAL260BL
34.995



KITCHENAID ARTISAN 185 HRÆRIVÉL
5KSM185EBK
96.995

ELKO
GRANDI–LINDIR–SKEIFAN–ELKO.IS










# Til leigu

## Atvinnuhúsnæði fyrir umfangsmikla starfsemi.

Reitir bjóða til leigu 2.819 m² atvinnuhúsnæði við Klettagarða 6. Aðkoma við húsið er eins og best verður á kosið, bæði fyrir gesti og atvinnutæki. Um er að ræða rúmgóðan og háan sal með þremur innkeyrsluhurðum og minni sal með innkeyrsluhurð. Skrifstofurýmið var endurnýjað fyrir örfáum árum og starfsmannaaðstaða er mjög góð. Húsnæðið er laust til afhendingar.

Nánari upplýsingar veitir Halldór Jensson sölustjóri í **840 2100** eða **halldor@reitir.is.**

Reitir eru stærsta fasteignafélag landsins á sviði útleigu atvinnuhúsnæðis. Við leigjum út yfir 140 eignir af öllum stærðum og gerðum um allt land.

Kringlan 4–12 | 103 Reykjavík | www.reitir.is | 575 9000

REITIR

+PLÚS







# Mótmæltu aðbúnaði hælisleitenda

No borders-samtökin mótmæltu aðbúnaði hælisleitenda í gær og kröfðust fundar með dómsmálaráðherra. Á meðan sumir mótmæltu fyrir utan húsnæði dómsmálaráðuneytisins tóku aðrir sér stöðu inni í húsinu og sátu í hring á gólfinu. Fljótlega eftir inngöngu mættu lögreglumenn á vettvang og báru fólkið út úr anddyrinu en það hélt áfram að mótmæla fyrir utan bygginguna. Sigtryggur Ari Jóhannsson, ljósmyndari Fréttablaðsins, fylgdist með.





# Engu nær



Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is

Í dag eru níu dagar þar til aukafrestur Breta til útgöngu úr Evrópusambandinu rennur út. Þrátt fyrir það er breska ríkisstjórnin engu nær þegar kemur að því að leysa úr flækjunni.

Samningur Theresu May forsætisráðherra hefur verið felldur þrisvar. Í síðasta skiptið meira að segja þótt May hafi lofað að segja af sér yrði hann samþykktur. Þingmenn hafa líka haldið fjöldann allan af atkvæðagreiðslum um hinar og þessar útfærslur á Brexit. Engin þeirra hefur fengið meirihluta í þinginu þótt tvær þeirra, svokallað mjúkt Brexit með áframhaldandi tollabandalagi annars vegar og hins vegar önnur þjóðaratkvæðagreiðsla, hafi komist ansi nálægt.

Íhaldsflokkurinn logar stafnanna á milli og telst vart stjórntækur. Kannanir sýna að flokkurinn myndi bíða afhroð ef boðað yrði til kosninga nú. May reynir því með öllum mætti að komast hjá því að boða til nýrra þingkosninga til að freista þess að höggva á hnútinn.

Óstýriláti armur flokksins, með tækifærissinnann Boris Johnson og spjátrunginn Jacob Rees-Mogg í fararbroddi, hefur verið fylgjandi hörðu Brexit og jafnvel útgöngu án samnings. Þeir hafa reynst May afar óþægur ljár í þúfu svo að ekki sé fastar að orði kveðið.

Nú virðist sem Theresa May hafi loksins misst þolinmæðina fyrir samflokksmönnum sínum, enda með hnífasett í bakinu eftir síðustu mánuði. Í gær tilkynnti hún að til stæði að sækja um lengri frest til Evrópusambandsins, þó ekki lengur en til 22. maí en þá er kosið til Evrópuþingsins. Því næst myndi hún ganga á fund Jeremys Corbyn, leiðtoga Verkamannaflokksins, og freista þess að ná sameiginlegri lendingu.

Ljóst er að með því aukast líkurnar á mjúku Brexit, það er að segja að Bretland og Evrópusambandið muni áfram vera í nánu sambandi að útgöngu lokinni. Jafnvel ganga einungis út að nafninu til, vera áfram í tollabandalagi og með aðgang að innri markaðnum.

Brexit-liðar voru auðvitað fljótir að saka May um drottinsvik. En skömmin er þeirra. Það voru Boris Johnson og félagar sem lugu bresku þjóðina fulla í þjóðaratkvæðagreiðslunni sumarið 2016. Hátterni þeirra í kjölfarið hefur svo verið algerlega ábyrgðarlaust. Ósigur þeirra yrði alger ef þessi verður raunin. Kannski viðeigandi enda hefur draumsýn þeirra aldrei verið annað en tálsýn.

Það segir ýmislegt um þetta fáránlega sjálfskaparvíti að besta útgáfan af Brexit er sennilega sú sem breytir sem allra minnstu. Auðvitað var alltaf betur heima setið en af stað farið. Kjósendur alls staðar ættu að láta Brexit sér að kenningu verða.

Brexit leynist víða. Vörumst þá sem selja snákaolíu.

**Það segir ýmislegt um þetta fáránlega sjálfskaparvíti að besta útgáfan af Brexit er sennilega sú sem breytir sem allra minnstu.**

## Halldór







## Frá degi til dags

**Humar glaður**

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson mætti vígreifur til Frosta og Mána í Harmageddon í gærmorgun. Sjálfur talaði hann um sögulega stund enda hefði hann ekki komið í þáttinn árum saman og að eftir síðustu heimsókn hefði hann verið mjög efins um að hann kæmi nokkurn tímann aftur. Þá þótti honum þeir félagar líklega spyrja hann full ákaflega út í Kögunarviðskipti föður hans. Hvorki meira né minna en sjálfan dr. Jordan Peterson þurfti til þess að hann skipti um skoðun en hann gat þess að ánægja hans með viðtal Frosta við Peterson hefði ráðið úrslitum um endurkomuna. Kenning Petersons um að venjulegur humar geti fært fólki mikilvægar lífsreglur virðast því höfða til Sigmundar.

**Allt á hvolfi**

Áhugi Sigmundar Davíðs á kenningum dr. Petersons er um margt áhugaverður, ekki síst vegna þess að hann er í raun lifandi afsönnun humarkenningar fræðimannsins sem predikar nauðsyn þess að forðast fórnarlambshugsunina sem víða ríkir og að frumforsenda þess að ná árangri í lífinu sé að taka til í herberginu sínu. Ofsóttur af öryrkja með hljóðupptökutæki og allt í drasli er Sigmundur nefnilega á hvínandi siglingu. Flokkur hans eykur fylgið, sérstök forsætisnefnd Alþingis hefur hreinsað hann af áburði um brot á siðareglum og Sigga Kling spáir honum forsætisráðherrastólnum í náinni framtíð.

thorarinn@frettabladid.is

# Lánið er valt



Hildur Björnsdóttir
borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík

Vestræn samfélög þróast á hraða ljóssins. Fjármálaumhverfið er stöðugum breytingum háð og fjórða iðnbyltingin færir okkur áður óþekktar áskoranir. Mikilvægt er að vera meðvituð um þau flóknu viðfangsefni sem verða afleiðingar framfara – en grípa jafnframt tækifærin sem fylgja.

Vinnumarkaður framtíðar er talinn verða gjörólíkur þeim veruleika sem við þekkjum í dag. Tæknin muni skapa fjölmörg störf en samhliða leysa önnur af hólmi. Menntakerfið þurfi að búa börn betur undir gjörbreytt atvinnulíf. Úrlausn flókinna vandamála, skapandi og gagnrýnin hugsun verði meðal lykilþátta á þeirri vegferð. Þeir sem tileinki sér slíka færni verði betur í stakk búnir til að takast á við ný störf og breyttan veruleika.

Fjölmargar erlendar þjóðir hafa lagt ríka áherslu á bætt fjármálalæsi almennings. Fólk verði að geta notast við gagnrýna hugsun þegar teknar eru flóknar fjárhagslegar ákvarðanir. Árið 2012 lýsti þáverandi aðalritari Sameinuðu þjóðanna yfir eindregnum stuðningi við eflingu fjármálalæsis meðal ungs fólks. Hann taldi auðsýnt að slíkt myndi leiða til aukinnar atvinnuþátttöku og nýsköpunar. Framkvæmdastjóri OECD hefur tekið í sama streng og lýst áhyggjum af því hvernig sífellt yngra fólk kljáist nú við flóknar ákvarðanir í fjármálum.

Hlutfall ungs fólk, á aldrinum 18-29 ára, sem leitar til Umboðsmanns skuldara í greiðsluvanda vegna smálána hefur margfaldast á undanförnum árum. Auka þarf skilning ungs fólks á þeirri fjárhagslegu ábyrgð sem fylgir slíkri lántöku og efla gagnrýna hugsun við flókna ákvarðanatöku. Það er liður í fjárhagslegu heilbrigði en ekki síður undirbúningi fyrir störf framtíðar.

Ég tel rétt að grunnskólar Reykjavíkur tryggi nemendum á unglingastigi kennslu í fjármálalæsi. Þannig mætti fyrirbyggja skuldsetningu umfram greiðslugetu og móta heilbrigt viðhorf til fjármála. Árið 2021 mun Ísland í fyrsta sinn taka þátt í fjármálalæsishluta PISA könnunarinnar. Það er mikilvægt að undirbúa nemendur fyrir mælinguna, en fyrst og fremst er mikilvægt að undirbúa ungmenni undir krefjandi áskoranir fullorðinsára – því lánið er valt og lukkan hál.

**Ég tel rétt að grunnskólar Reykjavíkur tryggi nemendum á unglingastigi kennslu í fjármálalæsi.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
RITSTJÓRAR: Kjartan Hreinn Njálssson kjartanh@frettabladid.is, Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is, MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is FRÉTTABLAÐIÐ.IS: Sunna Karen Sigurþórsdóttir sunnak@frettabladid.is.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000, ritstjorn@frettabladid.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is
MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir kolbrunb@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Anton Brink anton@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Opinber framlög til sjálfstæðra listaskóla



**Áslaug Thorlacius**
skólastjóri Myndlistaskólans í Reykjavík og formaður Samtaka sjálfstæðra listaskóla

Þegar skólamál eru til umræðu er gjarnan talað um mikilvægi fjölbreytni og hlutverk skapandi greina og listnáms fyrir framtíð sem enginn veit hvað ber í skauti sér. Í því samhengi skiptir miklu að ríkið hlúi ekki eingöngu að opinberum skólum heldur jafnframt að sjálfstæðum skólum sem oft eru vettvangur sköpunar í skólastarfi.

Mánudaginn 4. mars fór á Alþingi fram stutt umræða um opinberan stuðning við einkarekna listaskóla í framhaldi af fyrirspurn Guðmundar Andra Thorssonar alþingismanns til Lilju Alfreðsdóttur menntamálaráðherra. Fyrirspurnin fjallaði um listnám á framhalds- og háskólastigi en spurt var a) hvort ráðherra þyki sanngjarnt að nemendur þessara skóla greiði margföld skólagjöld á við nemendur annarra skóla, b) hvort húsnæðiskostnaður sé tekinn inn í þjónustusamninga við listaskólana, c) hvort gert sé ráð fyrir samningsbundnum launahækkunum kennurum til handa í samningum ríkisins við þessa skóla, d) hvort hæstvirtur ráðherra hafi áform um að endurskoða þessa samninga í ljósi erfiðrar stöðu margra þessara skóla. Hægt er að hlusta á umræðurnar á vef Alþingis.

Ráðherra lýsti ýmsum breytingum sem lög um opinber fjármál höfðu í för með sér. Hún harmaði að skólar byggju við óvissu en sagði að á meðan ráðuneytið væri að fullgera nýtt fyrirkomulag við samninga væru eldri þjónustusamningar framlengdir með árlegum viðaukasamningum. Maður skyldi ætla að þegar samningur er framlengdur sé þess gætt að upphæðir fylgi verðlagi en sú er ekki alltaf raunin. Myndlistaskólinn í Reykjavík fær í grunninn greitt samkvæmt samningi sem tók gildi 1. janúar 2015. Þar er kveðið á um að framlög vegna nemenda á listnámsbraut til stúdentsprófs fylgi verðlagsbreytingum en að aðrir þættir skólastarfsins haldi óbreyttri krónutölu út samningstímann (sem reyndar er nokkurn veginn sama krónutala á nemanda og 2008). Í viðauka 2017 bættist við framlag vegna náms sem áður var fjármagnað gegnum Tækniskólann. Síðan þá hefur sú tala staðið í stað.

Um skólagjöld sagði ráðherra að nemendur einkaskóla með viðurkenningu nytu allra sömu réttinda og nemendur við opinbera skóla. Það væri ákvörðun einkaskóla hvort og hve há skólagjöld þeir legðu á nemendur. Þingmaðurinn Bryndís Haraldsdóttir setti að vonum spurningarmerki við að skólar hafi heimild til að innheimta skólagjöld að vild ofan á framlög frá ríki. Ég myndi spyrja hins sama ef ég þekkti ekki til.

Þótt allir nemendur njóti sömu réttinda (sem varða annað en fjármál) sitja einkaskólar síður en svo við sama borð og ríkisskólar og fá ekki allir full framlög með sínum nemendum, jafnvel þótt þeir hafi viðurkenningu ráðuneytisins. Með jafnrétti í huga má hins vegar velta þeirri staðreynd fyrir sér að framlög vegna 30% nemenda Myndlistaskólans hækka með verðlagi en framlög vegna 70% lækka í takt við verðbólgu.

Fram kom að ráðuneytið líti til fjölbreyttra þátta við gerð þjónustusamninga við viðurkenndan einkaskóla, s.s. hvernig námslok nýtist í áframhaldandi námi og störfum. Ég spyr mig hve vel ráðuneytið fylgist með þessum þáttum, allavega nýtur Myndlistaskólinn þess ekki í framlögum hve vel nemendum gengur að komast í

**Þótt allir nemendur njóti sömu réttinda (sem varða annað en fjármál) sitja einkaskólar síður en svo við sama borð og ríkisskólar og fá ekki allir full framlög með sínum nemendum, jafnvel þótt þeir hafi viðurkenningu ráðuneytisins. Með jafnrétti í huga má hins vegar velta þeirri staðreynd fyrir sér að framlög vegna 30% nemenda Myndlistaskólans hækka með verðlagi en framlög vegna 70% lækka í takt við verðbólgu.**

áframhaldandi nám. Yfirgnæfandi meirihluti nemenda sem sótt hafa um framhaldsnám í myndlist eða hönnun að loknu fornámi við skólann hefur fengið inngöngu í óskanám við óskaskóla. Þrátt fyrir það greiðir ráðuneytið sömu krónutölu með nemanda í fornámi í dag og fyrir 11 árum.

Ekki kom fram hvort gert sé ráð fyrir samningsbundnum launahækkunum til kennara í þjónustusamningunum en því hefði verið fljótsvarað neitandi. Myndlistaskólinn hefur allavega engar hækkanir fengið vegna launa þótt kennarar hafi fengið talsverðar kjarabætur frá árinu 2015. Ekki var heldur fjallað um húsnæðiskostnaðinn en það segir sig sjálft að sú upphæð væri hvort eð er löngu úrelt.

Er nema von að sjálfstæðir skólar innheimti skólagjöld?

# Landsréttur in memoriam?



**Haukur Logi Karlsson**
nýdoktor við lagadeild Háskólans í Reykjavík

Í máli Ingibjargar Þorsteinsdóttur héraðsdómara á ágætum fundi Lagastofnunar 20. mars sl., um niðurstöðu Mannréttindadómstóls Evrópu (MDE) í svokölluðu Landsréttarmáli, kom fram mikilvægt sjónarmið; þ.e. að viðbrögðin við umræddum dómi verði að miða að því að styrkja traust almennings á dómskerfinu. Á fundinum komu ekki fram hugmyndir um hvernig það yrði best gert.

Í máli sumra hefur komið fram að rétt sé að túlka dóminn sem þrengst og að gera sem minnst til að bregðast við honum. Það tel ég misráðið með hliðsjón af því leiðarljósi að styrkja traust almennings á dómskerfinu. Upphaflega skipunarferlið rýrði traust almennings á Landsrétti. Allt sem á eftir hefur gerst staðfestir og styrkir þá tilfinningu sem margir höfðu fyrir því hvernig málum var háttað í upphafi. Ekki var einungis um hefðbundna íslenska frænd- og vinahygli að ræða, sem í öðrum löndum kallast spilling, heldur var framkvæmdin á henni með slíku sleifarlagi að varðaði bæði við landslög og alþjóðlegar mannréttindaskuldbindingar íslenska ríkisins.

Þar sem rót vandans liggur í upphaflegu skipuninni, sem allir eru fyrir löngu hættir að mæla bót, liggur beint við hvað þarf að gera til að endurheimta það traust sem dómstóllinn þarf að njóta. Endurtaka þarf skipunina; ekki bara að nafninu til með því að staðfesta upp á nýtt orðinn hlut, heldur með því að auglýsa á ný eftir 15 hæfum dómurum, leggja faglegt mat á hæfni þeirra og skipa nýjan dóm eftir kúnstarinnar reglum.

**Þar sem rót vandans liggur í upphaflegu skipuninni, sem allir eru fyrir löngu hættir að mæla bót, liggur beint við hvað þarf að gera til að endurheimta það traust sem dómstóllinn þarf að njóta.**

Tæknilega útfærslan á þessu gæti verið með ýmsum hætti. Ein leið væri að leggja núverandi Landsrétt niður með lögum í byrjun sumars og stofna nýjan áfrýjunarrétt (með nýju nafni) sem tæki til starfa með haustinu. Þar með væri vandi Landsréttar afmarkaður í fortíðinni og nýr flekklaus dómstóll tæki við hlutverki hans til framtíðar. Þessi tilhögun gæfi einnig möguleika á setningu þarfs lagaákvæðis um sem jafnasta tölu dómara af hvoru kyni og mögulega öðrum lagfæringum á skipunarferli dómara eftir því sem þurfa þykir.

Einhverjum kann að þykja þetta róttækt, en þegar betur er að gáð þá er líklega ódýrast og skynsamlegast að nálgast núverandi Landsrétt í samræmi við hugtak hagfræðinnar um sokkinn kostnað. Lagatæknilegar reddingar geta mögulega gert Landsrétt starfhæfan á ný. Bjargað löskuðu egói nokkurra stjórnmálamanna og störfum nokkurra lögfræðinga. Slík vinnubrögð munu hins vegar kosta dómsmál og ágreining næstu árin sem viðhalda mun vantrausti á dómstólnum almenningi til tjóns. Hvernig sem á það er litið þá hefur þegar orðið tjón. Spurningin er bara hvort við skiljum með afgerandi hætti á milli þess og trúverðugleika dómskerfisins til framtíðar.




KIA
The Power to Surprise

**Fjölhæfur fjölskyldubíll með allt að 64 km rafdrægni**

Nýr Kia Optima Plug-in Hybrid er vel búinn og umhverfismildur fjölskyldubíll. Hann hefur 440 lítra farangursrými og er því afar rúmgóður, með allt að 64 km rafdrægni og yfir 1.000 km heildardrægni á eldsneyti og rafmagni. Optima PHEV er bæði fáanlegur í Sportswagon og Sedan útgáfu.

**Komdu og reynsluaktu Kia Optima PHEV. Við tökum vel á móti þér.**

Optima PHEV EX á verði frá:
**4.590.777 kr.**

ASKJA · Krókhálsi 11–13 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland

## Titillinn áfram á Hlíðarenda




Valskonur tóku við deildarmeistaratitlinum í leikslok eftir tap gegn Fram í gærkvöld. Skein gleðin úr augum Valskvenna þegar þær reistu bikarinn á loft þrátt fyrir tapið. Þetta er sjötti deildartitillinn í sögu Valsliðsins, aðeins Stjarnan (9) hefur unnið hann oftar en Valur. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

FÍR

AÐALFUNDUR 2019

Aðalfundur Félags íslenskra rafvirkja verður haldinn miðvikudaginn **10. apríl 2019, kl. 18.00**, á Stórhöfða 27, í sal Rafmenntar
**(gengið inn Grafarvogsmegin)**

**DAGSKRÁ:**
1. Venjuleg aðalfundarstörf.
2. Kosning kjörstjórnar FÍR skv. 38. grein laga félagsins.
3. Kosning þingfulltrúa á þing RSÍ.
4. Atkvæðagreiðsla um einn meðstjórnanda til eins árs.
5. Ólafur Eyjólfsson, lögfræðingur RSÍ flytur erindi um tómlæti.
6. Önnur mál.

Frá kl. 17.45 verður boðið uppá hamborgara

Kveðja, stjórnin

## Sömu einvígin annað árið í röð í kvennaflokki

**HANDBOLTI** Lokaumferð Olís-deildar kvenna fór fram í gærkvöld og þá kom í ljós hvaða lið mætast í undanúrslitunum. Deildarmeistarar Vals mæta Haukum en það er hlutskipti ÍBV að mæta ríkjandi Íslandsmeisturum Fram þetta árið. Eru þetta sömu lið og mættust fyrir ári þar sem Valur og Fram fóru áfram og léku til úrslita þar sem Fram hafði betur í fjórum leikjum þrátt fyrir að Valur væri með heimaleikjaréttinn.

Eftir óvænt tap Fram gegn Þór/KA á dögunum tókst Valskonum að tryggja sér deildarmeistaratitilinn um síðustu helgi gegn HK. Það var því lítið undir þegar Valur og Fram mættust í gær í leik sem flestir töldu að yrði hreinn úrslitaleikur um deildarmeistaratitilinn. Fram tókst að skyggja á sigurgleði Vals með sigri í gær en það var Valur sem tók við bikarnum í leikslok.

Staðan var önnur á Ásvöllum þar sem ÍBV og Haukar mættust í hreinum úrslitaleik upp á þriðja sætið. Haukar gátu með sigri skotist upp fyrir ÍBV sem dugði jafntefli til að tryggja sér þriðja sætið þetta tímabilið.

Þar reyndist Eyjaliðið sterkara og vann fimmta leikinn í röð í öllum keppnum gegn Haukaliðinu sem er án þjálfara eftir að Elías Már Halldórsson sagði upp störfum á dögunum.

Með því varð ljóst að það verði hlutskipti ÍBV að mæta Fram í undanúrslitunum þetta árið. Þar fær Hrafnhildur Skúladóttir, þjálfari ÍBV, að kljást við gamla lærifÖður sinn, Stefán Arnarsson sem stýrir liði Fram annað árið í röð.

Í leikjum liðanna á þessu tímabili vann ÍBV fyrsta leikinn en Fram vann báða leikina eftir áramót.

Í seinna einvíginu mæta Haukar til leiks án þjálfara eftir uppsögn Elíasar gegn Val.

Nýkrýndir deildar- og bikarmeistarar Vals hafa unnið alla þrjá leiki liðanna til þessa á tímabilinu. – **kpt**




### Nýjast

**Domino's-deild kvenna**
*Undanúrslit*

**Keflavík - Stjarnan 70-78**
**Keflavík:** Brittanny Dinkins 17, Sara Rún Hinriksdóttir 16, Emelía Ósk Gunnarsdóttir 16, Birna Valgerður Benónýsdóttir 9, Bryndís Guðmundsdóttir 5, Salbjörg Ragna Sævarsdóttir 3, Þóranna Kika Hodge-Carr 2, Katla Rún Garðarsdóttir 2
**Stjarnan:** Danielle Victoria Rodriguez 25/13 fráköst, Veronika Dzhikova 24, Auður Íris Ólafsdóttir 7, Bríet Sif Hinriksdóttir 7, Jóhanna Björk Sveinsdóttir 7/11 fráköst, Ragnheiður Benónísdóttir 6, Alexandra Eva Sverrisdóttir 2

*Stjarnan leiðir einvíg liðanna 1-0. Vinna þarf þrjá leiki til að komast í úrslitaeinvígið sjálft.*

**Olís-deild kvenna**

**Valur - Fram 23-27**
**Valur:** Sandra Erlingsdóttir 6, Díana Dögg Magnúsdóttir 6, Lovísa Thompson 4, Morgan Marie Þorkelsdóttir 2, Ásdís Þóra Ágústsdóttir 2, Gerður Arinbjarnar 1, Hildur Björnsdóttir 1, Ragnhildur Edda Þórðardóttir 1.
**Fram:** Ragnheiður Júlíusdóttir 9, Steinunn Björnsdóttir 6, Karen Knútsdóttir 4, Þórey Rósa Stefánsdóttir 3, Unnur Ómarsdóttir 2, Sigurbjörg Jóhannsdóttir 1, Hildur Þorgeirsdóttir 1, Lena Margrét Valdimarsdóttir 1.

**Haukar - ÍBV 26-30**
**Haukar:** Berta Rut Harðardóttir 8, Vilborg Pétursdóttir 5, Maria Ines da Silva Pereira 4, Hekla Rún Ámundadóttir 4, Karen Helga Díönudóttir 2, Ragnheiður Sveinsdóttir 1, Birta Lind Jóhannsdóttir 1, Ramune Pekarskyte 1.
**ÍBV:** Ester Óskarsdóttir 6, Sunna Jónsdóttir 5, Karólína Bæhrenz 4, Greta Kavaliuskaite 4, Kristrún Hlynsdóttir 3, Ásta Björt Júlíusdóttir 3, Arna Sif Pálsdóttir 3, Sandra Dís Sigurðardóttir 2.

**KA/Þór - Stjarnan 21-27**
**KA/Þór:** Martha Hermannsdóttir 10, Sólveig Lára Kristjánsdóttir 4, Aldís Ásta Heimisdóttir 2, Rakel Sara Elvarsdóttir 2, Ásdís Guðmundsdóttir 2, Hulda Bryndís Tryggvadóttir 1.
**Stjarnan:** Þórey Anna Ásgeirsdóttir 8, Hanna Guðrún Stefánsdóttir 4, Þórhildur Gunnarsdóttir 3, Stefanía Theodórsdóttir 3, Rakel Dögg Bragadóttir 3, Laufey Ásta Guðmundsdóttir 2, Kristín Guðmundsdóttir 2, Auður Brynja Sölvadóttir 1, Hildur Guðjónsdóttir 1.

**HK - Selfoss 24-30**
**HK:** Elva Arinbjarnar 6, Elna Ólöf Guðjónsdóttir 5, Sigríður Hauksdóttir 5, Tinna Sól Björgvinsdóttir 2, Díana Kristín Sigmarsdóttir 2, Ágústa Huld Gunnarsdóttir 2, Valgerður Ýr Þorsteinsdóttir 2.
**Selfoss:** Hrafnhildur Hanna Þrastardóttir 13, Kristrún Steinþórsdóttir 4, Perla Ruth Albertsdóttir 4, Agnes Sigurðardóttir 3, Katla María Magnúsdóttir 3, Sarah Boye Sörensen 2, Harpa Sólveig Brynjarsdóttir 1.

**Lokastaðan**

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Valur | 34 | KA/Þór | 19 |
| Fram | 33 | Stjarnan | 15 |
| ÍBV | 27 | HK | 9 |
| Haukar | 23 | Selfoss | 8 |

**Enska úrvalsdeildin**

**Watford - Fulham 4-1**
1-0 Abdoulaye Doucouré (23.), 1-1 Ryan Babel (33.), 2-1 Will Hughes (64.), 3-1 Troy Deeney (69.), 4-1 Kiko (75.).

**Wolves - Man. United 2-1**
0-1 Scott Mctominay (13.), 1-1 Diego Jota (25.), 2-1 Chris Smalling, sjálfsm. (77.),
**Rautt spjald:** Ashley Young (57.).



Ásgeiri Erni og félögum í Haukum dugar stig í Eyjum í kvöld til að tryggja sér fyrsta sætið. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Línurnar skýrast karlamegin í kvöld

**HANDBOLTI** Línurnar taka að skýrast í Olís-deild karla í kvöld þegar allir sex leikirnir í næstsíðustu umferðinni hefjast á sama tíma. Þá gæti ráðist hvaða lið verður deildarmeistari og hvaða lið fylgir Gróttu niður í Grill 66 deildina fyrir næsta haust. Á sama tíma getur ÍR eða Stjarnan stigið stórt skref í átt að úrslitakeppninni.

Haukar ferðast til Vestmannaeyja og mæta ríkjandi deildarmeisturum ÍBV. Eftir sigur Hauka á Selfossi á dögunum eru Haukar með þriggja stiga forskot á Selfoss í öðru sæti og með innbyrðis viðureignina á Selfyssinga. Hafnfirðingum dugar því jafntefli í kvöld til þess að tryggja sér deildarmeistaratitilinn í tólfta sinn. Ekkert lið kemst nálægt Haukum þegar kemur að deildarmeistaratitlinum en Afturelding, KA og Valur koma næst með þrjá deildarmeistaratitla hvort.

Það þýðir ekki að ÍBV muni ekki veita Haukum harða samkeppni enda byr í seglum Eyjamanna þessa dagana. Eftir brösugt gengi framan af móti þar sem ÍBV var að daðra við fallbaráttuna hefur ÍBV sýnt sitt rétta andlit undanfarnar vikur og er farið að hóta því að stela heimaleikjarétti í úrslitakeppninni eftir fimm sigurleiki í röð. Frá því að Haukar unnu sex marka sigur á ÍBV í lok nóvember hafa Eyjamenn fengið sautján stig af tuttugu mögulegum og aðeins tapað einum leik.

**Hauka vantar aðeins eitt stig til að vinna tólfta deildarmeistaratitilinn í karlaflokki. Ekkert annað lið hefur unnið titilinn oftar en þrisvar.**

Á sama tíma getur Akureyri hleypt spennu í baráttuna um að halda sæti í deildinni með sigri á FH. Akureyringar undir stjórn Geirs Sveinssonar hafa unnið tvo af síðustu þremur leikjum sínum og mæta FH í Kaplakrika í kvöld eftir þrjá tapleiki í síðustu fjórum umferðum hjá FH.

Akureyringar eru enn í fallsæti þegar tvær umferðir eru eftir og geta fallið í þessari umferð með tapi fyrir FH ef Fram vinnur Aftureldingu. Því munu Akureyringar eflaust fylgjast spenntir með úrslitunum í Mosfellsbænum á meðan leikurinn gegn FH stendur yfir.

Þá mætast ÍR og Stjarnan í Austurberginu í leik sem gæti skipt sköpum í baráttunni um sæti í úrslitakeppninni. Sigurvegari leiksins svo gott sem tryggir þátttökurétt sinn í úrslitakeppninni en það lið sem lýtur í gras þarf að berjast við KA um áttunda og síðasta sætið sem veitir þátttökurétt í úrslitakeppninni.

Á sama tíma mætir KA öflugu liði Vals í Origo-höllinni og nýfallnir Seltirningar ferðast til Selfoss þar sem heimamenn mega ekki við því að tapa stigum í baráttunni um heimaleikjarétt í úrslitakeppninni sem hefst 20. apríl næstkomandi eftir landsleikjahlé. – **kpt**


## Aðalfundur Farfugla

Aðalfundur Bandalags íslenskra Farfugla verður haldinn mánudaginn 8. apríl n.k. kl. 19.00 í Farfuglaheimilinu í Laugardal, Sundlaugavegi 34.

Venjuleg aðalfundarstörf og lagabreytingar

Stjórnin.



ftr. FÉLAG TÆKNIFÓLKS Í RAFIÐNAÐI

## AÐALFUNDUR 2019

Aðalfundur FTR verður haldinn miðvikudaginn **10. apríl 2019, kl 17.00,** á Stórhöfða 31, 1. hæð (Gengið inn Grafarvogsmeginn)

DAGSKRÁ:
1. Skýrsla stjórnar
2. Samþykkt reikninga
3. Sameining FSK við FTR
4. Sameining kjaradeildar FK við FTR
5. Lagabreytingar
6. Kosningar
7. Önnur mál

Reykjavík 27. mars 2019

Kveðja, stjórnin




Fulham-menn þungir á brún á Vicarage Road í gær. NORDICPHOTOS/GETTY

# Watford sendi Fulham niður með Huddersfield

**FÓTBOLTI** Enska félaginu Fulham tókst ekki fresta hinu óumflýjanlega þegar það féll úr ensku úrvalsdeildinni í gær. Það er því ljóst að Fulham og Huddersfield leika í Championship-deildinni á næsta tímabili og óljóst hver fylgir þeim niður.

Fyrir leik var það ljóst að tap myndi senda Fulham niður í næstefstu deild á nýjan leik eftir stutt stopp í efstu deild. Jafntefli myndi aðeins fresta því óumflýjanlega því munurinn væri fimmtán stig þegar Fulham ætti fimm leiki eftir.

Það var ekkert vanmat hjá Watford í gær sem tefldi fram sterku liði þrátt fyrir að leika í undanúrslitum enska bikarsins um helgina.

Abdoulaye Doucouré kom heimamönnum yfir en Ryan Babel sem hefur verið einn af fáum ljósum punktum Fulham undanfarnar vikur jafnaði metin fyrir lok fyrri hálfleiks.

Í seinni hálfleik var það varnarleikur Fulham, líkt og oft áður á þessu tímabili sem varð liðinu að falli og gerði út um vonir þess. Þrjú mörk í seinni hálfleik réðu örlögum Fulham þetta árið og sendu liðið niður í Championship-deildina á ný. – **kpt**


## Finndu draumaeignina á Spáni fyrir aðeins 30.000* kr. á mann.



Ferðin felur í sér:
- Persónulegan eignalista samkvæmt fyrirfram ákveðnu verðbaki.
- Flug fram og tilbaka frá Keflavík til Alicante.
- Akstur milli flugvallar og hótels.
- Gistingu á 4* hóteli í 3 nætur.
- Morgunverð og hádegisverð meðan á skoðun stendur.
- Kynningu á ólíkum svæðum.
- Við komum á fundi með enskumælandi lögmanni og bankafulltrúa komi til kaupa.
- Við komum þér í samband við leigumiðlun, óskirðu þess.
- Eftirsöluteymið okkar kemur til með að aðstoða þig við húsgagnakaup og annað sem tengist eigninni þinni.

(*) Ákveðin skilyrði eru sett. Biddu okkur um nánari upplýsingar.

medland

www.medlandspann.is
+354 800 4149



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Guðmunda Sigurborg Einarsdóttir**
(Munda)
áður til heimilis að Háukinn 3, Hafnarfirði,

andaðist á hjúkrunarheimilinu Hrafnistu í Hafnarfirði. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 5. apríl kl. 11.00.

**Sigmar K.S. Sigurbjörnsson** — **Helga Hansdóttir**
**Einar Magnús Sigurbjörnsson** — **Ráðhildur Sigurðardóttir**
**Björn F.I. Sigurbjörnsson**
**Sigríður G. Sigurbjörnsdóttir** — **Ólafur Guðjónsson**
**Sigurbjörn A. Sigurbjörnsson** — **Helga Óskarsdóttir**
**Kristjana Sigurbjörnsdóttir** — **Þorvarður Jónsson**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Hanna Karitas Bárðardóttir**
Víðigrund 47, Kópavogi,

lést á Landspítalanum föstudaginn 29. mars. Útför hennar fer fram frá Kópavogskirkju föstudaginn 5. apríl kl. 13.00.

**Ingvar Ingólfsson**
**börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Elskulegur faðir minn, tengdafaðir, afi og langafi,

**Rögnvaldur Þorkelsson**
byggingaverkfræðingur,
Eikjuvogi 23,

andaðist á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ föstudaginn 29. mars. Útförin fer fram frá Seljakirkju þriðjudaginn 9. apríl kl. 13.

**Jón Þorkell Rögnvaldsson** — **Ragnheiður Brynjólfsdóttir**
**og afabörnin.**



✝

Ástkær móðir okkar, amma, langamma, langalangamma og systir,

**Fjóla Unnur Halldórsdóttir**
frá Ytri-Tungu í Staðasveit,

lést í faðmi fjölskyldunnar þann 16. mars á hjúkrunarheimilinu Hömrum í Mosfellsbæ. Útförin verður frá Fossvogskirkju föstudaginn 5. apríl kl. 15. Fjölskyldan þakkar starfsfólki hjúkrunarheimilisins Hamra innilega fyrir hlýja og góða umönnun.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Lára Halla Snæfells og**
**Ragnar Snæfells**



✝

Okkar ástkæri

**Einar M. Nikulásson**
Ásenda 3,

lést á heimili sínu þann 31. mars 2019. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju mánudaginn 8. apríl kl. 13. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á að láta Líknardeild LSH í Kópavogi njóta þess.

**Herdís Jóhannsdóttir**
**Á. Nikulás Einarsson** — **Olivia Einarsson**
**Daníel Már Einarsson** — **Sædís Jónasdóttir**
**Atli Jóhann Einarsson**
**Nikulás Sveinsson**
**Sveinn Arnar Nikulásson**
**og fjölskyldur.**

**Viltu birta minningargrein á frettabladid.is?**
Minningargreinar skal senda á timamot@frettabladid.is.
Birting er endurgjaldslaus og opin öllum á frettabladid.is/timamot

# Listsköpun í Kakalaskála

**Að Kringlumýri í Skagafirði vinna fjórtán listamenn frá níu löndum að því að formgera sögu Þórðar kakala, hver á sinn hátt. Einn þeirra er Jón Adolf Steinólfsson.**

Við erum hér á slóðum Sturlunga og listaverkin að verða til í skálanum sem sýningin verður í,“ segir Jón Adolf Steinólfsson myndlistarmaður, staddur á Kringlumýri í Blönduhlíð í Skagafirði þar sem hjónin Sigurður Hansen og María Guðmundsdóttir opnuðu Kakalaskála árið 2012. Jón Adolf er einn af fjórtán listamönnum frá níu þjóðlöndum sem hver og einn gerir tvö verk og undirbýr þannig sögusýningu sem verður opnuð gestum í vor. Að sögn hans eru verkin tengd Haugsnesbardaga sem háður var í grenndinni árið 1246 og Sigurður Hansen hefur túlkað með útilistaverki úr stórgrýti.

„Verkin sem nú er verið að gera snúast um aðdraganda og afleiðingar bardagans. Svo sem þegar Þórður kakali kemur heim að loknum Flóabardaga 1244 þar sem faðir hans og bróðir voru vegnir,“ lýsir Jón Adolf. „Allir listamennirnir hafa kynnt sér söguna og skipt með sér verkum, en hafa frjálsar hendur um að túlka hana á sinn hátt, hvort sem er í skúlptúrum úr tré eða málmi, útskurði eða málverki. Allt verður sýnilegt og gestir munu ganga á milli verkanna með hljóðleiðsögn í eyrunum, þar sem sagan verður sögð. Þetta verður magnað og bætir enn á áhrif verksins hans Sigurðar hér á áreyrunum.“

Jón Adolf segir listamennina á heimsmælikvarða. „Ég þekki þá marga því ég er búinn að vinna í myndhöggi í Kína, Nepal, Tyrklandi og víðar. Við Sigurður Hansen þekkjumst, ég gerði róðukross fyrir Sturlungafélagið fyrir nokkrum árum sem er hér skammt frá. Sigurður fékk mig með sér í þetta verkefni. Þetta er meiriháttar framtak hjá honum, hann hefur verið með sögustundir hér í skálanum undanfarin ár, enda hverfur maður aftur í aldir í huganum og sér atburðina fyrir sér þegar hann segir frá.




**Unnið með rótarhnyðju. Jón Adolf leggur á ráðin og Sigurður Hansen fylgist með.**

Hjónin eru stórhuga, fjármagna þetta að mestu sjálf, borga undir listamennina að utan, hýsa þá og gefa þeim að borða. Þau eru hugsjónafólk.“

Sjálfur er Jón Adolf með verk í vinnslu í Kakalaskála. „Ég vinn oft í grjót en nú sker ég út í tré stóra lágmynd af bardaganum og landslaginu á bak við. Ég er ekki eins langt kominn og ég hefði viljað, enda telst ég listrænn stjórnandi og sé um að allir hafi það sem þeir þurfa. Það er minna mál fyrir mig að klára mitt þegar hinir eru farnir, ef ég á eitthvað eftir. Við erum búin að vera að í eina viku og ætlum að ljúka verkinu 15. apríl.“ **gun@frettabladid.is**



**Hér er eitt listaverkið á leið á strigann.**

**Fróðleiksmoli**

Í Haugsnesbardaga 1246 laust Ásbirningum og Sturlungum saman. Foringjar liðanna voru Brandur Kolbeinsson af Ásbirningaætt og Þórður Sighvatsson kakali af Sturlungaætt.



✝

Elskulegur faðir minn,

**Steinþór Bjarki Stefánsson**

lést á Dalbæ Dalvík 20. mars. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Sérstakar þakkir til starfsfólks á Dalbæ fyrir hlýja og góða umönnun.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Pétur Friðrik Steinþórsson**



✝

Ástkær móðir mín og tengdamóðir,

**Freygerður Erla Svavarsdóttir**
Lækjasmára 8,

lést á hjúkrunarheimilinu Grund sunnudaginn 24. mars. Útför hennar fer fram frá Digraneskirkju fimmtudaginn 4. apríl klukkan 13.00.

**Snorri Markússon** — **Khan Markússon**



✝

Elskulegur sonur okkar, bróðir, mágur, frændi, barnabarn og vinur,

**Einar Eðvarð Steinþórsson**
Skógarási 15, Reykjavík,

lést 30. mars. Útförin fer fram frá Árbæjarkirkju þriðjudaginn 9. apríl kl. 15.

**Steinþór V. Tómasson** — **Ýlfa Proppé Einarsdóttir**
**Sigríður Edda Steinþórsdóttir** — **Hákon Barðason**
**Glódís Ýlfa Hákonardóttir**
**Edda Proppé Þórðardóttir**
**Sigríður Steinþórsdóttir**
**Bruno**



✝

Kær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Berglind Magnúsdóttir**

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi 25. mars sl. Útför hennar fer fram frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 4. apríl klukkan 13.00.

**Heimir Baldursson**
**Sigríður Hafdís Baldursdóttir** — **Hlynur Hringsson**
**Bára Baldursdóttir**
**Huldís, Viggó, Eva og Ingvar Emil**

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 3. mars 2019 13. tölublað | 13. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL







# Vanfjármagnað frá upphafi

Um helmingur af andvirði skuldabréfaútgáfu WOW air fékkst með því að kröfuhafar breyttu hluta krafna sinna í skuldabréf. Fulltrúi skuldabréfaeigenda óskar eftir upplýsingum. Runnu út á tíma í viðræðum við fjárfesta. Verðlækkanir Norwegian höfðu áhrif. » 6, 7

**10**

milljónir evra var fjárfesting sjóða Eaton í útboði WOW.



FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



»2

## Vilja nýta kauprétt að 54 prósenta hlut í HS Orku

Félag í eigu fjórtán lífeyrissjóða vill nýta sér kauprétt og ganga inn í 37 milljarða króna viðskipti með 54 prósenta hlut í HS Orku. Kaupin verði gerð í samstarfi við breska félagið Ancala Partners.

»4

## Sjóðir Eaton Vance seldu fyrir um þrjá milljarða

Sjóðir Eaton hafa frá því í nóvember selt í skráðum félögum fyrir nærri þrjá milljarða en keypt á sama tíma í Arion banka og Eimskip fyrir um milljarð. Fjárfesting þeirra í ríkisskuldabréfum hefur aukist.

»10

## Ferskir erlendir vindar

„Spyrja má af hverju hinn erlendi fjárfestir hafði svo rétt fyrir sér á sama tíma og flestir greinendur og líklega mikill meirihluti fjárfesta (lesið út frá verðlagningu markaða) var mun svartsýnni?“ segir Agnar Tómas Möller, framkvæmdastjóri sjóða hjá GAMMA, í aðsendri grein.




# Guðbjörg bætir enn við eignarhlut sinn í TM

ÍV fjárfestingafélag, sem er í eigu Guðbjargar Matthíasdóttur og fjölskyldu, aðaleigenda Ísfélagsins í Vestmannaeyjum, gekk nýverið frá kaupum á níu milljónum hluta, um 1,33 prósenta eignarhlut, í TM. Með kaupunum komst félagið í hóp tuttugu stærstu hluthafa tryggingafélagsins.

Fyrir átti annað félag í eigu fjölskyldunnar, Kristinn, um 1,14 prósenta hlut í TM en eins og greint hefur verið frá í Markaðinum hefur fjölskyldan aukið umtalsvert við eignarhlut sinn í félaginu að undanförnu.

Þá eiga félög Guðbjargar, eins og áður hefur komið fram, hlut í tryggingafélaginu í gegnum framvirka samninga hjá Íslandsbanka. Ekki fást staðfestar upplýsingar um hversu stóran hlut félögin fara með í TM í gegnum slíka samninga en samanlagður hlutur Guðbjargar í tryggingafélaginu er nú kominn vel yfir fimm prósent, að sögn þeirra sem þekkja vel til.

Eitt félaga Guðbjargar, Kristinn, hóf að fjárfesta í tryggingafélaginu á árinu 2016 og nam eignarhlutur félagsins 0,7 prósentum í lok árs 2017.

Guðbjörg þekkir vel til TM en hún var aðaleigandi tryggingafélagsins á árunum fyrir fall fjármálakerfisins og samhliða því sat hún í stjórn félagsins. Hún seldi hins vegar eignarhlut sinn í TM að stærstum hluta haustið 2007 til Glitnis.

Hlutabréfaverð TM hefur hækkað um liðlega 21 prósent það sem af er árinu og miðað við núverandi gengi bréfa félagsins, sem er um 31 króna á hlut, nemur markaðsvirði þess um 21 milljarði króna. **– hae, kij**



**Guðbjörg Matthíasdóttir útgerðarkona.**

# Jónas og Sigurbjörn fjárfesta í Central Pay

Fjárfestahópur undir forystu Jónasar Hagan Guðmundssonar, eins eiganda fjárfestingafélagsins Vörðu Capital, og Sigurbjörns Þorkelssonar, stjórnarformanns Fossa markaða, hefur fjárfest í greiðsluþjónustu sem þjónustar íslensk fyrirtæki sem selja til kínverskra ferðamanna.

Greiðsluþjónustan Central Pay býður íslenskum fyrirtækjum greiðslulausnir fyrir Alipay og WeChat Pay á Íslandi en um er að ræða tvær af stærstu stafrænu greiðslulausnum á kínverskum markaði. Einnig aðstoðar það fyrirtæki við markaðssetningu í Kína. Fjárfestahópurinn skoðar nú tækifæri til frekari útvíkkunar á starfseminni, meðal annars út fyrir landsteinana.

Samkvæmt heimildum Markaðarins kom fjárfestahópurinn inn í félagið í nóvember 2018 með hlutafjáraukningu upp á um 90 milljónir króna og eignaðist rúmlega 60 prósenta hlut. Um það leyti tók Sigurður Nordal, fyrrverandi ritstjóri ViðskiptaMoggans, við sem starfandi stjórnarformaður félagsins og Stefán Þór Stefánsson var ráðinn framkvæmdastjóri en hann hefur stjórnendareynslu í hugbúnaðargerð afgreiðslukerfa hjá Centara og LS Retail. Annar stofnandi Central Pay var keyptur út í mars og liggur nú eignarhlutur fjárfestahópsins á bilinu 70 til 80 prósent.



**Sigurbjörn Þorkelsson.**

Jónas Hagan er sem áður segir á meðal eiganda Varða Capital. Félagið kemur meðal annars að fjármögnun lúxushótelsins við Hörpu, er aðaleigandi Nespresso á Íslandi og hluthafi í Kortaþjónustunni. Sigurbjörn Þorkelsson er einn af aðaleigendum Fossa markaða í gegnum félagið Fossar Markets Holding. **– tfh**

MARKAÐURINN

**ÚTGÁFUFÉLAG Torg.**, Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000

Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **550 5051**

Ritstjóri **Hörður Ægisson** **hordur@frettabladid.is**

Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**

Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@frettabladid.is** Veffang frettabladid.is



HS Orka, sem á og rekur orkuver í Svartsengi og á Reykjanesi, er með heildareignir upp á um 48 milljarða.

# Vilja nýta kauprétt á meirihluta í HS Orku

**Félag í eigu fjórtán lífeyrissjóða vill nýta sér kauprétt og ganga inn í 37 milljarða króna viðskipti á 54 prósenta hlut í HS Orku. Kaupin verði gerð í samstarfi við breskan sjóð og báðir aðilar fari þá með rúmlega 43 prósenta hlut.**

Samlagshlutafélagið Jarðvarmi, sem er í eigu fjórtán lífeyrissjóða, áformar að nýta sér kauprétt sem félagið hefur og ganga inn í viðskipti um kaup á 54 prósenta hlut í HS Orku fyrir um 37 milljarða. Kaup lífeyrissjóðanna, sem eiga fyrir rúmlega þriðjungshlut í orkufyrirtækinu, verða þá gerð í samfloti með breska fjárfestingarfyrirtækinu Ancala Partners, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Greint var frá því í síðustu viku að sjóður í stýringu ástralska fjárfestingarbankans Macquarie, sem fjárfestir í endurnýjanlegum orkugjöfum og innviðum, hefði náð samkomulagi við Innergex um kaup á 54 prósenta hlut kanadíska orkufyrirtækisins í HS Orku fyrir 304,8 milljónir dala. Samkvæmt hluthafasamkomulagi HS Orku, sem er meðal annars eigandi að 30 prósenta hlut í Bláa lóninu, stendur Jarðvarma hins vegar til boða að nýta sér kauprétt sinn og ganga inn í viðskiptin.

Boðað hefur verið til hluthafafundar hjá Jarðvarma þriðjudaginn 9. apríl næstkomandi. Þar munu hluthafar greiða atkvæði um þá tillögu stjórnar Jarðvarma að félagið nýti kaupréttinn og kaupi meirihluta í HS Orku í samstarfi með Ancala Partners.

**31**

**milljón dala er áætluð EBITDA HS Orku á þessu ári**

Samkvæmt heimildum Markaðarins gerir tillaga stjórnar Jarðvarma, en Arctica Finance hefur verið félaginu til ráðgjafar, ráð fyrir því að lífeyrissjóðirnir bæti við sig um tíu prósenta hlut í orkufyrirtækinu en að afgangurinn – um 43 prósenta hlutur – verði hins vegar keyptur af Ancala Partners. Eignarhlutur Jarðvarma og Ancala, samþykki hluthafar tillögu stjórnar Jarðvarma, verði því jafn stór eftir viðskiptin þannig að hvor aðili um sig fari með rúmlega 43 prósenta hlut í HS Orku. Miðað við kaupverðið er markaðsvirði Bláa lónsins um 70 milljarðar.

Ancala Partners sérhæfir sig í innviðafjárfestingum í Evrópu og er meðal annars með mikið af fjármunum í stýringu frá breskum lífeyrissjóðum. Að mati forsvarsmanna Jarðvarma eru stjórnendur Ancala taldir heppilegir samstarfsaðilar og deila sömu langtímasýn og lífeyrissjóðirnir hafi á HS Orku.

Formlegt söluferli á eignarhlut Innergex í HS Orku hófst um miðjan október í fyrra. HS Orka er þriðji stærsti raforkuframleiðandi landsins og jafnframt eina orkufyrirtækið á Íslandi sem er í eigu einkafjárfesta.

Þrír fjárfestar skiluðu inn skuldbindandi tilboði í hlut Innergex, eins og upplýst var um í Markaðinum í liðnum mánuði. Auk Ancala Partners, sem setti fram tilboð í samstarfi með Jarðvarma, og sjóðs í stýringu Macquarie, gerði íslenska félagið Arctic Green Energy, sem er meðal annars í eigu kínverskra fjárfestingarfélaga, einnig tilboð.

Í fjárfestakynningu vegna söluferlisins, sem ber heitið Project Thor, kemur fram að áætlaður hagnaður HS Orku fyrir fjármagnsliði, afskriftir og skatta (EBITDA) á árinu 2019 sé 31 milljón dala. Gert er ráð fyrir að EBITDA félagsins muni tvöfaldast og verða um 60 milljónir dala 2023.

Aðrir hluthafar í HS Orku en Jarðvarmi og Innergex er fagfjárfestasjóðurinn ORK með 12,7 prósenta hlut. Svissneska félagið DC Renewable Energy, sem er í eigu Bretans Edmunds Truell sem hefur lengi unnið að því að koma á sæstreng á milli Íslands og Bretlands, gekk frá samkomulagi um kaup á hlut ORK í byrjun október á liðnu ári. Þau eru ekki endanlega frágengin þar sem Truell hefur ekki greitt fyrir hlutinn að fullu. **hordur@frettabladid.is**






brimborg

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfði 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

volvocars.is

# Kaupþing að selja um tíu prósenta hlut í Arion

Kaupþing, stærsti hluthafi Arion banka með um þriðjungshlut, hefur ákveðið að selja að lágmarki um tíu prósenta hlut í bankanum. Miðað við núverandi hlutabréfaverð Arion banka er sá hlutur metinn á rúmlega 15 milljarða króna.

Söluferlið hófst eftir lokun markaða í gær með svonefndu tilboðsfyrirkomulagi (e. accelerated bookbuild offering) þar sem hluthafar, samtals 200 milljónir að nafnverði, voru boðnir fjárfestum til sölu í gegnum fjárfestingarbanka og verðbréfafyrirtæki á verði sem er nálægt því sem bréfin eru að ganga kaupum og sölum á á markaði.

Samkvæmt heimildum Markaðarins var pantanabókin orðin full fljótlega eftir að söluferlið hófst formlega eftir lokun markaða í gær. Kaupþing heldur því opnu að selja allt að 15 prósenta hlut en það mun hins vegar ráðast af verði og eftirspurn fjárfesta. Gert er ráð fyrir að tilkynnt verði um niðurstöðu útboðsins fyrir opnun markaða í dag, miðvikudag.

Bandaríski fjárfestingarbankinn Citi, sænska verðbréfafyrirtækið Carnegie og Fossar markaðir eru ráðgjafar Kaupþings við söluna.

**154**

**milljarðar er markaðsvirði Arion banka í dag.**

Auk Kaupþings eru stærstu hluthafar Arion banka vogunarsjóðirnir Taconic Capital, sem er skilgreindur sem tengdur aðili við Kaupþing, með 9,99 prósenta hlut, Attestor Capital, sem á 7,15 prósenta hlut, og Och-Ziff Capital með tæplega 6,6 prósenta hlut. Sjóðirnir þrír, ásamt fjárfestingarbankanum Goldman Sachs, komu fyrst inn í hluthafahóp bankans þegar þeir keyptu um 30 prósenta hlut af Kaupþingi vorið 2017.

Hlutabréfaverð Arion banka, sem stendur nú í 76,7 krónum á hlut, hefur hækkað um tæplega níu prósent frá áramótum. Bankinn var skráður á hlutabréfamarkað á Íslandi og í Svíþjóð í júní í fyrra. **– hae**











Fjárfestingar sjóða Eaton Vance hér á landi námu samanlagt um 63 milljörðum króna í lok janúar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Sjóðir Eaton Vance seldu fyrir nærri þrjá milljarða

**Sjóðir Eaton Vance hafa undanfarna fimm mánuði selt í skráðum félögum fyrir nærri þrjá milljarða króna en keypt á sama tíma í Arion banka og Eimskip fyrir um milljarð króna. Staða þeirra í ríkisskuldabréfum hefur aukist.**

Fjárfestingarsjóðir á vegum bandaríska sjóðastýringarfyrirtækisins Eaton Vance Management, sem hófu fyrst að kaupa í íslenskum hlutabréfum síðla árs 2015, hafa frá því í byrjun nóvember í fyrra selt í fjölmörgum skráðum félögum fyrir samtals um nærri þrjá milljarða króna, ef miðað er við núverandi gengi hlutabréfa félaganna. Sjóðirnir hafa einkum minnkað við sig í fasteignafélögunum Regin og Reitum og smásölurisanum Festi.

Þetta má lesa út úr yfirliti yfir fjárfestingar sjóða Eaton Vance, sem var nýlega birt á vef bandaríska verðbréfaeftirlitsins, og listum yfir tuttugu stærstu hluthafa í skráðum innlendum félögum.

Á sama tíma – frá því í byrjun nóvember síðastliðins – hafa sjóðir í stýringu Eaton Vance keypt í Arion banka og Eimskip fyrir samanlagt um einn milljarð króna.

Auk þess hafa sjóðirnir bætt við sig í ríkisskuldabréfum á tímabilinu en leiða má að því líkur að þar sé um að ræða fjármuni sem hafa nýverið losnað af sérstökum fjárstreymisreikningum hjá Seðlabanka Íslands.

Fjárfestingar sjóða Eaton Vance, sem hefur undanfarin ár verið umsvifamesti erlendi fjárfestirinn hér á landi, í ríkisskuldabréfum, lánum og hlutafé íslenskra félaga námu samanlagt um 522 milljónum dala, jafnvirði liðlega 63 milljarða króna, í lok janúarmánaðar.

Fimm sjóðir í stýringu Eaton Vance áttu þá samtals rúmlega 32 milljarða króna í óverðtryggðum ríkisskuldabréfum og 22 milljarða króna í íslenskum hlutabréfum. Að auki hafa sjóðirnir lánað Almenna leigufélaginu, Heimavöllum og WOW air samanlagt yfir átta milljarða króna. Fullvíst má telja að fjárfesting sjóðanna í íslenska lággjaldaflugfélaginu – en sjóðirnir keyptu fyrir um tíu milljónir evra í skuldabréfaútboði félagsins síðasta haust – sé að öllu leyti töpuð.

### Fjárfesting sjóða Eaton Vance á Íslandi

Í milljörðum króna

| | |
|---|---|
| Hlutabréf | - 22,5 |
| Ríkisskuldabréf | - 32,5 |
| Lán | - 8,3 |



**Patrick Campbell, sjóðsstjóri hjá Eaton Vance.**

Það eru einkum tveir sjóðir Eaton Vance – Global Macro Absolute Return Advantage og Global Macro Portfolio – sem hafa látið hvað mest til sín taka eftir að sjóðastýringarfyrirtækið hóf innreið sína á hérlendan hlutabréfamarkað fyrir rúmum þremur árum en sjóðirnir hafa báðir verið áberandi á listum yfir stærstu hluthafa skráðra félaga. Sjóðsstjórinn Patrick Campbell hefur haft yfirumsjón með fjárfestingum bandaríska fyrirtækisins hér á landi.

Samkvæmt samantekt Markaðarins hafa fjárfestingarsjóðir Eaton Vance selt fyrir liðlega 1,2 milljarða króna í Regin og Reitum frá því í byrjun nóvember, miðað við núverandi gengi hlutabréfa í fasteignafélögunum, en á sama tíma hafa sjóðirnir minnkað við sig í Festi fyrir um 510 milljónir króna og í tryggingafélögunum þremur – Sjóvá, TM og VÍS – fyrir samanlagt um 440 milljónir króna.

Á móti hafa sjóðirnir bætt við hlut sinn í Arion banka fyrir hátt í 780 milljónir króna á undanförnum fimm mánuðum – en þeir fara með 3,35 prósenta hlut í bankanum samkvæmt nýjasta hluthafalista hans – og þá hafa þeir á sama tíma keypt í Eimskip fyrir um 270 milljónir króna.

**Ekkert innflæði í skuldabréf**

Ekkert innflæði erlends gjaldeyris var til nýfjárfestingar á ríkisskuldabréfamarkaði frá nóvember í fyrra til febrúar síðastliðins, samkvæmt tölum frá Seðlabankanum sem birtust í nýlegum hagvísum bankans. Á sama tíma nam fjármagnsinnflæði vegna fjárfestinga erlendra fjárfesta í hlutabréfum 8,8 milljörðum króna en sennilegt er að innflæðið hafi að mestu farið í hlutabréf í Marel.

Nýtt innstreymi erlends gjaldeyris til nýfjárfestingar í ríkisskuldabréfum dróst töluvert saman í fyrra miðað við árið á undan. Það nam um 4,3 milljörðum króna á síðasta ári en þar af var 2,7 milljörðum króna ráðstafað til kaupa á ríkisbréfum en 1,7 milljarðar króna fóru í sérstaka bindingu í samræmi við reglur Seðlabankans.

Innstreymi fjár í skráð hlutabréf, sem féllu ekki undir hina sérstöku bindiskyldu bankans, minnkaði einnig á milli ára og nam um 18,5 milljörðum króna á síðasta ári. Þá tók útflæði einnig að aukast þegar leið á árið og á síðasta fjórðungi ársins mældist í fyrsta sinn hreint útflæði vegna nýfjárfestingar.

Áðurnefnd bindiskylda, sem fól í sér að ákveðið hlutfall af innflæði vegna fjárfestinga í skráðum skuldabréfum og innlánum þurfti að binda í eitt ár á núll prósent vöxtum, var sem kunnugt er lækkuð í núll prósent í byrjun síðasta mánaðar. Bindingarhlutfallið var lengst af 40 prósent.

**hordur@frettabladid.is**
**kristinningi@frettabladid.is**

# Tækifæri til að skipta Sýn upp og taka af hlutabréfamarkaði

Greinendur Capacent velta upp þeim möguleika hvort tækifæri felist í því að skipta rekstri Sýnar upp og taka af hlutabréfamarkaði. Bent er á í greiningu, sem Markaðurinn hefur undir höndum, að rekstrarerfiðleikar fyrirtækisins komi fram í hlutabréfaverði Sýnar sem sé um þriðjungi lægra en það var fyrir sameiningu Vodafone og 365 miðla. Gengið hefur enn fremur lækkað um 60 prósent á tólf mánuðum.

„Markaðsvirði Sýnar er nú 9,1 milljarður króna og er um fjórum milljörðum króna lægra en fyrir sameiningu. Frjálst sjóðsstreymi Fjarskipta var að meðaltali 1.300 milljónir fyrir sameiningu við 365 miðla. Fjarskipti væru innan við sjö ár að greiða fyrir markaðsvirði Sýnar ef gert er ráð fyrir að ekkert fáist fyrir 365 miðla. Verð 365 miðla var um 3,2 milljarðar króna við sameininguna,“ segir í greiningu Capacent sem ber yfirskriftina: Eina leiðin er upp.

Capacent lækkar verðmatsgengi sitt á Sýn úr 65,6 krónum á hlut í 51,4 krónur. Lækkunin er 28 prósent. Verðmatið er engu að síður 70 prósentum hærra en markaðsgengi félagsins í gær.

„Jafnvel þó að 365 miðlar leggi ekkert til rekstrar Sýnar þarf mikla svartsýni til að fá verðmatsgengi sem er lægra en 40,“ segir í greiningunni.

Rekstraráætlun Sýnar ráðgerir að EBITDA-hagnaður í ár verði 3,2 til 3,7 milljarðar króna. „Við fyrstu sýn virðast neðri mörk rekstrarspár ansi dökk en spáin er unnin á nafngrunni,“ segir í greiningunni. Rætist neðri spáin verður um 4 prósenta raunsamdrátt að ræða. Capacent reiknar með að EBITDA-hagnaður ársins verði meðaltal rekstrarspárinnar.

Samkvæmt samrunaáætlun Sýnar er gert ráð fyrir að samlegð Vodafone og 365 miðla verði 1,1 milljarður króna og EBITDA verði fimm milljarðar á næsta ári. Capacent telur að EBITDA Sýnar nái ekki fimm milljörðum á spátímanum, sem nær til ársins 2023, og að samlegðaráhrifin nemi um 650 milljónum króna. – hvj

**»» Markaðsvirði Sýnar er nú 9,1 milljarður króna og er um fjórum milljörðum króna lægra en fyrir sameiningu.**

## 1939 Games fær fjármögnun

Tölvuleikjafyrirtækið 1939 Games hefur safnað 3,6 milljónum dollara, rúmlega 440 milljónum króna, í fjármögnun. Fjármunirnir verða nýttir til að ljúka við gerð tölvuleiksins Kards í ár, en hægt verður að spila hann í PC- og Mac-tölvum og í snjallsímum. Kards gerist í seinni heimsstyrjöldinni og byggir á því að safna stafrænum spilum.



Ívar Kristjánsson

Fjármunirnir koma frá einkafjárfestum eins og Crowberry Capital, Tencent, Sisu Game Ventures og hinu opinbera til dæmis í formi ríkisstyrkja. Þetta kemur fram í frétt Venture Beat.

1939 Games var stofnað af fyrrverandi stjórnendum CCP Games, framleiðanda EVE Online. Ívar Kristjánsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri CCP Games, stýrir fyrirtækinu. Starfsmenn eru níu.

Leiknum hefur verið lýst sem hálfgerðu borðspili á netinu. Höfuðáhersla er lögð á að keppa við leikmenn í gegnum netið en einnig verður hægt að keppa við tölvuna. – hvj

## Kaupa níutíu prósent í Löðri

Félag sem er að mestu í eigu Fiskisunds, Helgafells og Einis hefur fest kaup á 90 prósenta hlut í bílaþvottastöðinni Löðri. Seljandi hlutarins er félag á vegum Jóns Ósmanns Arasonar fjárfestis sem átti þvottastöðina að fullu.

Kaupandinn er eignarhaldsfélagið Barone I en stærsti hluthafi þess, með 42 prósenta hlut, er Fiskisund sem er í jafnri eigu Einars Arnar Ólafssonar, stjórnarmanns í TM, Höllu Sigrúnar Hjartardóttur, fyrrverandi stjórnarformanns Fjármálaeftirlitsins, og Kára Þórs Guðjónssonar fjárfestis.



Einar Örn Ólafsson fjárfestir.

Helgafell eignarhaldsfélag, sem er í jafnri eigu Ara Fenger, Bjargar Fenger og Kristínar Vermundsdóttur og er jafnframt stýrt af Jóni Sigurðssyni, fjárfesti og stjórnarformanni Stoða, er næststærsti hluthafi Barone I með 36 prósenta hlut og þá fer Einir, fjárfestingarfélag áðurnefnds Einars Arnar, með liðlega 18 prósenta hlut í umræddu félagi.

Löður, sem rekur fimmtán bílaþvottastöðvar, þar af þrettán á höfuðborgarsvæðinu, hagnaðist um ríflega 58 milljónir króna á árinu 2017. Veltan nam 591 milljón króna á árinu. – kij






Forsvarsmenn WOW air skiluðu flugrekstrarleyfi félagsins til Samgöngustofu síðasta fimmtudagsmorgun, eftir að stærsti leigusalinn hafði fyrr um nóttina kyrrsett vélar félagsins vestanhafs, og var félagið gefið upp til gjaldþrotaskipta síðar um daginn. WOW air bættist þannig á lista yfir ríflega tuttugu flugfélög sem hafa farið í gjaldþrot á síðustu tólf mánuðum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Helmingur útgáfunnar var nýtt fjármagn

**Um helmingur af andvirði skuldabréfaútgáfu WOW air fékkst með því að ýmsir kröfuhafar breyttu hluta krafna sinna í skuldabréf. Fulltrúi skuldabréfaeigenda óskar upplýsinga. Félagið hefði þurft meira en viku til viðbótar til að ljúka viðræðum við fjárfesta.**

Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is
Kristinn Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladid.is



Stór hluti þeirrar fjárhæðar sem safnaðist í fimmtíu milljóna evra skuldabréfaútboði WOW air síðasta haust var í formi skuldbreytinga á kröfum, einkum skammtímaskuldum, ýmissa kröfuhafa á hendur flugfélaginu í skuldabréf, samkvæmt heimildum Markaðarins. Þannig er talið að aðeins liðlega helmingur skuldabréfaútgáfunnar, um 25 milljónir evra, hafi verið nýtt fjármagn sem fjárfestar lögðu félaginu til.

Fulltrúi eigenda skuldabréfa í WOW air hefur óskað eftir upplýsingum frá skiptastjórum þrotabús félagsins um hve miklir fjármunir voru lagðir inn í flugfélagið sem nýtt fjármagn í umræddu útboði. Er svara að vænta á næstu dögum, eftir því sem Markaðurinn kemst næst.

Ólíklegt er talið að nokkuð muni greiðast úr þrotabúi WOW air upp í kröfur skuldabréfaeigendanna sem og annarra almennra kröfuhafa, að sögn þeirra sem þekkja vel til mála. WOW air skuldaði samtals rúmlega 20 milljarða króna en stærstu kröfuhafar félagsins eru flugvélaleigurnar Air Lease Corporation og Avolon, Isavia og Arion banki.

Guðmundur Ingvi Sigurðsson, hæstaréttarlögmaður á LEX lögmannsstofu, sem gætir hagsmuna eigenda skuldabréfanna, segir að nokkrir kröfuhafar hafi lýst yfir vilja til þess að skoða skuldabréfaútboðið og aðdraganda þess.

„Til stendur að reyna að afla upplýsinga um hvað gerðist þarna sem orsakaði það að þessi fjárfesting fór í súginn á svona skömmum tíma,“ segir hann í samtali við Markaðinn. Ekki hafi verið tekin ákvörðun um næstu skref. Of snemmt sé að segja til um hvort ástæða sé til fyrir skuldabréfaeigendurna að leita réttar síns.

Aðeins 49 dögum eftir að skuldabréfaútboði WOW air lauk um miðjan septembermánuð í fyrra leituðu forsvarsmenn félagsins, eins og kunnugt er, á náðir Icelandair Group sem samþykkti, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum sem síðar gengu ekki eftir, að taka það yfir. Var þá tekið fram í bréfi sem Skúli Mogensen, stofnandi WOW air, skrifaði skuldabréfaeigendunum að lausafjárstaða flugfélagsins hefði „versnað umtalsvert á síðustu vikum“, meðal annars vegna krefjandi ytri aðstæðna á flugmarkaði.

Samkvæmt heimildum Markaðarins skýrðist versnandi staða flugfélagsins í kjölfar útboðsins meðal annars af því að einn helsti keppinautur þess, lággjaldaflugfélagið Norwegian, setti á þeim tíma aukinn þrýsting á meðalfargjöld með neikvæðum áhrifum á framlegð WOW air.

Til viðbótar við lág verð, harða samkeppni og hátt olíuverð nefndi Skúli í bréfinu að fall Primera Air, sem var tekið til gjaldþrotaskipta í byrjun október, hefði gert illt verra.

Sem kunnugt er lauk margra mánaða tilraunum stjórnenda WOW air til þess að bjarga rekstri félagsins, með því að fá nýja fjárfesta til liðs við það, síðasta fimmtudagsmorgun eftir að félagið gat ekki staðið í skilum á greiðslum að fjárhæð samtals um 300 milljónir króna, meðal annars til stærsta leigusalans, Air Lease Corporation. Vélar sem WOW air hafði til afnota hjá bandaríska félaginu voru fyrr um nóttina kyrrsettar vestanhafs og í kjölfarið skilaði félagið flugrekstrarleyfi sínu til Samgöngustofu.

Heimildir Markaðarins herma að viðræðum ráðgjafa og stjórnenda WOW air við fjárfesta, þar á meðal bandaríska fjárfestingarfélagið Indigo Partners, um að leggja félaginu til um fimm milljarða króna hafi miðað vel. Hins vegar hefði þurft allt að viku til tíu daga til viðbótar til þess að ganga endanlega frá viðskiptunum. Félagið hafi runnið út á tíma. Áður höfðu skuldabréfaeigendur WOW air fallist á að breyta kröfum sínum í hlutafé og nýta sér heimild í skilmálum bréfanna til þess að taka félagið yfir.

## Breyttu kröfum í skuldabréf

Eins og Markaðurinn hefur áður greint frá voru fjárfestingarsjóðir í stýringu eignastýringarfyrirtækjanna GAMMA Capital Management og Eaton Vance Management í hópi þeirra sem lögðu WOW air til fé í skuldabréfaútboðinu, sem norska verðbréfafyrirtækið Pareto Securities hafði umsjón með ásamt Arctica Finance, en alls fjárfestu sjóðir GAMMA fyrir samanlagt tvær milljónir evra á meðan sjóðir í stýringu bandaríska fyrirtækisins keyptu skuldabréf fyrir tíu milljónir evra. Þá fjárfesti Skúli sjálfur fyrir 5,5 milljónir evra í útboðinu.

Stór hluti þeirrar fjárhæðar sem safnaðist í umræddu útboði fékkst hins vegar með því að ýmsir viðskiptavinir WOW air skuldbreyttu kröfum sínum í skuldabréf. Þrír leigusalar flugfélagsins, þar á meðal Air Lease Corporation og Avolon, breyttu háum kröfum sínum, einkum ógreiddum leigugreiðslum, í skuldabréf. Það sama gerði til að mynda Öryggismiðstöðin sem eignaðist skuldabréf í félaginu fyrir tugi milljóna króna, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Viðmælendur Markaðarins benda á að það kunni að breyta miklu um forsendur skuldabréfaútboðsins að stór hluti fjárhæðarinnar sem þar hafi safnast hafi verið umbreyting á kröfum í skuldabréf. Þeir fjárfestar sem lögðu félaginu til nýtt fjármagn hafi líklega gengið að því vísu að allt andvirði útgáfunnar – 50 milljónir evra – hafi verið innspýting fjár til þess að treysta lausafjárstöðu félags-

## Arion upplýsir ekki um niðurfærslur

Arion banki, sem var stærsti lánveitandi WOW air, segist ekki geta veitt upplýsingar um það hve mikið bankinn hefur fært niður af skuldum flugfélagsins við sig. Heildarskuldbinding flugfélagsins við bankann nam um 1,6 milljörðum króna í lok febrúar, samkvæmt yfirliti yfir skuldir WOW air sem Markaðurinn hefur undir höndum.



**Höskuldur H. Ólafsson, bankastjóri Arion banka.**

Í kjölfar falls flugfélagsins sendi Arion banki frá sér tilkynningu þar sem fram kom að gjaldþrotið myndi ekki hafa veruleg bein áhrif á rekstrarafkomu bankans að teknu tilliti til annarra þátta í rekstri hans.

Í fjárfestakynningu vegna uppgjörs Arion banka fyrir fjórða fjórðung síðasta árs var tekið fram að skuldabréf tengd flugfélögum hefðu verið færð niður um 360 milljónir króna á fjórðungnum.

Þess má geta að Höskuldur H. Ólafsson, bankastjóri Arion banka, er faðir Ólafs Höskuldssonar, framkvæmdastjóra fjárfestingarfélagsins Títans sem er í eigu Skúla Mogensen og hélt utan um eignir hans í WOW air.

### Kaupendur skuldabréfa WOW air í útboði flugfélagsins síðasta haust



Fólk
Heimili
MIÐVIKUDAGUR 3. APRÍL 2019



Fyrir nokkrum árum fór Anna Gréta að glíma við magavandamál auk uppþembu, var alltaf þreytt og orkulaus en fann strax mun með Enzymedica.

# Margföld orka og laus við magavandamál

Meltingarensímin frá Enzymedica eru öflug ensím sem bæta meltinguna og gefa okkur aukna orku ásamt því að geta losað fólk við fjölmörg vandamál tengd erfiðri meltingu, eins og til dæmis að draga úr fæðuóþoli. →2



Framhald af forsíðu ➪

Hver kannast ekki við að verða þreyttur eftir þunga máltíð? Sumir fá líka óþægindi, uppþembu og vindverki en þetta tengist að öllum líkindum skorti á meltingarensímum. Líkaminn framleiðir sjálfur meltingarensím sem brjóta niður fæðuna en margt getur orðið til þess að hann framleiði ekki nóg.

## Fæðuóþol eða ensímaskortur?

Skortur á meltingarensímum er í daglegu tali oft nefndur fæðuóþol. Margir kannast t.d. við mjólkursykursóþol eða laktósaóþol sem er tilkomið vegna skorts á laktasa, ensími sem brýtur niður laktósann. Meltingarensímin eru af mörgum tegundum og hafa öll mismunandi hlutverk en hjá öllum hefst meltingin í munninum. Þar eru fyrstu meltingarensímin sem fæðan kemst í snertingu við og hefja þau niðurbrot á kolvetnum. Í maganum taka svo fleiri tegundir af ensímum við og brjóta m.a. niður prótein, fitu og laktósa. Þar drepast einnig flestar örverur sem geta fylgt með matnum en magasafinn sem er mjög sterk saltsýra sér um þá vinnu. Hvert ensím hefur svo mjög sérstakt (afmarkað) hlutverk og þau virkjast hvert við sitt hita- og sýrustig (pH-gildi).

Stundum gerist það að líkaminn getur ekki virkjað ákveðin ensím. Það er t.d. ef við borðum of mikið og/eða að samsetning matarins er slæm en þá nær líkaminn ekki að „lesa skilaboðin rétt“. Þetta getur valdið vandamálum hjá fjölmörgum. Ekki bara magaónotum, þreytu eða öðrum kvillum, heldur getur það gerst að við fáum ekki þá næringu sem maturinn (eða bætiefnin) á að skila okkur.

## Margföld orka og laus við magavandamál

Segja má að hún Anna Gréta hafi öðlast nýtt líf eftir að hún fór að nota Enzymedica meltingarensímin en það var ekki bara meltingin sem varð betri, heldur náði hún betri svefni og því varð hún orkumeiri og glaðari eins og gefur að skilja. Hún hafði þetta að segja:

„Ég hef haft psoriasis gigt í meira en 20 ár og hef tekið töluvert af lyfjum þess vegna. Fyrir nokkrum árum fór ég að glíma við magavandamál sem eru líklegast tilkomin vegna lyfjanotkunar en fyrir utan magaónot og uppþembu var ég alltaf þreytt og orkulaus. Ég hef prófað svo margt í gegnum tíðina en fundið lítinn mun, þar til ég kynntist Enzymedica ensímunum. Þvílíkur munur og það besta er að ég fann muninn strax. Ég er ekki lengur útblásin eftir máltíðir, hægðir urðu fljótt reglulegar, orkan margfaldaðist og ég er ekki að kljást við magavandamál lengur.“



Anna Gréta öðlaðist nýtt líf eftir að hún fór að nota Enzymedica meltingarensímin enda leið henni miklu betur.




**Loksins á Íslandi – söluhæsta meltingarvaran í Bandaríkjunum**
Enzymedica meltingarensímin innihalda öfluga ensímblöndu sem auðvelda meltingu, auka orku og draga úr einkennum fæðuóþols. Ensímin eru án fylliefna, bindiefna eða annarra flæðiefna. 100% vegan hylki.

> **Með inntöku getur fólk skilað meira og reglulegar frá sér en áður og hungurtilfinning minnkar eða hverfur því næringin úr fæðunni nýtist líkamanum betur.**



**Hrönn Hjálmarsdóttir, heilsumarkþjálfi hjá Artasan**

## Hverja vantar meltingarensím?

Afleiðingar vegna skorts á meltingarensímum geta verið víðtækar og hugsanlega finnum við fyrir öðrum einkennum en meltingarónotum. Einkenni skorts á ensímum geta verið:

- Brjóstsviði
- Vindverkir
- Uppþemba
- Kviðverkir og ógleði
- Bólur
- Nefrennsli
- Krampar í þörmum
- Ófullnægt hungur
- Exem
- Höfuðverkur
- Skapsveiflur
- Liðverkir
- Húðkláði
- Húðroði
- Svefnleysi

Einnig ættu allir þeir sem eru að taka inn mjólkursýrugerla að skoða hvort meltingarensím geti ekki hjálpað til við að koma meltingunni í gott horf og auka þar með almennt hreysti og vellíðan.

> **Ég er ekki lengur útblásin eftir máltíðir, hægðir urðu fljótt reglulegar, orkan margfaldaðist og ég er ekki að kljást við magavandamál lengur.**
>
> **Anna Gréta, 67 ára**

## Nokkrar staðreyndir um ensím

- Ensím taka þátt í hverju einasta efnafræðilega ferli sem á sér stað í líkamanum.
- Ensím hámarka upptöku næringarefna og hjálpa til við að breyta mat í orku.
- Ensím á bætiefnaformi geta dregið úr einkennum fæðuóþols.
- Ensím á bætiefnaformi geta haft margvísleg jákvæð áhrif á líkamsstarfsemina umfram bætta meltingu.
- Ensím geta hjálpað þörmunum að ná eðlilegri virkni þannig að þeir virki betur en nokkru sinni fyrr.

Með inntöku getur fólk skilað meira og reglulegar frá sér en áður og hungurtilfinning minnkar eða hverfur því næringin úr fæðunni nýtist líkamanum betur. Orkan eykst og geta ensím hreinlega hjálpað heilbrigðu fólki að verða enn heilbrigðara.

## Byltingarkennd ensím

Enzymedica framleiðir ein öflugustu meltingarensím sem völ er á í dag en fyrirtækið hefur einkaleyfi á aðferð sem kallast Therablend þar sem blandað er saman mörgum stofnum ensíma sem vinna á mismunandi pH-gildum og ná þau þannig að melta hvert orkuefni mun betur og hraðar. Ensím sem unnin eru með þessari aðferð hafa mælst á bilinu 5-20 sinnum öflugri og vinna meira en sex sinnum hraðar en önnur leiðandi meltingarensím.

**Sölustaðir:** Apótek, heilsubúðir og heilsuhillur stórmarkaða.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** Torg ehf
**Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir

**Umsjónarmenn efnis:** **Benedikt Bóas Hinriksson** benediktboas@frettabladid.is s. 550 5725 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@frettabladid.is s. 550 5762 | **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 550 5763 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 550 5768

**Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage,** johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir,** ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,



BLÁR APRÍL

Styrktarfélag barna með einhverfu

# EINHVERFAN MÍN ER BARA HLUTI AF MÉR OG VERÐUR ÞAÐ ALLTAF

Heilsaðu upp á Maríu á blaraprilis.is
Hún er einhverf og hefur frá ýmsu að segja




## Þurfa að greiða skuld WOW air við Isavia

Air Lease Corporation, sem er eigandi tveggja Airbus-flugvéla sem WOW air var með á leigu og standa enn á Keflavíkurflugvelli, þarf að greiða skuld flugfélagsins við Isavia eða leggja fram viðeigandi tryggingu til þess að losa aðra vélina, sem ríkisfyrirtækið kyrrsetti í síðustu viku, af flugvellinum.

Fulltrúar flugvélaleigunnar og Isavia funduðu um málið í byrjun vikunnar og er gert ráð fyrir að viðræðunum verði haldið áfram næstu daga.

Samkvæmt reglum sem gilda hér á landi hefur Isavia allsherjartak í vél Air Lease Corporation gagnvart skuldum WOW air við ríkisfyrirtækið en þær námu um 1,8 milljörðum króna í lok febrúarmánaðar, samkvæmt upplýsingum sem Markaðurinn hefur undir höndum.

Þegar flugvélaleigan hefur gert upp umrædda skuld mun hún líklega lýsa kröfu upp á sömu fjárhæð í þrotabú WOW air.

Air Lease Corporation, sem er í eigu bandaríska milljarðamæringsins Steven Udvar-Hazy, eins ríkasta manns heims, var stærsti leigusali WOW air en skuld flugfélagsins við flugvélaleiguna nam samtals um 1,6 milljörðum króna í lok febrúar.

### Helstu kröfuhafar WOW

Miðað við langtímaskuldir í lok feb.

| | |
|---|---|
| Skuldabréfaeigendur: | 6,8 milljarðar kr. |
| Avalon: | 1,9 milljarðar kr. |
| Isavia : | 1,8 milljarðar kr. |
| ALC : | 1,7 milljarðar kr. |
| Arion banki: | 1,6 milljarðar kr. |
| Títan fjárfestingafélag: | 770 milljónir kr. |

**Of mikil framboðsaukning á evrópskum flugmarkaði hefur leitt til þess að verð hefur lækkað mikið og arðsemin versnað.**

Elvar Ingi Möller, sérfræðingur í greiningardeild Arion banka

ins. Vandi flugfélagsins á þeim tíma hafi enda fremur verið fólginn í veikri lausafjárstöðu en mikilli skuldsetningu.

Samkvæmt yfirliti frá Pareto Securities, sem Markaðurinn hefur undir höndum, voru íslensk félög með um 37 prósent af heildareftirspurninni í skuldabréfaútgáfunni eða sem nemur tæplega 20 milljónum evra. Bandarísk félög voru hins vegar með fjórðunginn af útgáfunni á meðan félög á Norðurlöndunum voru með samanlagt 19 prósent. Afgangurinn – um 19 prósent – var seldur til annarra félaga í Evrópu. Heimildir Markaðarins herma að engir einkafjárfestar hafi tekið þátt í skuldabréfaútboðinu.

### Vanfjármagnað frá upphafi

Með falli WOW air í liðinni viku bættist félagið á lista yfir ríflega tuttugu flugfélög sem hafa farið í gjaldþrot á síðustu tólf mánuðum.

Sveinn Þórarinsson, greinandi í hagfræðideild Landsbankans, segir að lítið megi út af bregða í sveiflukenndum rekstri eins og flugrekstri til þess að illa fari. Það eigi sérstaklega við um skuldsett félög eins og til dæmis WOW air.

„Eftiráspekin er mikil þegar félög leggja upp laupana og óþarfi er að tönglast á hvað átti að gera og hvað átti ekki að gera,“ nefnir Sveinn og bætir við:

„Í grunninn var WOW air að mínu mati með frábært viðskiptamódel og gerði góða hluti en því miður var það bara vanfjármagnað frá upphafi. Ef félög hafa ekki fjárhagslegt bolmagn til þess að bregðast við breytingum í umhverfinu, hvort sem þær felast í olíuverðshækkunum, aukinni samkeppni eða minni eftirspurn eftir flugi, þá er voðinn vís,“ segir hann.

Elvar Ingi Möller, sérfræðingur í greiningardeild Arion banka, telur sennilegt að frekari gjaldþrot og sameiningar evrópskra flugfélaga séu í vændum á næstu árum. Samþjöppun sé óumflýjanleg.

„Beggja vegna Atlantshafsins virðast menn vera nokkuð sammála um að þetta sé það sem koma skal, hvort sem það mun gerast með gjaldþrotum eða yfirtökum, þar sem samþætting mun leiða til meiri aga í framboðsvexti og verðlagningu,“ segir Elvar Ingi.

Sandy Morris, greinandi hjá fjárfestingarbankanum Jefferies, segir í samtali við Yahoo að hagkvæmar flugvélar á borð A320neo frá Airbus og 737 MAX frá Boeing, sem geta flogið yfir Atlantshafið án viðkomu á Íslandi, hafi gert WOW air erfitt fyrir. Framboð á ódýrum flugferðum beint yfir hafið hafi aukist.

„Þú þarft ekki lengur að stoppa á Íslandi. WOW air reyndi að bregðast við þessari samkeppni en að lokum reyndist markaðurinn ekki nægilega stór,“ segir hún.

Tekið var í svipaðan streng í skýrslu sem ráðgjafarfyrirtækið Reykjavík Economics vann að beiðni WOW air um áhrif félagsins á íslenskan þjóðarbúskap. Sögðu skýrsluhöfundar að brotthvarf WOW air af markaði þýddi ekki endilega að önnur flugfélög tækju að fljúga yfir hafið með millilendingu á Íslandi. Allt eins líklegt væri að þau færu beint á milli áfangastaða í Evrópu og Ameríku án viðkomu hér.

Lega Íslands í Atlantshafi, mitt á milli Norður-Ameríku og Evrópu, er grunnurinn að því viðskiptamódeli sem Icelandair, og áður WOW air, hefur hingað til byggt starfsemi sína á.

### Módelið ekki í hættu

Aðspurður nefnir Sveinn að þrátt fyrir að segja megi að aukin samkeppni í flugi yfir hafið og nýjar og hagkvæmar vélar sem geta flogið beint á milli áfangastaða í Evrópu og Norður-Ameríku ógni að einhverju leyti því viðskiptamódeli sem íslensk flugfélög hafa treyst á, þá sé ekki hægt að segja að viðskiptamódelið sé í hættu á meðan ferðamenn halda áfram að streyma til landsins.

„Ég tel ekki tímabært að spá dauða þessa módels. En umhverfið mun hins vegar áreiðanlega breytast.

Helsti kosturinn við módelið var á sínum tíma sá að íslensku félögin gátu notast við minni vélar í sínum rekstri, til dæmis Boeing 757 og þess vegna 737, á meðan það þurfti stórar og miklar vélar til þess að fljúga beint yfir Atlantshafið. Nú hafa hins vegar minni og hagkvæmari vélar, sem geta drifið yfir hafið, hrist upp í markaðinum og gert íslensku félögunum erfiðara fyrir,“ segir Sveinn.

Ekki þurfi þó að hafa of miklar áhyggjur af þróuninni enda sé Ísland vinsæll ferðamannastaður.

„Þessi aukna samkeppni þýðir hins vegar að flugferðir hingað til lands verða að vera samkeppnishæfar í verðum. Það gæti þýtt að erfitt verði fyrir Icelandair, sem situr nú eitt eftir með þetta módel, að hækka verðið hjá sér. Það er ekkert gefið að félagið muni geta gert það þó svo að WOW air sé horfið af markaðinum. Félagið þarf áfram að vera á tánum,“ segir Sveinn.

Jafnframt þurfi að huga að samkeppnishæfni Keflavíkurflugvallar, sér í lagi gagnvart öðrum flugvöllum í Evrópu. Mikilvægt sé fyrir viðskiptamódel Icelandair að völlurinn sé aðgengilegur og hagstæður fyrir skiptifarþega.

### Skortur á aga

„Það hefur ekki verið nógu mikill agi í framboðinu,“ segir Sveinn um stöðu evrópska flugmarkaðarins.

„Í grunninn felst vandinn sem evrópsk flugfélög hafa glímt við í því að það hefur verið of mikið framboð á flugferðum, sem hefur leitt af sér hríðlækkandi verð, og síðan hækkar olíuverð ofan í það. Þau félög sem hafa ekki verið með nægjanlegan sveigjanleika í flotanum sínum, ekki boðið upp á nægilega arðbæra flugleggi og skuldað mikið hafa einfaldlega lent í miklum vandræðum og sum hver endað í gjaldþroti,“ nefnir Sveinn.

Vissulega séu aðstæður mismunandi í tilfelli hvers flugfélags en segja megi að offramboð og hörð samkeppni einkenni evrópska flugmarkaðinn.

„Evrópsku félögunum hefur ekki tekist að hafa aga á flugframboðinu eins og bandarísku flugfélögin hafa lært að gera. Framboðsvöxtur bandarískra félaga á borð við Delta nemur örfáum prósentum á ári,“ nefnir hann.

Sveinn telur líklegt að breytinga sé að vænta á evrópska markaðinum. Flugfargjöld muni eitthvað hækka. Spurningin sé hins vegar hvort sú hækkun muni duga til.

„Að sama skapi verður að hafa í huga,“ útskýrir Sveinn, „að hærri fargjöld munu hafa áhrif á eftirspurnina. Á meðan framboðið er fyrir hendi er ekki bara hægt að hækka verðið því þá verða vélarnar verr nýttar. Stjórnendur Norwegian viðurkenndu til að mynda á einum tímapunkti að þeir fyndu verulega fyrir eftirspurnarminnkun þegar þeir hækkuðu verðið.“

Sveinn segir að rætt hafi verið um það lengi að flugfélög í Evrópu þurfi að sameinast. „Stór flugfélög á borð við IAG og Lufthansa hafa verið tilbúin til þess að leiða áfram slíka vegferð,“ nefnir hann og vísar til mikilvægis stærðarhagkvæmni í rekstri flugfélaga.

Ekki sé ólíklegt að evrópsk flugfélög muni leita leiða til þess að sameinast og búa til enn þá stærri einingar, rétt eins og bandarísku félögin hafi gert á sínum tíma.

„Hins vegar hafa stóru félögin í Evrópu verið að fara aðrar leiðar en bandarísk félög, meðal annars með því að vera með mörg vörumerki og aðgreiningu á milli markaða. Strúktúrinn í Evrópu og sterkur vilji til þess að hafa „national carriers“ gerir það að verkum að Evrópa verður líklega alltaf sundurleitari markaður en sá bandaríski.

En síðan er hugsanlegt að stóru félögin reyni að ýta þeim minni út af markaðinum í stað þess að kaupa þau. Það eru allavega tvær leiðir til þess að fækka flugfélögum. Önnur er að flugfélög sameinist en hin að stóru félögin efni til blóðugs verðstríðs og reyni þannig að ýta veikari keppinautum burt. Sú leið er vel raunhæf á tímum þegar olíuverð fer hækkandi,“ segir Sveinn.

### Leitt til verri arðsemi

Elvar Ingi bendir á að á meðan framboð flugsæta á meðal bandarískra flugfélaga hafi aukist um 40 prósent frá árinu 2005 hafi vöxturinn í Evrópu numið um 70 prósentum.

„Of mikil framboðsaukning á evrópskum flugmarkaði hefur leitt til þess að verð hefur lækkað mikið og arðsemin versnað,“ nefnir hann. Hins vegar séu merki um að þetta sé að breytast. Vísbendingar séu um að evrópski markaðurinn sé að fikra sig nær þeim bandaríska. Það eigi eftir að koma í ljós hve hröð þróunin verði.

„Ein vísbending um þetta er nýleg áherslubreyting Norwegian sem tilkynnti í síðasta mánuði að félagið hygðist einblína á að bæta arðsemi sína í stað þess að horfa til frekari vaxtar. Félagið ætlar að vaxa að meðaltali um fimm til tíu prósent á ári næstu fjögur árin en til samanburðar hefur vöxturinn verið um 30 prósent ár hvert frá árinu 2013,“ segir Elvar Ingi.

## Erfitt að taka tillit til samkeppnissjónarmiða

Sérfræðingur í samkeppnisrétti segir að skiptastjórar í þrotabúum hafi almennt ríkt svigrúm til þess að ráðstafa eignum búsins. Erfitt sé fyrir skiptastjóra WOW air að tryggja það að eignir búsins nýtist við stofnun nýs flugfélags hér á landi.

„Þeirra hlutverk er fyrst og fremst að hámarka verðmæti fyrir kröfuhafana,“ segir Eggert B. Ólafsson, lögmaður á Lögfræðistofu Reykjavíkur.



**Eggert B. Ólafsson, lögmaður á Lögfræðistofu Reykjavíkur.**

Samkeppniseftirlitið beindi í liðinni viku þeim tilmælum til stjórnvalda og skiptastjóra þrotabús WOW air að allt yrði gert til þess að tryggja að eignir búsins hyrfu ekki af íslenskum flugmarkaði heldur yrðu nýttar við stofnun nýs flugfélags hér á landi, eftir því sem framast væri unnt.

Samkeppni á flugmarkaði væri ein grundvallarforsendan fyrir vexti og viðgangi íslenskrar ferðaþjónustu.

Eggert segir ekkert óeðlilegt við að Samkeppniseftirlitið brýni fyrir stjórnvöldum og öðrum sem koma að málum að taka tillit til samkeppnissjónarmiða. Það sé beinlínis lögbundið hlutverk eftirlitsins að vekja athygli á leiðum til þess að gera samkeppni á mörkuðum virkari.

Samkeppniseftirlitið beindi meðal annars þeim tilmælum til flugmálayfirvalda, þar á meðal samræmingarstjóra sem sér um að úthluta afgreiðslutímum á Keflavíkurflugvelli, að þau liðkuðu fyrir því að eignir flugfélaga sem hætta starfsemi gætu nýst nýjum keppinautum í rekstri.

Um leið og WOW air skilaði flugrekstrarleyfi sínu missti félagið afgreiðslustæði sín á Keflavíkurflugvelli en danskt fyrirtæki, svonefndur samræmingarstjóri, sér um að úthluta stæðunum á nýjan leik.

Samkeppniseftirlitið gagnrýndi fyrir fáeinum árum að samræmingarstjórinn tæki ekki tillit til samkeppnissjónarmiða við úthlutun nýrra afgreiðslutíma. Brýnt væri að bæta úr því.



# HB Grandi horfir til sóknar í Asíu

Guðmundur Kristjánsson, forstjóri HB Granda, segir að Asía sé stærsti markaður heims fyrir sjávarafurðir. Þar sé hægt að fá gott verð fyrir ákveðnar tegundir. Innan við tíu prósent af tekjum útgerðarinnar koma frá Asíu. Guðmundi þykir hlutfallið lítið.

Helgi Vífill Júlíusson
helgivifill@frettabladid.is





Guðmundur Kristjánsson segir að með því að „kyrrsetja hagnað“ megi byggja upp feiknasterkt fyrirtæki á 20-30 árum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGUR ARI

HB Grandi hefur tækifæri til að fara dýpra inn á markaðinn í Asíu,“ segir Guðmundur Kristjánsson, forstjóri útgerðarinnar. „Það er stærsti markaður heims fyrir sjávarafurðir,“ segir hann og nefnir að nýta þurfi betur fríverslunarsamning Íslands við Kína.

„Fyrsta skrefið er að vilja sækja á Asíumarkað. Hugurinn ber þig hálfa leið. Þegar við höfum ákveðið að þangað skuli förinni heitið, förum við að vinna í því hvernig best er að athafna sig,“ segir Guðmundur.

Að hans sögn er hægt að fá gott verð fyrir ákveðnar fisktegundir í Asíu. „Þeir vilja gæði,“ segir Guðmundur.

Blaðamaður segir að það sé jákvætt fyrir íslenskan sjávarútveg. „Asíubúar eru mjög hrifnir af sjófrystum fiski,“ segir Guðmundur og nefnir að veiðigjöldin hafi gert það að verkum að rekstri fjölda frystitogara hafi verið hætt.

Guðmundur hefur áður vakið áthygli á því í fjölmiðlum að veiðigjöldin byggist á afkomu útgerðar og því greiði fullvinnsluskip veiðigjald af afurðaverðmæti en útgerðir sem landi í fiskvinnslur greiði einungis veiðigjald af hráefni.

Hann nefnir að hinn möguleikinn sé að bjóða upp á ferskan fisk. Nú hafi WOW air hins vegar hætt starfsemi og því sé ekki beint flug til Asíu. „Við þurfum að bjóða góð gæði fyrir Asíu. Þetta er feiknaspennandi markaður.“

Aðspurður hvort önnur evrópsk sjávarútvegsfyrirtæki horfi stíft til Asíu nefnir Guðmundur að norska sjávarútvegsfyrirtækið Mowi, sem áður hét Marine Harvest og er stærsti framleiðandi eldislax úr Atlantshafi í heimi, stefni á að opna fjölda verslana og veitingastaða í Kína á næstu mánuðum og árum.

Að sögn Guðmundar komi innan við 10 prósent af tekjum HB Granda frá Asíu. Honum þykir hlutfallið lágt.

**Vinnslustöðin vex í Asíu**

Vinnslustöðin upplýsti á föstudag að Asía væri orðin helsta markaðssvæði félagsins. Fyrir sjö árum seldi Vinnslustöðin tólf prósent frystra uppsjávarafurða sinna á mörkuðum í Asíu en núna er þetta hlutfall komið í 46 prósent. Vægi Rússlands og annarra ríkja Austur-Evrópu í viðskiptavinahópnum hafi að sama skapi dregist saman.

„Nærtækasta skýringin er sú að Rússlandsmarkaður lokaðist af pólitískum ástæðum en fleira kemur til. Annars vegar höfum við með fjárfestingum og vinnubrögðum lagað okkur að kröfum Asíumarkaðar og hins vegar skilar það miklum verðmætum til Vinnslustöðvarinnar og í íslenskt þjóðarbú að félagið gerðist meðeigandi í Okada Susian, rótgrónu fyrirtæki með nær helmingshlutdeild í markaði fyrir loðnuafurðir þar í landi. Þetta var farsælt skref,“ sagði Guðmundur Örn Gunnarsson, stjórnarformaður Vinnslustöðvarinnar, í ræðu á aðalfundi. „Áður seldum við ekkert til Kína en á síðasta ári fóru tæplega 9% verðmæta frystra uppsjávarafurða þangað.“

> **Flestir ofmeta það sem þeir geta gert á einu ári en vanmeta það sem þeir geta á tíu árum.**

Guðmundur, forstjóri HB Granda, sagði í ræðu á aðalfundi útgerðarinnar á föstudaginn að hluti hagnaðar sem ekki væri greiddur í arð til hluthafa væri „kyrrsettur ágóði“ sem nýta mætti til uppbyggingar.

Hann segir í samtali við Markaðinn að með þeim hætti megi á 20-30 árum byggja upp feiknasterkt fyrirtæki. Landsvirkjun, HB Grandi, Samherji og Síldarvinnslan séu á meðal þeirra íslensku fyrirtækja sem státi af hvað mestu eigin fé. „Þau hafa öll haldið hagnaði eftir inni í félögunum. Þetta er það sem kyrrsettur hagnaður skilar á áratugum,“ segir Guðmundur.

„Þegar ég hugsa um framtíðarhorfur [HB Granda] rifjast upp það sem einu sinni var sagt: Flestir ofmeta það sem þeir geta gert á einu ári en vanmeta það sem þeir geta á tíu árum,“ sagði hann á aðalfundi félagsins.

Blaðamaður hefur orð á að arðgreiðslur megi ekki einungis nýta til að hafa það gott í sólinni erlendis heldur einnig til að fjárfesta í öðrum arðbærum verkefnum. „Þess vegna eigum við að borga arð. HB Grandi er með þá stefnu að greiða um 40-50 prósent af hagnaði í arð. Hluthafar geta nýtt arðinn til að fjárfesta aftur í HB Granda, farið til Kanarí eða gert eitthvað annað við peninginn. Þeirra er valið,“ segir hann.

**Eldislax dýrari en villtur fiskur**

Guðmundur sagði á aðalfundinum að HB Grandi hefði tækifæri til að vaxa með innri vexti. „Við getum fjárfest í markaðssetningu sem getur hækkað okkar afurðaverð. Í dag er verð á kílói af karfa og ufsa tvær evrur og þorski 3,5 evrur. Fyrir kíló af eldislaxi fæst sex evrur í dag. Í mínum huga er villtur fiskur úr Atlantshafi góð afurð og ég er sannfærður um að hægt sé að auka verðmæti þessara fisktegunda.“

Aðspurður hvers vegna hærra verð fáist fyrir eldislax segir hann að lagt hafi verið í mikla markaðssetningu á afurðinni og á mörgum af bestu hótelum heims sé boðið upp á lax. Neytendur sæki í vöruna.

Hann segir við Markaðinn að eitt íslenskt fyrirtæki geti ekki hækkað verð á villtum fiski heldur kalli það á samstillt átak. „Ísland allt, það er lykilatriði. Og það þarf hugfarsbreytingu, það er ekki endalaust hægt að karpa um kvótann.“

# When in Iceland



María Kristjánsdóttir
lögmaður hjá LEX

Nýlega féll áhugaverður úrskurður Einkaleyfastofunnar í máli varðandi vörumerki. Hér á landi, sem og víða annars staðar, er hægt að skrá orðmerki sem vörumerki eða stílfærð merki sem innihalda þá ýmist stílfærð orð og mynd eða einungis mynd. Úrskurður stofnunarinnar endurspeglar meðal annars muninn á þessum tegundum vörumerkja.

Forsaga málsins er sú að í nóvember 2017 fékk félagið Win Iceland ehf. skráð vörumerkið, en eins og sjá má er um að ræða stílfærslu á orðasambandinu WHEN IN ICELAND þannig að það myndar útlínur Íslands. Merkið fékkst skráð fyrir þjónustuna ferðabókanir í flokki 39, en vörumerki eru ávallt skráð í ákveðna vöru- og/eða þjónustuflokka eftir því sem við á hverju sinni.

Í janúar 2018 var skráningu vörumerkisins andmælt af fyrirtækinu When in Iceland ehf. Andmælandi hélt því fram að skráning vörumerkisins skapaði ruglingshættu við skráð firmaheiti andmælanda, þ.e. When in Iceland ehf. Til viðbótar taldi andmælandi sig hafa öðlast rétt til orðmerkisins WHEN IN ICELAND á grundvelli notkunar og því væri einnig um ruglingshættu þar að ræða. Rétt er að taka fram að vörumerkjaréttur getur stofnast bæði með skráningu og með notkun hér á landi.

Í málinu deildu aðilar um það hvor hefði verið fyrstur til að nota orðasambandið WHEN IN ICELAND í atvinnustarfsemi sinni og lögðu báðir fram gögn til stuðnings fullyrðingum sínum. Eitt af grundvallarskilyrðum þess að unnt sé að skrá vörumerki er að merkið uppfylli skilyrði um sérkenni og aðgreiningarhæfi, eða sé með öðrum orðum ekki lýsandi fyrir þá vöru eða þjónustu sem því er ætlað að auðkenna. Með hliðsjón af þessum skilyrðum komst Einkaleyfastofan að þeirri niðurstöðu að orðmerkið WHEN IN ICELAND skorti sérkenni og aðgreiningarhæfi fyrir þá þjónustu sem því var ætlað að vera notað fyrir í þessum tilvikum, þ.e. ferðaþjónustu og ýmislegt henni tengt. Þannig benti stofnunin meðal annars á að þýðing orðasambandsins á íslensku gæti verið „þegar á Íslandi“ og vísað til þess sem hægt væri að gera þegar landið væri sótt heim. Því hefði hvorugur aðili öðlast vörumerkjarétt til orðmerkisins WHEN IN ICELAND.

> **Einkaleyfastofan vísaði til að aðilar væru að nota sína útfærsluna hvor af orðasambandinu WHEN IN ICELAND.**

Í gögnum málsins mátti sjá að andmælandi hafði að einhverju marki notað orðasambandið WHEN IN ICELAND í útfærslunni sem sést hér til hliðar. Einkaleyfastofan vísaði til þess að aðilar væru að nota sína útfærsluna hvor af orðasambandinu WHEN IN ICELAND og að um ólíkar útfærslur væri að ræða. Þar sem hvorugur aðila hafði sýnt fram á áunnið sérkenni eða betri rétt á grundvelli notkunar til orðanna í merkinu væri ekki þörf á að taka frekari afstöðu til ruglingshættu á milli þeirra merkja sem væru í notkun hjá aðilum.

Með vísan til þess að Einkaleyfastofan hefði komist að þeirri niðurstöðu að orðasambandið WHEN IN ICELAND skorti sérkenni og aðgreiningarhæfi fyrir þá þjónustu sem um ræddi, vísaði stofnunin málatilbúnaði andmælanda vegna firmaheitisins einnig á bug.

Vörumerkið er því í fullu gildi, þrátt fyrir andmælin. Af vörumerkjaskrá Einkaleyfastofunnar má hins vegar sjá að When in Iceland ehf. hefur sótt um skráningu á vörumerkinu, og verður áhugavert að fylgjast með því hvort merkið verður samþykkt til skráningar.

Grundvallarlærdómur úrskurðarins er að aðilar sem kjósa að nota í atvinnustarfsemi sinni orð eða orðasambönd sem ekki eru talin uppfylla þau skilyrði sem nauðsynleg eru til þess að auðkenni njóti verndar sem vörumerki, þ.e. skilyrði um sérkenni og aðgreiningarhæfi, verða að þola það að öðrum aðilum í sambærilegri starfsemi er að fullu heimilt að nota sömu orð eða orðasambönd í hvaða útfærslu sem er.

# Lækkun skatta er skýrasta tækifærið

## Svipmynd

**Kristrún Tinna Gunnarsdóttir**

**Nám:**
Mastersgráður í hagfræði og alþjóðastjórnun frá Stockholm School of Economics. B.Sc. í hagfræði frá Háskóla Íslands. Löggiltur verðbréfamiðlari.
**Störf:**
Forstöðumaður stefnumótandi verkefna hjá Íslandsbanka frá apríl 2019. Ráðgjafi hjá alþjóðlega ráðgjafarfyrirtækinu Oliver Wyman (2011-2019 með árshléi á meðan ég starfaði hjá Beringer Finance í Stokkhólmi). Sérfræðingur í greiningardeild Landsbankans 2007-2009.
**Fjölskylduhagir:**
Í sambúð með Georg Lúðvíkssyni, forstjóra Meniga.



Kristrún Tinna Gunnarsdóttir segir að það sé öllum til hagsbóta að ríkið dragi úr víðtæku eignarhaldi á íslenskum bönkum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Kristrún Tinna Gunnarsdóttir, sem sat í verkefnahóp Fjármála- og efnahagsráðuneytisins sem vann Hvítbók um framtíðarsýn fyrir fjármálakerfið, var nýlega ráðin forstöðumaður á skrifstofu bankastjóra Íslandsbanka. Kristrún segir lækkun sértækra skatta á fjármálafyrirtæki skýrasta tækifæri stjórnvalda til að draga úr vaxtamun og bæta kjör.

*Hver verða helstu verkefnin í nýja starfinu?*

Að vinna þvert á deildir bankans að innleiðingu á stefnu bankans og framkvæmd lykilverkefna. Á mannamáli þýðir þetta að mín markmið eru annars vegar að tryggja að Íslandsbanki verði áfram #1 í þjónustu og hins vegar að auka skilvirkni í rekstri bankans.

*Hvernig er morgunrútínan þín?*

Á virkum dögum er nú eiginlega engin rútína – sérstaklega undanfarið þar sem ég hef verið á miklu flakki milli landa og í ýmsum verkefnum. Um helgar inniheldur morgunrútínan hins vegar nær alltaf sælkerakaffi og croissant, hlaup út á Seltjarnanes eða Granda og lestur á tímaritinu Economist og/eða góðri bók.

*Hver eru þín helstu áhugamál?*

Samvera með fjölskyldu og vinum, ferðalög og hlaup. Næsta ævintýraferð verður til Írans og Jórdaníu um páskana sem ég er mjög spennt fyrir. Ég hef líka mjög mikinn áhuga á hvernig hægt er að bæta heiminn til dæmis með eigin viðhorfi, samfélagslegri ábyrgð fyrirtækja og skilvirkni í þróunarstarfi.

*Hvaða bók ertu að lesa eða last síðast?*

Á náttborðinu er ég með Balancing Green eftir Yossi Sheffi, prófessor við MIT. Bókin fjallar um hvernig má samþætta góðan og skilvirkan fyrirtækjarekstur og um leið taka tillit til umhverfissjónarmiða.

*Hvers konar stjórnunarhætti hefurðu tileinkað þér og hvers vegna?*

Sem ráðgjafi hjá erlenda ráðgjafarfyrirtækinu Oliver Wyman hef ég unnið verkefni víða um heim, allt frá Norðurlöndunum til Mið-Austurlanda, Bandaríkjanna, Afríku og svo hef ég unnið sjálf að örlánaverkefni með heimamönnum á Indlandi. Allt þetta flakk og fjölbreytni í verkefnum hefur kennt mér ótrúlega margt um mikilvægi þess að eiga góð samskipti og sýna aðlögunarhæfni til þess að vinna vel með alls konar fólki. Ég hef mikinn áhuga á öllu sem snýr að jákvæðri sálfræði og því hvernig er hægt að hámarka starfsánægju og þar með árangur.

*Hverjar eru helstu áskoranirnar sem fjármálakerfið stendur frammi fyrir?*

Fjármálaþjónusta er að breytast hratt með tilkomu nýrrar tækni og aukins regluverks auk þess sem væntingar viðskiptavina í dag eru allt aðrar og meiri en fyrir bara nokkrum árum. Á sama tíma standa bankarnir frammi fyrir því að vera keppa við ýmiss konar sérhæfð fjártæknifyrirtæki auk þess sem risatæknifyrirtæki á borð við Apple, Google, Amazon og Alibaba eru farin að bjóða upp á ýmsar fjármálalausnir í samkeppni við bankana.

*Hvað geta stjórnvöld gert til að liðka fyrir jákvæðum breytingum á fjármálakerfinu?*

Fjölmargt – eins og fram kom í Hvítbók um framtíð fjármálakerfisins sem ég tók þátt í að skrifa í haust. Ég er mikill talsmaður þess að það sé öllum í hag að ríkið dragi úr víðtæku eignarhaldi á íslensku bönkunum og beiti sér með sértækari hætti við að leysa markaðsbresti á fjármálamarkaði. Lækkun sértækra skatta á fjármálafyrirtæki er skýrasta tækifæri stjórnvalda til að draga úr vaxtamun og bæta kjörin. Á sama tíma er gríðarlega mikilvægt að stuðla að virkri samkeppni en þar gegna bæði fjármálalæsi og neytendavernd stóru hlutverki.

*Hver eru tækifærin í fjármálakerfinu og hvað felst í þeim?*

Fjármálakerfið er gríðarlega mikilvægur drifkraftur í hagkerfinu í heild sinni enda er þar ákvarðað hvaða fjárfestingarverkefni eru fjármögnuð með þeim sparnaði sem bankarnir geyma fyrir fjármagnseigendur. Það er þjóðhagslega mikilvægt að tryggja skilvirkni í bankakerfinu og tryggja að sparnaður flæði þangað sem góð, hagkvæm og fjölbreytt verk eru unnin. Það eru mikil tækifæri til þess að einfalda og nýta tæknina betur og ég hlakka til að leggja mitt af mörkum til að nýta þessi spennandi tækifæri á sem bestan hátt.

# Mildum niðursveifluna



**Ingólfur Bender**
aðalhagfræðingur Samtaka iðnaðarins

Efnahagshorfur hafa farið hratt versnandi undanfarið. Slæm tíðindi hafa borist af gjaldeyrisskapandi greinum sem munu hafa víðtæk áhrif á íslenskt efnahagslíf ef þeim er ekki mætt með réttum hætti í hagstjórn. Umtalsverð fækkun í flugframboði til og frá landinu sem komið er til með brotthvarfi WOW air er áfall fyrir íslenskt hagkerfi en fyrirtækið hefur átt stóran þátt í efnahagsuppsveiflu síðustu ára. Verkefnið nú er að milda efnahagsleg áhrif þessara breytinga.

Ýmsar greinar iðnaðar hafa átt stóran þátt í að mæta þörfum vaxandi fjölda ferðamanna. Byggingariðnaðurinn er ein af þessum greinum. Vöxtur í fjölda ferðamanna er háður fjárfestingu í innviðum, svo sem gistirými og samgöngumannvirkjum. Fjölgun ferðamanna hefur því kallað á uppbyggingu sem byggingariðnaðurinn hefur mætt. Hefur greinin vaxið umtalsvert af þessari ástæðu en launþegum í greininni hefur á síðustu sjö árum fjölgað úr 8.600 í 15.200. Ríflega 8% allra launþega í landinu voru starfandi í greininni í fyrra.

Íslenskt hagkerfi hefur verið sveipað óstöðugleika um langa tíð. Aukinn stöðugleiki er öllum fyrirtækjum afar mikilvægur en byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð hefur búið við mun meiri sveiflur en aðrar atvinnugreinar í íslensku hagkerfi. Í byggingariðnaði er framkvæmdatími verka oft langur og nauðsynlegt að efnahagslegar forsendur þeirra séu nokkuð fyrirséðar. Í stöðugu umhverfi verður framleiðnivöxtur og aukin verðmætasköpun best tryggð. Afar slæmt er þegar fjárhagslegum forsendum verkefna er kippt undan framkvæmdaraðilum líkt og því miður hefur alltof oft gerst í íslenskri hagsögu.

> **Eftir aðhaldsaðgerðir síðustu ára eru stýrivextir Seðlabankans nokkuð háir um þessar mundir. Með lækkun þeirra er hægt að draga úr niðursveiflunni.**

### Samgöngur lífæðar tekjuöflunar

Mörg stór verkefni eru nú í gangi á sviði byggingariðnaðarins, meðal annars í byggingu hótela og íbúða. Framboð íbúða hefur ekki náð að mæta þörf síðustu ára og hefur markvisst verið unnið í að bæta það ástand. Samkvæmt talningu Samtaka iðnaðarins í helstu byggðarkjörnum í febrúar síðastliðnum voru tæplega 5.000 íbúðir í byggingu á höfuðborgarsvæðinu, tæplega 1.200 í nágrannasveitarfélögum á Suðurlandi og um 300 á Norðurlandi. Fjöldi íbúða í byggingu hefur ekki áður verið meiri í þeirri efnahagsuppsveiflu sem nú virðist vera á enda.

Til að milda niðursveifluna í kjölfar brotthvarfs WOW air er eitt af forgangsmálunum að tryggja að vöxtur verði í flugframboði frá öðrum flugfélögum. Ísland er í sérstöðu sem ferðamannastaður þar sem komur og brottfarir ferðamanna eru fyrst og fremst með flugi. Flugsamgöngurnar eru því lífæðar þessarar tekjuöflunar þjóðarbúsins og frumskilyrði að þær samgöngur séu til staðar.

Á sviði vegasamgangna er uppsöfnuð þörf fyrir nýfjárfestingar og viðhald umtalsvert. Umferð á vegum landsins hefur aukist verulega undanfarin ár á sama tíma og viðhald og nýfjárfestingar í vegasamgöngum hafa verið litlar. Tafir eru allt of miklar og slys of algeng. Til að bæta þar úr þarf að endurbæta vegakerfið. Nú er kjörið tækifæri til að gera átak á þessu sviði. Með því er dregið úr slakanum sem annars myndast í hagkerfinu og byggt undir hagvöxt framtíðarinnar.

### Nýtum hagstjórnartækin

Ánægjulegt er að sjá áform ríkisstjórnarinnar í þessum efnum í nýframkominni tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2020 til 2024. Þar er fjárframlag til málaflokksins aukið úr 100 milljörðum króna í 120 milljarða króna á tímabilinu. Einnig er ánægjulegt að sjá þá áherslu sem þar er lögð á nýsköpun og menntun en ljóst er að með áherslu á þá málaflokka má renna stoðum undir samkeppnishæfni landsins og hagvöxt framtíðarinnar sem einkennist af fjölbreytileika og verðmætum störfum.

Með samstilltu átaki í opinberum fjármálum, í peningamálum og meðal aðila vinnumarkaðarins má sem best tryggja mjúka lendingu hagkerfisins. Tæki peningastjórnunarinnar eru í þessu sambandi öflug. Seðlabankinn er með stóran gjaldeyrisforða sem við þessar aðstæður á að nýta til að varna sveiflum í gengi krónunnar. Eftir aðhaldsaðgerðir síðustu ára eru stýrivextir Seðlabankans nokkuð háir um þessar mundir. Með lækkun þeirra er hægt að draga úr niðursveiflunni. Forsenda þess er hins vegar víðtæk samstaða aðila vinnumarkaðarins um kjarasamninga sem samrýmast verðstöðugleika.

# Skotsilfur

## Þveröfugt bragð



Eitt sinn sá **Benedikt Jóhannesson**, þá fjármálaráðherra, fyrir sér að koma mætti í veg fyrir skattsvik með einu pennastriki – einfaldlega útrýma fimm og tíu þúsund króna seðlum. Landsmenn litu málið ekki sömu augun og ekkert varð af peningabrennunni. Eftir að hafa legið undir felldi fæddist önnur hugmynd. Nú yrði farið í þveröfuga átt. Í stað útrýmingar á seðlum stefnir hann á að prenta þá. Og einfaldasta leiðin til að gera það með löglegum hætti er að sækja um starf seðlabankastjóra, eins og hann gerði á dögunum.

## Of mikil völd?



Eins og skiljanlegt er hefur margt verið ritað og rætt um fall WOW air undanfarna daga og sumt misgáfulegt. Þannig furðuðu margir sig á ummælum **Katrínar Ólafsdóttur** lektors þar sem hún sagði engu hagkerfi hollt að einn maður hefði þau völd sem Skúli Mogensen hefði haft sem forstjóri WOW air. „Við verðum einhvers staðar að setja mörkin,“ sagði Katrín. Ekki er gott að segja hvað hún átti við. Vill hún banna fólki að reka of stór fyrirtæki? Er einkaframtakið í lagi svo lengi sem fyrirtæki verða ekki of stór?

## Nýr í bankaráð



**Guðbrandur Sigurðsson**, fyrrverandi framkvæmdastjóri Heimavalla, mun taka sæti í bankaráði Landsbankans á aðalfundi bankans sem verður haldinn næsta fimmtudag. Framboðsfrestur rann út síðdegis síðasta föstudag en auk Guðbrands mun Þorvaldur Jacobsen, sem var kjörinn varamaður í bankaráð í mars í fyrra, taka sæti sem aðalmaður í ráðinu. Að öðru leyti helst sjö manna bankaráð Landsbankans óbreytt. Guðbrandur lét sem kunnugt er af störfum sem framkvæmdastjóri Heimavalla í lok síðasta mánaðar en hann hafði stýrt leigufélaginu frá árinu 2016.

# Vel heppnað hlutafjárútboð Lyft




Skráning Lyft á hlutabréfamarkaðinn í New York þykir hafa heppnast vel en hlutabréf í leigubílaþjónustunni hækkuðu um nærri níu prósent í verði á fyrsta degi viðskipta með bréfin í lok síðustu viku. Er markaðsvirði félagsins, sem hefur ekki enn skilað hagnaði, ríflega 22 milljarðar dala en hlutafjárútboðið var það stærsta á meðal bandarískra tæknifyrirtækja frá því að Snapchat fór á markað árið 2017. NORDICPHOTOS/GETTY

# Ferskir erlendir vindar



**Agnar Tómas Möller**
framkvæmdastjóri sjóða hjá GAMMA

Í árslok 2018 er óhætt að segja að nokkur svartsýni hafi ríkt í íslensku efnahagslífi. Óvissa var um framtíð WOW air, samdráttur fyrirsjáanlegur í ferðaþjónustunni og engin leið var að sjá skynsamlega lendingu með kjarasamninga þar sem átök hörðnuðu dag frá degi á vinnumarkaði. Allir þessir þættir leiddu til lækkunar krónunnar, ótta við vaxandi verðbólgu og væntinga um að vextir myndu hækka verulega á árinu 2019. Á sama tíma kvað hins vegar við annan tón í bréfi sem fjárfestingastjóri BlueBay, eins stærsta sérhæfða skuldabréfastýringarfyrirtækis Evrópu, sendi til viðskiptavina sinna. Í bréfinu var því spáð að samfara afléttingu innflæðishafta á Íslandi, myndu vextir til skemmri og lengri tíma lækka og krónan styrkjast, og því væru íslensk skuldabréf sérlega áhugaverð. Í byrjun mars þessa árs hafði sjóður í stýringu umrædds fyrirtækis hafið fjárfestingar á Íslandi, og tók þá fjárfestingarstjórinn enn dýpra í árinni í nýju bréfi til sinna viðskiptavina – þar sem því var haldið fram að Ísland hefði bæði viðvarandi fjárlaga- og viðskiptaafgang og verulega jákvæða eignastöðu, lánshæfi Íslands myndi hækka, verðbólga fara aftur í átt að markmiði á árinu, stýrivextir lækka sem og langtíma vextir.

**Verðbólguvæntingar lækka, en gengið styrkist ekki**




Þótt krónan hafi ekki styrkst á þessu ári hefur hún aftur á móti staðist dómsdagsspár vegna falls WOW air og vel það. Langtímavextir hafa lækkað um 1,2% á árinu og verðbólga hjaðnað. Það sem kannski mestu skiptir er að langtíma verðbólguálag á skuldabréfamarkaði hefur lækkað verulega, úr 4,0% í upphafi árs í 3,0% þegar þetta er skrifað. Mjög óalgengt er að samband langtíma verðbólguvæntinga og krónunnar sé með þeim hætti.

Ýmsir kraftar hafa verið að verki sem ekki hafa allir hlotið mikla athygli. Á árunum 2014 til 2017 safnaði Seðlabanki Íslands umtalsverðum óskuldsettum gjaldeyrisforða og bjó þannig þjóðarbúið vel undir ófyrirséð áföll sem nú hafa skollið á af fullum þunga í ferðaþjónustunni. Seðlabankinn getur því komið í veg fyrir sveiflur á gengi krónunnar með inngripum, það styrkir verðbólguvæntingar á skuldabréfamarkaði sem er mikilvægasti þátturinn í leiðinni að lægra vaxtastigi. Hin er sú breyting á íslenskum efnahagslífi að samkeppni við útlönd í verslun og þjónustu, ásamt tækniframförum og sjálfvirknivæðingu, leiðir til að launahækkanir skila sér ekki jafn auðveldlega í hærra vöruverði eins og áður. Til að mæta ósjálfbærum launahækkunum munu því íslensk fyrirtæki hagræða með fækkun starfsfólks líkt og þau hafa gert síðustu misserin. Þau sem eiga þess ekki kost verða einfaldlega undir í samkeppninni.

Spyrja má að lokum af hverju hinn erlendi fjárfestir hafði svo rétt fyrir sér á sama tíma og flestir greinendur og líklega mikill meirihluti fjárfesta (lesið út frá verðlagningu markaða) var mun svartsýnni? Líklega sýnir þetta dæmi hve mikilvæg skoðanaskipti við umheiminn geta verið – erlendir fjárfestar sem hafa áhuga á fjárfestingum í íslenskum skuldabréfum eru ekki almennt „illir vogunarsjóðir“ heldur frekar langtímafjárfestar sem eru tilbúnir að hafa langtímaskoðun á íslensku hagkerfi og láta hina heimatilbúnu svartsýni sig minna varða.

# Ekki rétti tíminn fyrir svifasein stjórnvöld

**SKOÐUN**



Þorsteinn Friðrik Halldórsson

Ferðaþjónustan stendur frammi fyrir miklum áskorunum eftir fall WOW air enda er staðan frá síðustu sumarlokum gjörbreytt. Þá var útlit fyrir áframhaldandi fjölgun ferðamanna er nú eru allar líkur á því að þeim fækki verulega á milli ára.

Rétt áður en WOW air hætti starfsemi spáði greiningardeild Arion banka því að ferðamönnum fækkaði um 16 prósent á milli ára ef allt færi á versta veg hjá flugfélaginu. Þá sýndi samantekt greiningardeildarinnar að WOW air hefði greitt rúmar þúsund krónur með hverjum farþega frá stofnun flugfélagsins fram til septemberloka 2018.

Það er á vissan hátt aðdáunarvert að Skúli Mogensen hafi í raun niðurgreitt vöxt ferðaþjónustunnar síðustu ár með svo myndarlegum hætti. Sókn WOW air hafði nefnilega ómældan og margvíslegan þjóðhagslegan ábata í för með sér. Aukið framboð flugferða knúði fjölgun ferðamanna áfram og skapaði þannig fjölda afleiddra starfa í ferðaþjónustu og öðrum atvinnugreinum. Þetta er aðeins eitt dæmi af mörgum.

Hin hliðin er sú að niðurgreidsla fargjalda skapaði ósjálfbæran vöxt og væntingar hjá þeim sem hafa fjárfest í ferðaþjónustu, hvort sem um er að ræða fagfjárfesta eða fjölskyldufyrirtæki. Ætla má að margar fjárfestingar í ferðaþjónustu hafi tekið mið af væntingum um frekari vöxt, eða að minnsta kosti um óbreytta stöðu. Sumar fjárfestingar munu því ekki reynast jafn arðbærar og lagt var upp með.

Sú staða sem nú er komin upp er stærðarinnar prófraun fyrir stjórnvöld og þá sérstaklega ráðherra ferðamála. Þau þurfa að bregðast skjótt við til þess að unnt sé að sporna við samdrætti. Þá þýðir ekki að koma á fót -nefnd, -ráði, -stofu, -stöð eða -setri. Það þarf skjótar og beinar aðgerðir til að bæta rekstrarumhverfið. Ef gistinóttum er að fækka og samdráttur vofir yfir gistimarkaðinum þá liggur beinast við að afnema gistináttaskattinn.

Reynslan sýnir að hlutirnir ganga hægt fyrir sig í stjórnkerfinu og þróun ferðaþjónustu á Íslandi hefur varpað enn bjartara ljósi á það hversu svifaseint stjórnkerfið er í raun og veru. Í uppganginum var lengi talað um gjaldtöku eins og komugjöld til að fjármagna innviðauppbyggingu og umhverfisvernd. Sú hugmynd hefur ekki náð fram að ganga. Stjórnvöld voru of sein og sem betur fer því annars hefðum við setið uppi með hamlandi gjaldtöku á versta tíma. Nú þarf hins vegar að bretta upp ermar.




## TVÆR NÝJAR OG SPENNANDI STÖÐUR

Vörður sækir fram í leit að kröftugum liðsmönnum í stjórnendateymi fyrirtækisins. Um er að ræða tvö ný störf forstöðumanna sem krefjast framúrskarandi samskiptafærni og leiðtogahæfni. Háskólamenntun við hæfi er skilyrði og reynsla af stjórnun og starfsmannahaldi er kostur.

**Forstöðumaður á sviði ráðgjafar og þjónustu** ber ábyrgð á daglegum rekstri þeirra starfseininga sem snúa að þjónustu og sölu. Ábyrgðarsvið starfsins lýtur að þjónustu við einstaklinga, fyrirtækjaviðskiptum og sölu. Forstöðumaður ber ábyrgð á að stefnu félagsins sé framfylgt og að markmiðum sé náð. Forstöðumaður veitir teymum sviðsins leiðsögn og stuðning og er leiðandi í framþróun félagsins. Hann er lausnamiðaður, brennur fyrir þjónustu og árangur og hugsar út fyrir boxið.

**Forstöðumaður á sviði tjóna og stofnstýringar** ber ábyrgð á verkefnum sem snúa m.a. að verðstýringu, afkomugreiningum, viðskiptagreind og forvörnum og veitir framþróun þeirra þátta forystu. Hann stýrir og ber ábyrgð á mannauði viðkomandi eininga, styður starfsfólk til ábyrgðar og veitir þeim umboð til athafna.

Forstöðumenn fylgja því eftir að unnið sé í samræmi við gildi Varðar og taka virkan þátt í stefnumótun og umbótastarfi innan fyrirtækisins. Um er að ræða nýjar stöður forstöðumanna og munu viðkomandi koma mikið að mótun starfs og verkefna. Forstöðumenn heyra undir framkvæmdastjóra viðkomandi sviðs.

Við hvetjum jafnt konur sem karla til að sækja um störfin. Tekið er á móti umsóknum á vefsíðu Hagvangs þar sem einnig má nálgast frekari upplýsingar um starfssvið og kröfur um reynslu og menntun.

Nánari upplýsingar veitir Sverrir Briem ráðgjafi: **sverrir@hagvangur.is**

## VEISTU HVER VIÐ ERUM?

Vörður er ört stækkandi tryggingafélag með um 65 þúsund viðskiptavini um land allt. Við erum öflugur hópur fólks með fjölbreyttan bakgrunn á líflegum vinnustað með fjölskylduvæna og heilsueflandi mannauðsstefnu í jákvæðu, nútímalegu og verkefnamiðuðu vinnuumhverfi þar sem andi jafnréttis ríkir á öllum sviðum.

**Umsóknarfrestur er til 11. apríl 2019**

**VIÐ VILJUM KYNNAST ÞÉR BETUR**

vörður

# MARKAÐURINN

FRÉTTABLAÐIÐ.IS frettabladid.is | Instagram fréttablaðsins @frettabladid

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 3. aptíl 2019

## Stjórnarmaðurinn

### Fast land

**Óvissan** í hagkerfinu er nú verulega minni en hún var fyrir réttri viku.

**Hvað fall** WOW air varðar hafði legið fyrir í lengri tíma í hvað stefndi. Hin óvissubreytan, kjarasamningar, virðist sömuleiðis úr sögunni. Verkföllum hefur verið aflýst og deiluaðilar hafa boðað að samkomulag sé á næsta leiti. Hrósa verður hlutaðeigandi fyrir ábyrga afstöðu og skjót viðbrögð í kjölfar gjaldþrots WOW.

**Auðvitað** hefur fall WOW slæm áhrif á þjóðarbúið. Fram hjá því verður ekki horft. Miklar gjaldeyristekjur af ferðamönnum hverfa í einni svipan. Hins vegar er staðreyndin sú að fall WOW hefur í of langan tíma litað þjóðfélagsumræðuna og fryst fólk og fjármagn.

**Nú vitum við** hvar botninn er og getum loks spyrnt við fótum. Viðbrögð á markaði benda líka til þess að fall flugfélagsins hafi fyrir löngu verið verðlagt inn í eignaverð. Hlutabréf í Kauphöllinni láku, en hrundu ekki, við tíðindin.

**Á Íslandi** eru um margt ákjósanlegar ástæður, þótt vitaskuld verði um tímabundnar þrengingar hjá mörgum að ræða. Til að mynda vegna atvinnuleysis og hjá fyrirtækjum vegna brostinna forsendna við áætlanagerð.

**Til langs** tíma erum við hins vegar með nánast skuldlausan ríkissjóð og urmul af tækifærum. Nú tekur líka sennilega við tímabil þar sem krónan verður í veikara lagi með þeim tækifærum sem því fylgja.

**Ísland** er um margt einstakt land. Strjálbýlt með gnótt landsvæðis. Hingað hafa komið ríflega tvær milljónir ferðamanna á ári undanfarin ár. Það er ekkert í alþjóðlegu samhengi og nær því ekki að vera helmingur þess fjölda sem heimsækir Kaupmannahöfn árlega.

**Ferðamennirnir** munu skila sér til lengri tíma. En nú er kannski andrými til að byggja almennilegar grunnstoðir og búa í haginn til góðu áranna sem síðar koma. Í næsta ferðamannaævintýri eigum við nefnilega að einblína á „rétta“ ferðamenn en ekki bara gestatölurnar einar og sér.

# Agnar Möller fer yfir til Júpíters



Agnar Tómas Möller.

Agnar Tómas Möller, framkvæmdastjóri sjóða hjá GAMMA Capital Management og annar af stofnendum félagsins, og Guðmundur Björnsson, framkvæmdastjóri rekstrarsviðs og áhættustýringar hjá GAMMA, munu taka til starfa hjá sjóðastýringarfyrirtækinu Júpíter, dótturfélagi Kviku banka.

Agnar tekur við sem forstöðumaður skuldabréfa og Guðmundur verður rekstrarstjóri Júpíters. Gert er ráð fyrir því að þeir taki til starfa hjá félaginu innan fárra vikna, samkvæmt upplýsingum Markaðarins. Þá mun Sverrir Bergsteinsson, sem hefur verið sjóðsstjóri hjá GAMMA, einnig færa sig yfir til Júpíters.

Kvika og hluthafar GAMMA náðu sem kunnugt er samkomulagi um kaup bankans á öllu hlutafé GAMMA í nóvember í fyrra og gengu kaupin endanlega í gegn í byrjun marsmánaðar eftir að Samkeppniseftirlitið samþykkti samrunann.

Júpíter hagnaðist um 82 milljónir á síðasta ári og jókst hagnaðurinn um 23 milljónir frá fyrra ári. Eignir í stýringu félagsins námu um 103 milljörðum í árslok 2018 og jukust um 33 milljarða milli ára. – **hae**

**31.03.2019**

**Þú getur spurt starfsfólk WOW, þessa ellefu hundruð sem voru að missa vinnuna: Var flugfélagið óvinur þess?**



Gylfi Zoega, prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands






# Húsnæði

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM**

165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

Til leigu í 104 björt og falleg 3ja herb. 70 fm kjallaraíbúð. Allt sér. Reglusemi og góð umgengni áskilin. Upplýsingar í síma 861 3268 milli kl.14-16.

Herb. til leigu á svæði 201. Með aðgangi að eldh., baðherb. og þvottavél. Uppl. í síma 893 3475 eftir kl 18:00

70 m2 íbúð í hverfi 105, langtímaleiga,sér hiti og rafmagn, laus nú þegar. S: 895-6408

## Atvinnuhúsnæði

**ATVINNUHÚSNÆÐI**

TIL LEIGU 50 m2 Lofthæð 4 m. Hurð 3,7 m Lager eða geymsla. Leiga: 99 þús Facebook: steinhella 14. S: 661-6800

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**

Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**GEYMSLURTILLEIGU.IS**
**SÍMI: 414-3000**

Gerðu verðsamanburð !

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

Barnaheill Save the Children á Íslandi

# Atvinna

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**

Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.

**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is**

# Heimilið

## Barnavörur



**SYSTKINA VAGN/KERRA**

Verð frá 165.900 kr. Barnið Okkar - Hlíðasmára 4 - 201 Kóp. barnidokkar.is



GEFÐU VATN
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar


# SKIPULAGSBREYTINGAR

Breytt deiliskipulag lóðarinnar Skipalón 3

**Tillaga ASK arkitekta dags feb. 2019 að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar Skipalón 3. Tillagan gerir ráð fyrir að lóðinni verði skipt upp í tvær lóðir. Annarsvegar lóð fyrir íbúðarhús með 6 íbúðum og hinsvegar lóð sem verður nýtt sem opið grænt svæði.**

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að auglýsa deiliskipulagsbreytinguna skv. 1.mgr. 43.gr skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagsbreytingin verður auk þess kynnt aðliggjandi lóðarhöfum. Jafnframt leggur ráðið til við bæjarstjórn að erindið verði auglýst skv. 1.mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar staðfesti samhljóða framangreinda samþykkt á fundi sínum þann 06.03.2019.

Tillagan verður til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðar Strandgötu 8-10 og hjá Umhverfis- og skipulagsþjónustu, Norðurhellu 2, frá 3. apríl til 14. maí 2019. Einnig er hægt að skoða deiliskipulagstillögurnar á **hafnarfjordur.is**.

Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytinguna og skal þeim skilað skriflega til Umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðarbæjar, eigi síðar en 14. maí 2019.

Nánari upplýsingar eru veittar hjá Umhverfis- og skipulagsþjónustu.

**HAFNARFJARÐARBÆR**
RÁÐHÚS HAFNARFJARÐAR
STRANDGÖTU 6

**ÞJÓNUSTUVER**
OPIÐ FRÁ KL. 8.00 – 16.00
ALLA VIRKA DAGA

**585 5500**
hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

# Atvinnuauglýsingar | Job.is

## Strandabyggð - BYGGINGARFULLTRÚI

Strandabyggð óskar eftir að ráða byggingarfulltrúa til starfa með aðsetur á Hólmavík. Auk Strandabyggðar sinnir starfsmaðurinn verkefnum byggingarfulltrúa fyrir Árneshrepp, Dalabyggð, Kaldrananeshrepp og Reykhólahrepp.

Nánari upplýsingar veitir:
Geirlaug Jóhannsdóttir,
**geirlaug@hagvangur.is**

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is**

Umsóknarfrestur er til og með 14. apríl nk.

## Hafnarfjörður - SVIÐSSTJÓRI ÞJÓNUSTU- OG ÞRÓUNARSVIÐS

Við leitum að metnaðarfullum og framsæknum stjórnanda til að leiða þjónustu- og þróunarsvið Hafnarfjarðarbæjar. Um er að ræða nýtt stoðsvið innan sveitarfélagsins sem ber ábyrgð á þjónustuferlum og þróun þeirra, stafrænum umbreytingum og rafrænni stjórnsýslu.

Nánari upplýsingar veitir:
Áslaug Kristinsdóttir,
**aslaug@hagvangur.is**

Sækja skal um starfið á vef Hafnarfjarðar
**https://radningar.hafnarfjordur.is**

Umsóknarfrestur er til og með 14. apríl nk.

## Hótel Kría - Hótelstjóri

capacent

Hótel Kría óskar eftir að ráða hótelstjóra til starfa. Leitað er að árangursdrifnum og metnaðarfullum einstaklingi til að móta og leiða rekstur hótelsins..

**Upplýsingar og umsókn**
**capacent.com/s/13239**

## Stjórn LSR - Framkvæmdastjóri

capacent

Stjórn LSR óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra fyrir sjóðinn. Áhersla er lögð á að framkvæmdastjóri hafi leiðtogahæfni, reynslu af rekstri og þekkingu á íslenska lífeyrissjóðakerfinu.

**Upplýsingar og umsókn**
**capacent.com/s/13204**


Þú finnur draumastarfið á job.is


Heilbrigðisþjónusta


Iðnaðarmenn

GLÆNÝ OG FERSK STÖRF Í HVERRI VIKU
job.is


**Sjá nánar á job.is**

Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 512 5441 | Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is 512 5426



MOSFELLSBÆR

## Breyting á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030 og tillaga að deiliskipulagi fyrir Dalland

**Aðalskipulag Mosfellsbæjar 2011-2030 - tillaga að breyttri landnotkun**

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar auglýsir hér með tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030 samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin varðar svæði fyrir frístundabyggð í suðurhluta Mosfellsbæjar í landi Dallands þar sem landnotkun á tveimur skikum, lnr, 125203 og 125375 í gildandi aðalskipulagi mynda landnotkunarflekann 526-F er breytt úr frístundabyggð í landbúnaðarsvæði (526-L). Einnig er mörkuð stefna um að á skikunum megi byggja þrjú starfsmannahús í tengslum við landbúnaðarstarfsemina á Dallandi og Dal.

**Dalland Mosfellsbæ, tillaga að deiliskipulagi**

Mosfellsbær auglýsir hér með skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu að deiliskipulagi:

Um er að ræða nýja deiliskipulagstillögu á jörðinni Dalland í Mosfellssveit. Tillagan gerir ráð fyrir nýjum byggingarreitum og stækkun á núverandi byggingarreitum. Skipulagssvæðið er 86,5 ha og innan þess gerir tillagan ráð fyrir eftirfarandi byggingarsvæðum:

- **Svæði ÍB:** Svæði með íbúðarhúsi, gróðurhúsi og vinnustofu, þar verður heimilt að auka byggingarmagn úr 482 m² í allt að 900 m²
- **Svæði S-1-3:** Heimilt verði að byggja allt að 250 m² starfsmannahús
- **Svæði HE-1:** Á svæðinu er 1736 m² tamningastöð, heimilt verði að byggja við svo heildar byggingarmagn verði allt að 3000 m²
- **Svæði HE-2:** Á svæðinu er hesthús, heimilt verði að byggja við svo byggingarmagn verði allt að 400 m².

Ofangreindar tillögur verða til sýnis í þjónustuveri Mosfellsbæjar Þverholti 2, frá 3. apríl 2019 til og með 17. maí 2019, svo að þeir sem þess óska geti kynnt sér þær og gert við þær athugasemdir. Tillögurnar eru einnig birtar á heimasíðu Mosfellsbæjar, undir slóðinni:

**mosfellsbaer.is/skipulagsauglysingar**

Athugasemdir skulu vera skriflegar og skal senda þær til skipulagsnefndar Mosfellsbæjar, Þverholti 2, 270 Mosfellsbæ, eða í tölvupósti til undirritaðs eigi síðar en 17. maí 2019.

3. apríl 2019,
Skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar
olafurm@mos.is

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Miðvikudagur

| Staður | °C | m/s |
|---|---|---|
| Reykjavík | 5 | 9 |
| Ísafjörður | 0 | 20 |
| Akureyri | 4 | 2 |
| Egilsstaðir | 1 | 5 |
| Kirkjubæjarkl | 0 | 5 |
| Hveravellir | -4 | 12 |

Minnkandi norðlæg átt og dregur úr éljum fyrir norðan, en víða léttskýjað S- og V-lands. Frost 0 til 5 stig. Gengur í sunnan 10-20 m/s í dag, hvassast á Snæfellsnesi. Skýjað og dálítil rigning eða slydda í kvöld vestast, en hægari og bjartviðri NA- og A-lands. Hiti 1 til 6 stig, en vægt frost A-til.

## Fimmtudagur

| Staður | °C | m/s |
|---|---|---|
| Reykjavík | 5 | 7 |
| Ísafjörður | 1 | 4 |
| Akureyri | 4 | 3 |
| Egilsstaðir | 4 | 5 |
| Kirkjubæjarkl | 3 | 4 |
| Hveravellir | -4 | 9 |

## Föstudagur

| Staður | °C | m/s |
|---|---|---|
| Reykjavík | 4 | 2 |
| Ísafjörður | 0 | 0 |
| Akureyri | -2 | 1 |
| Egilsstaðir | -2 | 1 |
| Kirkjubæjarkl | 3 | 1 |
| Hveravellir | -4 | 5 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 5 | | | 9 | | 7 | 8 | 4 |
| | | 2 | 8 | | | 6 | 9 | |
| | 9 | | | 5 | 7 | | 3 | |
| | 1 | | | | | | 2 | |
| | | | | 4 | 8 | | | 9 |
| | 6 | | 2 | | 5 | 8 | | 7 |
| 4 | 7 | | 9 | | | 1 | | |
| 6 | | | | | | | 4 | 8 |
| 1 | | 5 | | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 6 | | 2 | | | 5 | | |
| | | | | | | 1 | | 8 |
| | | | 8 | 5 | | | | |
| | | | | 1 | | 7 | 9 | 5 |
| 8 | | 6 | | | 9 | 4 | | |
| 1 | 7 | | | 3 | | 8 | | |
| 7 | 4 | 2 | 5 | | | | 8 | |
| | 8 | | | | | 3 | 5 | |
| | | | | | 7 | | 6 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | | 1 | 8 | | 2 | | 3 | |
| | 7 | 9 | 1 | | | | 5 | |
| 2 | | | | | | | | 1 |
| | | 6 | | 2 | | | | 9 |
| | | | | 5 | | | | |
| 1 | 4 | | | | | | | 2 |
| | 8 | | 2 | | | | 1 | |
| | | 2 | | | 5 | | | |
| 6 | | 5 | 3 | 7 | | 9 | | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1 lítill
5 hljóðfæri
6 freri
8 illgirnd
10 ólæti
11 fram að
12 aldinlögur
13 bor
15 goðsagnavera
17 fangi

**LÓÐRÉTT**
1 fagnaðarlæti
2 viðauki
3 gaul 4 lands
7 sálmabók
9 steypibað
12 kjaft
14 lærir
16 tímaeining

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT: 1** lágur, **5** óbó, **6** ís, **8** fólska, **10** at, **11** til, **12** must, **13** alur, **15** kentár, **17** snari.
**LÓÐRÉTT: 1 lófatak, 2 ábót, 3 gól, 4 ríkis, 7** saltari, 9 sturta, **12** munn, **14** les, **16** ár.

## Skák Gunnar Björnsson

Aronian (2.767) átti leik gegn Grischuk (2.766) á Sinquefield-mótinu í fyrra.

**18. Hxf7!?** Ótrúlegur leikur. **18. ... Kxf7 19. Hf1+ Bf5 20. g4 g6 21. Dc1!** Staðan er afar vantefld og svo fór að Grishcuk lék af sér og Aronian vann. Aronian varð í efsta sæti ásamt Carlsen og Caruana.

**www.skak.is:** Nýjustu skákfréttirnar.

**Hvítur á leik**



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 4 | 7 | 2 | 6 | 8 | 3 | 5 | 9 |
| 8 | 2 | 5 | 9 | 3 | 7 | 1 | 6 | 4 |
| 9 | 3 | 6 | 4 | 5 | 1 | 8 | 7 | 2 |
| 2 | 8 | 4 | 1 | 9 | 5 | 7 | 3 | 6 |
| 3 | 5 | 9 | 6 | 7 | 4 | 2 | 8 | 1 |
| 6 | 7 | 1 | 3 | 8 | 2 | 9 | 4 | 5 |
| 4 | 9 | 8 | 5 | 1 | 3 | 6 | 2 | 7 |
| 7 | 6 | 2 | 8 | 4 | 9 | 5 | 1 | 3 |
| 5 | 1 | 3 | 7 | 2 | 6 | 4 | 9 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 4 | 8 | 2 | 5 | 6 | 3 | 9 | 7 |
| 6 | 2 | 7 | 4 | 3 | 9 | 5 | 8 | 1 |
| 9 | 3 | 5 | 7 | 8 | 1 | 2 | 4 | 6 |
| 7 | 6 | 2 | 1 | 9 | 5 | 4 | 3 | 8 |
| 8 | 5 | 1 | 3 | 2 | 4 | 6 | 7 | 9 |
| 3 | 9 | 4 | 8 | 6 | 7 | 1 | 5 | 2 |
| 2 | 8 | 9 | 5 | 1 | 3 | 7 | 6 | 4 |
| 4 | 1 | 3 | 6 | 7 | 8 | 9 | 2 | 5 |
| 5 | 7 | 6 | 9 | 4 | 2 | 8 | 1 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 5 | 8 | 3 | 6 | 9 | 4 | 7 | 1 |
| 9 | 1 | 6 | 8 | 4 | 7 | 5 | 2 | 3 |
| 3 | 7 | 4 | 5 | 1 | 2 | 6 | 8 | 9 |
| 4 | 2 | 9 | 6 | 3 | 8 | 7 | 1 | 5 |
| 5 | 6 | 7 | 1 | 9 | 4 | 2 | 3 | 8 |
| 8 | 3 | 1 | 2 | 7 | 5 | 9 | 4 | 6 |
| 1 | 4 | 3 | 9 | 2 | 6 | 8 | 5 | 7 |
| 6 | 8 | 2 | 7 | 5 | 1 | 3 | 9 | 4 |
| 7 | 9 | 5 | 4 | 8 | 3 | 1 | 6 | 2 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman







# Synt í skuggum mannssálarinnar

**BÆKUR**

**Meira**
★★★½
**Hakan Günday**

**Þýðandi:** Friðrik Rafnsson
**Útgefandi:** Bjartur
**Fjöldi síðna:** 445




Í skáldsögunni Meira eftir hinn tyrkneska Hakan Günday er viðfangsefnið ekki einungis hin margumrædda barátta milli góðs og ills, heldur er gengið töluvert lengra.

Bókarkápa verksins gefur kannski eilítið til kynna hvað verkið býður upp á. Myrkur bakgrunnur, dökkt hafið og ungur drengur sem horfir út í hið óendanlega. Sögusviðið er Tyrkland nútímans. Gaza, ungur, móðurlaus drengur, elst upp hjá ofbeldisfullum föður sem nýtir sér neyð fólks á flótta til þess að græða á því.

Gaza er snemma dreginn inn í iðjuna og fær litlu um það ráðið. Ungur að árum er hann orðinn innlyksa í heimi föðurins, sem beitir hann andlegu og líkamlegu ofbeldi. Drengurinn hatast við flóttafólkið sem stefnir í átt að framtíðinni meðan hann sjálfur er fastur mitt í syndum föður síns. Með tímanum fer hann að leika sér að því að kvelja flóttafólkið, lokar það inni, misnotar konurnar kynferðislega og etur þeim saman.

Það eru kannski helst mörkin, eða öllu heldur fjarvera þeirra, sem gerir Meira að áhugaverðu skáldverki. Günday leikur sér að viðbjóðnum sem hámarkast um miðbik verksins þar sem drengurinn ungi festist í helli umkringdur líkum sem fara hægt og rólega að rotna í kringum hann. Viðbjóðurinn er svo mikill á köflum að lesandinn verður örmagna við lesturinn.

Eftir að Gaza er heimtur úr helju daðrar hann áfram við mörk siðleysisins og geðveikin er alltaf handan við hornið í stanslausu sálarstríði við minningar um fornar syndir. Á köflum minnir verkið á þekktar kanónur á borð við Glæp og refsingu. Gaza á ýmislegt sameiginlegt með hinum þunglynda Raskolnikov, enda á sálarstríð ungra karlmanna sér stóran sess í bókmenntasögunni.

Í grunninn þráir þó Gaza allra helst tengsl: Við föður sinn, upprunann, samfélagið og kannski helst sjálfan sig. Undir lok verksins ferðast hann um heiminn allan til þess að reyna að fá að tilheyra en tekst það ekki fyrr en undir blálokin þegar hann er sjálfur búinn að slást í för með þeim sem hann áður misnotaði. Þegar hann loksins fær að tilheyra finnur hann hið mannlega innra með sér og andhetjan verður kannski örlítil hetja.

Meira er saga uppfull af myrkri nútímans og mannlegri eymd. Höfundur þrýstir á öll möguleg mörk í veröld þar sem hnignun mannssálarinnar og samfélagsins á sér engan


**Hakan Günday.** MYND/SELEN OZER

endi. Günday dregur upp mynd af dreng sem hafnar heiminum en þráir á sama tíma ekkert frekar en að fá að tilheyra. Sagan verður frekar langdregin á köflum, helst í upphafi, á sama tíma og mörkin milli þess raunverulega og óraunverulega eru illskiljanleg.

Það er líka erfitt að leggja mat á það hvenær viðbjóðurinn er of mikill. Sögur eru ekki einungis skrifaðar til þess að vera fallegar og í Meira málar Günday svo sannarlega upp veruleika sem á sér hliðstæðu í nútímanum. Þó sálarstríð Gaza sé á köflum langdregið og leiðinlegt líkt og sálarstríð forfeðra hans í bókmenntasögunni þýðir það ekki að hugarheimur hans og hin átakanlega veröld Meira sé ekki þess virði að lesa. **Bryndís Silja Pálmadóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Myrk skáldsaga um mannlega eymd og þjáningar.


**Aðalheiður Margrét Gunnarsdóttir, mezzósópran, Rut Ingólfsdóttir, fiðla, Bjarni Guðmundsson, tenór, Sigríður Aðalsteinsdóttir, alt, Guðjón Halldór Óskarsson, orgel og kórstjórn, og Þórunn Elfa Stefánsdóttir, sópran. Með þeim syngur Kammerkór Rangæinga á tónleikum í Breiðabólstaðarkirkja í Fljótshlíð klukkan 20.00 í kvöld.**

## Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

## 3. APRÍL 2019

**Hvað?** China in World War 1, the May Fourth Movement, and after.
**Hvenær?** 12.10-13.10
**Hvar?** Stapi (þar sem Bóksala stúdenta var áður), stofa 108
Alison Hardie heldur fyrirlestur á vegum Konfúsíusarstofnunarinnar Norðurljósa. Allir eru hjartanlega velkomnir!

**Hvað?** Forvarsla listaverka – erindi
**Hvenær?** 12.15
**Hvar?** Gerðarsafn í Kópavogi
Nathalie Jacqueminet forvörður segir frá hvernig tryggja megi að listaverk haldi upprunalegum eiginleikum sínum, hvort sem um ræðir málverk eða skúlptúra. Allir velkomnir og aðgangur ókeypis.

**Hvað?** Hrafnaþing Náttúrufræðistofnunar Íslands
**Hvenær?** 15.15.-16.00
**Hvar?** Urriðaholtsstræti 6-8, Garðabæ
Borgný Katrínardóttir, líffræðingur hjá Náttúrufræðistofnun Íslands, flytur erindið Senn kemur spóinn í Krummasölum á 3. hæð stofnunarinnar. Að auki verður erindinu streymt á rás stofnunarinnar á YouTube.

**Hvað?** Stórtónleikar á föstunni
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Breiðabólstaðarkirkja í Fljótshlíð
Þættir úr óratoríunni Messíasi eftir Georg Friedrich Händel verða fluttir af Kammerkór Rangæinga, einsöngvurum, fiðlu og orgeli. Allir sem fram koma eru búsettir í Rangárþingum eða kenna þar.

**Hvað?** Hvar er draumurinn?
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Háaleitisbraut 13, IV hæð
ADHD samtökin bjóða upp á opinn spjallfund um ADHD og svefnerfiðleika. Hann er ætlaður foreldrum, forráðamönnum og nánum ættingjum barna með ADHD og öðru áhugafólki um málefnið.

BRUNAVARNIR ÁRNESSÝSLU

Ráðstefna um hættur í bílum með aðra eldsneytisgjafa

*Hótel Selfoss 9. apríl 2019*
*Kl 9-17*

Brunavarnir Árnessýslu í samstarfi við Mannvirkjastofnun standa fyrir ráðstefnu í tengslum við hættur í bílum með aðra eldsneytisgjafa með áherslu á rafmagn.

Auk þessa verður fjallað um eld og aðrar hættur í spennuvirkjum.

Ráðstefnan er öllum opin.

Ráðstefnugjald er **5.500** krónur.
Innifalið er hádegisverðarhlaðborð og kaffiveitingar.

Skráning þátttöku er á **midi.is** til 7. apríl.

**Dagskrá ráðstefnunnar má sjá á heimasíðu BÁ www.babubabu.is**

Mannvirkja stofnun




GOTT KVÖLD Í BÍÓ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19 NÁNAR Á BIOPARADIS.IS

| | | | |
|---|---|---|---|
| Everybody Knows (ICE SUB) | 17:30 | Everybody Knows (ICE SUB) | 20:00 |
| Birds of Passage (ICE SUB) | 17:30 | Capernaum (ENG SUB) | 20:00 |
| Mug // Twarz (ENG SUB) | 18:00 | Arctic (ICE SUB) | 22:30 |
| | | Mug // Twarz (ICE SUB) | 22:30 |

**National Theatre Live - Breska Þjóðleikhúsið**
*Macbeth (ENGLISH-NO SUB) 20:00*






**Ertu með KrakkaRÚV-appið?**

Nú geturðu horft á vandað efni á íslensku í glænýju KrakkaRÚV-appi!

KRAKKARÚV

**Íslenskur texti með íslensku sjónvarpsefni**



Þú finnur íslenskan texta með íslenskum sjónvarpsþáttum og með fréttum og íþróttum kl. 19 á síðu 888 í textavarpinu.

Þú finnur texta með íslenskum sjónvarpsþáttum í spilaranum á rúv.is.

RÚV texti fyrir alla




# DAGSKRÁ

# Miðvikudagur

## RÚV SJÓNVARP

**13.00** **Útsvar 2013-2014 Snæfellsbær - Mosfellsbær**
**13.55** **Mósaík**
**14.35** **Með okkar augum**
**15.05** **Máttur fegurðarinnar**
**15.35** **Á tali hjá Hemma Gunn 1987-1988**
**16.30** **Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarps**
**16.45** **Veröld sem var Ó ljúfa líf** Í sjötta og síðasta þættinum af Veröld sem var verður fjallað um grísaveislur, sangría og sjó, senjorítur, sjóskíði og bjórlíki enda elska Íslendingar hið ljúfa líf. Skemmtiferðir á skipum og í flugvélum verða rifjaðar upp og sögur sagðar af MS Eddu, Gullfossi, Spánarvínum og fyrstu sólarlandaferðunum, sem hófust snemma morguns á barnum á flugstöðinni í Keflavík.
**17.15** **Höfuðstöðvarnar**
**17.45** **Táknmálsfréttir**
**17.55** **Disneystundin**
**17.56** **Nýi skólinn keisarans**
**18.17** **Sígildar teiknimyndir**
**18.24** **Dóta læknir**
**18.50** **Krakkafréttir**
**18.54** **Víkinglotto**
**19.00** **Fréttir**
**19.25** **Íþróttir**
**19.30** **Veður**
**19.35** **Kastljós** Frétta- og mannlífsþáttur þar sem ítarlega er fjallað um það sem efst er á baugi. Stærstu fréttamál dagsins eru krufin með viðmælendum um land allt. Umsjónarmenn eru Einar Þorsteinsson og Sigríður Hagalín Björnsdóttir.
**19.50** **Menningin**
**20.00** **Skólahreysti**
**20.30** **Kiljan**
**21.10** **Undirföt og unaðsvörur** Leikin bresk þáttaröð um líf fjögurra húsmæðra á níunda áratugnum. Það tekur stakkaskiptum þegar þær hefja heimasölu á undirfatnaði og hjálpartækjum ástarlífsins. Aðalhlutverk: Sophie Rundle, Angela Griffin, Sharon Rooney og Penelope Wilton. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**22.00** **Tíufréttir**
**22.15** **Veður**
**22.20** **Himinn og ís** Frönsk heimildarmynd um vísindamanninn Claude Lorius sem stundaði rannsóknir á Suðurskautslandinu og lýsti fyrstur manna yfir áhyggjum af hugsanlegri hlýnun jarðar á miðjum sjöunda áratugnum. Leikstjórn: Luc Jacquet.
**23.50** **Kveikur** Vikulegur fréttaskýringaþáttur sem tekur á málum bæði innan lands og utan. Þátturinn er í anda klassískra fréttaskýringaþátta með áherslu á rannsóknarblaðamennsku. Ritstjóri er Þóra Arnórsdóttir en ritstjórnina skipa Ingólfur Bjarni Sigfússon, Sigríður Halldórsdóttir og Lára Ómarsdóttir. Dagskrárgerð: Arnar Þórisson, Stefán Drengsson og Ingvar Haukur Guðmundsson. Vefritstjórn: Aðalsteinn Kjartansson. e.
**00.25** **Kastljós**
**00.40** **Menningin**
**00.50** **Dagskrárlok**

## GOLFSTÖÐIN

**08.00** **WGC. Dell Technologies Match Play**
**16.00** **Kia Classic**
**18.00** **Golfing World**
**18.50** **Champions Tour Highlights**
**19.45** **WGC. Dell Technologies Match Play**
**23.45** **PGA Highlights**

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** **Síminn + Spotify**
**08.00** **Dr. Phil**
**08.45** **The Tonight Show**
**09.30** **The Late Late Show**
**10.15** **Síminn + Spotify**
**12.00** **Everybody Loves Raymond**
**12.20** **The King of Queens**
**12.40** **How I Met Your Mother**
**13.05** **Dr. Phil**
**13.45** **The Kids Are Alright**
**14.10** **Með Loga**
**15.10** **Ally McBeal**
**16.00** **Malcolm in the Middle**
**16.20** **Everybody Loves Raymond**
**16.45** **The King of Queens**
**17.05** **How I Met Your Mother**
**17.30** **Dr. Phil**
**19.00** **The Late Late Show**
**19.45** **Life in Pieces**
**20.10** **Survivor**
**21.00** **New Amsterdam**
**21.50** **Station 19**
**22.35** **Taken**
**23.20** **The Tonight Show**
**00.05** **The Late Late Show**
**00.50** **NCIS**
**01.35** **NCIS. New Orleans**
**02.20** **The Resident**
**03.05** **Dúndurfréttir - The Wall**

## RÚV RÁS EITT

**06.45** **Morgunbæn og orð dagsins**
**06.50** **Morgunvaktin**
**07.00** **Fréttir**
**07.30** **Fréttayfirlit**
**08.00** **Morgunfréttir**
**08.30** **Fréttayfirlit**
**09.00** **Fréttir**
**09.05** **Segðu mér**
**09.45** **Morgunleikfimi**
**10.00** **Fréttir**
**10.03** **Veðurfregnir**
**10.13** **Á reki með KK**
**11.00** **Fréttir**
**11.03** **Mannlegi þátturinn**
**12.00** **Fréttir**
**12.02** **Hádegisútvarp**
**12.20** **Hádegisfréttir**
**12.40** **Veðurfregnir**
**12.50** **Dánarfregnir**
**12.55** **Samfélagið**
**14.00** **Fréttir**
**14.03** **Tónlist frá A til Ö**
**15.00** **Fréttir**
**15.03** **SamtalSamtal um ríkisvald og trúarbrögð - Kristrún Heimisdóttir**
**16.00** **Síðdegisfréttir**
**16.05** **Víðsjá**
**17.00** **Fréttir**
**17.03** **Lestin**
**18.00** **Spegillinn**
**18.30** **Útvarp Krakka RÚV**
**18.50** **Veðurfregnir**
**18.53** **Dánarfregnir**
**19.00** **Endurómur úr Evrópu**
**20.35** **Mannlegi þátturinn**
**21.30** **Kvöldsagan. Plágan**
**22.00** **Fréttir**
**22.05** **Veðurfregnir**
**22.10** **Passíusálmar**
**22.15** **Samfélagið**
**23.05** **Lestin**
**00.00** **Fréttir**
**00.05** **Næturútvarp Rásar 1**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**12.45** **Elsa & Fred**
**14.25** **Friðþjófur forvitni**
**15.55** **Sassy Pants**
**17.20** **Elsa & Fred**
**19.00** **Friðþjófur forvitni**
**20.30** **Sassy Pants**
**22.00** **The Shallows**
**23.30** **Mechanic. Resurrection**
**01.10** **Don't Breathe**
**02.40** **The Shallows**

## STÖÐ 2

**07.00** **The Simpsons**
**07.25** **Friends**
**07.45** **Gilmore Girls**
**08.30** **Ellen**
**09.15** **Bold and the Beautiful**
**09.35** **The Newsroom**
**10.30** **Baby Daddy**
**10.50** **Enlightened**
**11.20** **Jamie's 15 Minute Meals**
**11.45** **Bomban**
**12.35** **Nágrannar**
**13.00** **Masterchef USA**
**13.40** **Margra barna mæður**
**14.05** **Allir geta dansað**
**15.55** **Suður-ameríski draumurinn**
**16.30** **Kevin Can Wait**
**17.00** **Bold and the Beautiful**
**17.20** **Nágrannar**
**17.45** **Ellen**
**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**18.55** **Ísland í dag**
**19.10** **Sportpakkinn**
**19.20** **Veður**
**19.25** **Víkingalottó**
**19.30** **Mom**
**20.20** **Heimsókn**
**20.45** **Grey's Anatomy**
**21.30** **Veep**
**22.00** **Arrested Developement**
**22.30** **Lovleg**
**22.55** **You're the Worst**
**23.20** **NCIS**
**00.05** **Whiskey Cavalier**
**00.50** **The Blacklist**
**01.35** **Manifest**
**02.20** **Manifest**
**03.05** **Manifest**
**03.50** **Fearless**
**04.40** **Fearless**

## STÖÐ 3

**19.10** **The Last Man on Earth**
**19.35** **The Simpsons**
**20.00** **Seinfeld**
**20.25** **Friends**
**20.50** **Man Seeking Woman**
**21.15** **All American**
**22.00** **Fire and Ice GOT. Behind the Scenes**
**22.05** **Game of Thrones**
**23.05** **The Mindy Project**
**23.30** **Supergirl**
**00.15** **Arrow**
**01.00** **The Last Man on Earth**
**01.25** **The Simpsons**
**01.50** **Tónlist**

## STÖÐ 2 SPORT

**07.00** **Liverpool - Tottenham**
**08.40** **Premier League Review**
**09.35** **Wolves - Manchester United**
**11.15** **Formúla 1. Barein - Keppni**
**13.35** **AC Milan - Udinese**
**15.15** **Cagliari - Juventus**
**16.55** **Empoli - Napoli** Bein útsending frá leik í ítölsku úrvalsdeildinni.
**18.35** **Manchester City - Cardiff** Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**20.45** **Tottenham - Crystal Palace**
**22.25** **Genoa - Inter Milan**
**00.05** **Olís-deild karla**

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.10** **Watford - Fulham**
**08.50** **Domino's-deild karla**
**10.30** **Atletico Madrid - Girona**
**12.10** **Villarreal - Barcelona**
**13.50** **Valur - Fram**
**15.15** **Domino's-deild kvenna**
**16.55** **Empoli - Napoli**
**19.05** **Domino's-deild kvenna** Bein útsending frá leik í 4 liða úrslitum Domino's-deildar kvenna.
**21.15** **Chelsea - Brighton**
**22.55** **Olís-deild karla**
**Valencia - Real Madrid**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin




## ... OG MEIRA AF SUMUM



HEAD POINT
**35% AFSL.**



SITNES 5
**40% AFSL.**



W3
**50% AFSL.**



HUBERT
**50% AFSL.**

# Hirzlan

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

Síðumúla 37 Sími: 564-5040 www.hirzlan.is

# Valar morghulis...

... eða „allir menn eru dauðlegir“ eða bókstaflega „allir menn verða að deyja“ er kuldalegt spakmæli í hörðum heimi Krúnuleikanna. Þarna er hins vegar engu logið eins og mun koma á daginn þegar blásið verður til lokaorrustunnar eftir aðeins tvær vikur.

Heilmikið blóðbað er í kortunum þegar margboðaður kuldaveturinn er skollinn á í síðustu seríu Game of Thrones og næsta víst að vel flestar persónurnar í þessum vinsælu þáttum munu lúta í gras áður en yfir líkur. En hverjir eru bráðfeigir og hverjir eiga einhverja möguleika á því að lifa öll ósköpin af?

Game of Thrones eru þættir þess eðlis að þar er enginn öruggur og eins og ótal dæmi sanna eru vinsældir persónanna eða frægð leikaranna sem túlka þær engin líftrygging.

Sumum hefur þó ýmist með heppni, herkænsku, grimmd, gáfum, vopnfimi eða bara fádæma skítlegu eðli tekist að tóra hingað til en nú fyrst reynir á fyrir alvöru þegar múrinn er hruninn og algert stráfelli er fram undan.

Sem fyrr er enginn öruggur en óneitanlega eru lífslíkur sumra heldur betri en annarra.

thorarinn@frettabladid.is





## Drogon

**Lífslíkur:** Hverfandi.
Af þremur drekum Daenerys eru tveir enn í fullu fjöri en einn orðinn illur uppvakningur. Drogon er sá öflugasti en svo mikið mun væntanlega mæða á þessum lífrænu vítisvélum í lokauppgjörinu að yfirgnæfandi líkur eru á því að þær verði allar vængstífðar. Meira að segja Drogon.



## Jorah Mormont

**Lífslíkur:** Hverfandi.
Jorah hefur ekki átt sjö dagana sæla en þrátt fyrir ýmis svik og axarsköft er riddarahjarta hans nokkuð hreint og í þessum leik er lítið svigrúm fyrir slíka. Hann mun deyja glaður fyrir sína heittelskuðu Daenerys.



## Lord Varys

**Lífslíkur:** Hverfandi.
Geldingurinn Varys er með þeim slóttugri sem stíga darraðardansinn í kringum Járnhásætið en hefur með vélabrögðum sínum safnað glóðum elds að höfði sér og veðurspáin gerir ráð fyrir hagléli. Þá situr hann uppi með þann svarta pétur að Melisandre hefur spáð honum dauða. Þetta er búið spil.

## Samwell Tarly

**Lífslíkur:** Miklar.
Telja má á fingrum annarrar handar þær persónur í Game of Thrones sem geta talist algóðar og Samwell er einn af þeim. Þvottekta kolbítur sem er seinþreyttur til vandræða en úrræða- og þrautgóður á raunastund. Hann breytir alltaf rétt, hefur vit á því að forðast bardaga í lengstu lög en getur svo sem alveg stútað stöku hvítgengli ef svo ber undir. Hann á skilið að lifa.



## Tyrion Lannister

**Lífslíkur:** Meiri en minni.
Lífið hefur lengst af verið ættarskömminni, dvergnum Tyrion, mótdrægt en enginn les leikinn betur en sá stutti. Þekking, viska og djúpur skilningur á skítlegu eðli mannssálarinnar er líka jafnvel beittara vopn en sverðið Oathkeeper. „Ég drekk og ég veit hluti,“ eru einkunnarorð Tyrions og þeir sem lifa eftir slíkri speki eru alla jafna fjandanum lífseigari. Áfram, Tyrion!





## Tormund Giantsbane

**Lífslíkur:** Minni en meiri.
Hann Þórmundur er einn af síðustu villingunum og líklega mun hann safnast til feðra sinna og vina áður en leikum lýkur. Vígfimur er hann þó og sjarmerandi undir hrjúfu yfirborðinu og hefur áunnið sér talsverðar vinsældir meðal áhorfenda frá því hann var fyrst kynntur til sögunnar. Hann er sem sagt eiginlega staðalímynd dauðvona persónu í Game of Thrones.





## Jaime Lannister

**Lífslíkur:** Hverfandi.
Þótt Jaime hafi tekið stórkostlega andlega þroskakippi í gegnum seríuna myndi enginn selja honum líftryggingu. Hann gæti hins vegar dáið hetjudauða ef hann heldur uppteknum hætti.



## Jon Snow

**Lífslíkur:** 50/50.
Áhættumatið fyrir Jon Snow er nánast nákvæmlega eins og hjá Daenerys en falli annað þeirra er bara spurning hvort hann fái að fórna sér fyrir ástina eða standa eftir einn og harmi sleginn yfir nýfundinni stóru ástinni sinni.

**Þau kvöddu of fljótt**
- Eddard (Ned) Stark
- Robert Baratheon
- Catelyn Stark
- Robb Stark
- Rickon Stark
- Hodor
- Khal Drogo
- Osha
- Ygritte
- Shireen Baratheon
- Oberyn Martell



## Melisandre

**Lífslíkur:** Hverfandi.
Rauðklædda galdranornin Melisandre veit miklu lengra en nef hennar nær og þykist hafa séð dauða sinn fyrir. Og sannspá getur hún nú verið. Þar fyrir utan verður henni aldrei fyrir gefið að hafa látið brenna Shireen litlu Baratheon á báli.



## The Mountain

**Lífslíkur:** Engar.
Af öllum þeim illfyglum og óþverrum sem hafa vaðið uppi í þáttunum má segja að Fjallið gnæfi þar yfir. Þetta snarsturlaða og morðóða hálftröll bara hlýtur að steindrepast endanlega að þessu sinni og ekki ólíklegt að litli bróðir hans, The Hound, muni koma þessu annars ófeiga ógeði í hel.



## Sansa Stark

**Lífslíkur:** Miklar.
Sansa er líklegust Stark-barnanna til þess að lifa þennan margboðaða vetur. Aðrar persónur og áhorfendur hafa vanmetið hana frá upphafi en hert í eldi kúgunnar, ofbeldis og nauðgana er Sansa orðin einn skæðasti leikmaðurinn á refskákborði krúnuleikanna. Látið ykkur ekki bregða þótt hún endi jafnvel sem lafðin af Winterfell, drottning Norðursins eða bara á Járnhásætinu sjálfu.

**Hefðu mátt drepast fyrr**
- Joffrey Baratheon
- Viserys Targaryen
- Tywin Lannister
- Ramsay Bolton
- Petyr (Littlefinger) Baelish
- Walder Frey
- Roose Bolton
- Grand Maester Pycelle
- Stannis Baratheon
- High Sparrow
- Ellaria Sand



## Arya Stark

**Lífslíkur:** 50/50.
Eins yndisleg og hún er hún Arya er hún ein banvænasta persónan í öllu heila galleríinu og á svo innilega skilið að fá að kála öllum sem eru á dauðalistanum hennar. Illu heilli er þó Hundinn þar að finna. Á móti henni vinnur að þeir sem sveifla sverðinu af mestum móð eiga einnig til að falla fyrir því en vonum það besta. Stúlkan á skilið að lifa.



## Cersei Lannister

**Lífslíkur:** Hverfandi.
Þótt ekkert sé gefið í Game of Thrones er Cersei svo gegnsýrð af hatri og hendur hennar blóðugar upp að öxlum þannig að syndahalinn hlýtur að flækjast um fætur hennar á endasprettinum. Fólk getur síðan stytt sér biðina með veðmálum um hvort það verði Arya, Jaime bróðir hennar, eða jafnvel Arya með andlit Jaimes sem fargar henni.

## The Night King

**Lífslíkur:** Hverfandi.
Þessi árásargjarni, ískaldlyndi og almennt þreytandi konungur ísi þöktu uppvakninganna hlýtur bara að falla. Þessi saga getur ekki endað nema þessi óværa sem á sér fleiri líf en meðalköttur og Brexit-samningur Theresu May verði kveðinn endanlega niður.





## Bronn

**Lífslíkur:** 50/50.
Leigusverðið Bronn er einn allra svalasti gaurinn í þáttunum. Prinsipplaus hefur hann haldið haus með því að skipta um lið þegar hentar og er líklegur til þess að haga áfram seglum eftir vindi og komast heill í höfn. Lukkan á það þó til að snúa baki við kónum af hans sauðahúsi en veðjum á að hann verði ellidauður í einhverjum af þeim kastölum sem honum hefur verið lofað fyrir öll launmorðin og illvirkin sem hann hefur framið með bros á vör.



## Daenerys Targaryen

**Lífslíkur:** 50/50.
Daenerys er einn öflugasti prímus mótor atburðarásarinnar í Game of Thrones og komandi átaka þannig að hún er mjög líkleg til þess að falla en þó jafn líkleg til þess að lifa ósköpin af. Örlög hennar eru óhjákvæmilega samofin örlögum Jons Snow og annaðhvort munu þau bæði falla eða annað lifa til þess að syrgja hitt. Jon Snow hefur þegar dáið einu sinni þannig að kannski er röðin komin að Dany.



## Brienne of Tarth

**Lífslíkur:** Meiri en minni.
Brynjuklæddi tortímandinn Brienne er ekki líkleg til þess að verða undir í bardaga. Einurðin og festan sem einkenna þessa mögnuðu konu munu halda henni á lífi og að sama skapi verða mörgum að fjörtjóni.

**Þessi sleppa varla:**
- Ghost
- Ser Beric Dondarrion
- Euron Greyjoy
- Qyburn
- Qhono
- Grey Worm

**Þessi gætu sloppið. Og þó...**
- Yara Greyjoy
- Eddison Tollett
- Theon Greyjoy
- Nymeria
- Podrick Payne
- Bran Stark
- Yohn Royce
- Gendry
- Robin Arryn
- Missandei
- Edmure Tully
- Lyanna Mormont
- Ser Davos Seaworth



## The Hound

**Lífslíkur:** Hverfandi.
Því miður eru lífslíkur þessa afskræmda og illa brennda litla bróður Fjallsins litlar sem engar. Hundurinn er vissulega meðal skemmtilegustu persónanna í þáttunum og hefur sýnt á sér ýmsar hliðar. Ef eitthvert réttlæti, sem alls ekki er víst, fyrirfinnst í þessum söguheimi mun Sandor Clegane kála bróður sínum áður en honum verður í hel komið.







# - Innköllun -
# þrotabú WOW air hf.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 28. marz 2019 var WOW Air hf, kt. 451011-0220, Katrínartúni 4, 105 Reykjavík tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag voru undirritaðir skipaðir skiptastjórar í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 28. marz 2019.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjórum í búinu innan fjögurra mánaða frá fyrri birtingu innköllunar í Lögbirtingarblaði í dag 3. apríl 2019. Kröfulýsingar skulu sendar Sveini Andra Sveinssyni hrl skiptastjóra að Grjótagötu 7, 101 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn í fundarsal á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík, föstudaginn 16. ágúst 2019 kl. 13:00.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofum skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

*Reykjavík, 3. apríl 2019.*
*Þorsteinn Einarsson hrl.*
*Sveinn Andri Sveinsson hrl.*

OPIÐ Á SUNNUDÖGUM Í DORMA SMÁRATORGI

DORMA
Láttu drauminn rætast

Vikut
28. mars til 3.

LOKADAGUR
VIKUTILBOÐA



BOGGIE
Stóll og 3ja sæta sófi

KLASSÍSK hönnun

25% AFSLÁTTUR BOGGIE

Slitsterkt áklæði. Blár, grár, brúnn og rauður.
Stóll fáanlegur í sömu litum. Stærð sófa: 186 x 77 cm, H: 85 cm.
Fullt verð á sófa : 99.900 kr. Fullt verð á stól : 54.900 kr.

Þriggja sæta sófi
Aðeins 74.925 kr.

Stóll
Aðeins 41.175 kr.



VIKUTILBOÐ 25% AFSLÁTTUR

NEW MALMÖ
hornsófi með tungu

Dökk- eða silfurgrátt slitsterkt áklæði.
Hægri og vinstri tunga.
Fullt verð: 189.900 kr.

Aðeins 142.425 kr.

AVIGNION
hægindastóll



VIKUTILBOÐ 20% AFSLÁTTUR

Stillanlegur hægindastóll með innbyggðum skemli. Dökkgrátt PVC-leður.
Fullt verð: 129.900 kr.

Aðeins 103.920 kr.

Afgreiðslutími Rvk
Mánud. til föstud. kl. 11.00-18.30
Laugard. kl. 11.00-17.00
Sunnud. kl. 13.00-17.00 (Smáratorgi)

Holtagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA
Láttu drauminn rætast

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

Frettabladid.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og ítarlega umfjöllun um málefni líðandi stundar.

Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook




SAFT
Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



Skálmöld spilaði á 22 tónleikum á mánaðartúr um Evrópu. Hér á lokatónleikunum í Tilburg ásamt 3.000 aðdáendum. Það komast um 300 á Hard Rock svo það verður þröngt, sveitt og heitt á slammgólfinu. MYND/CAMIEL HIRSCHBERG

# Telja í gamaldags rokkhátíð á Hard Rock

Ein vinsælasta þungarokkshljómsveit landsins, **Skálmöld**, hleður í ferna tónleika á næstunni. Þeir byrja á Hard Rock um helgina en færa sig svo til Akureyrar. Þetta verða gamaldags tónleikar með öllum uppáhaldslögum þeirra en ekki útgáfutónleikar. Þeir nenna því ekki.



Þráinn Árni verður með gítarspjall í Hljóðfærahúsinu á föstudag þar sem hann segir frá gítörunum sínum ásamt því að spila nokkur lög. Miðvikudaginn 10. apríl er hann ásamt Eyþóri Inga og Lúðrasveit Þorlákshafnar í Seljakirkju og þremur dögum síðar í Þorlákshöfn. Á milli skýst hann til Akureyrar til að telja í með Skálmöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Það eru fjögur Skálmaldargigg fram undan sem verða okkar einu tónleikar á Íslandi á þessu ári. Við teljum í tvenna tónleika á Hard Rock á föstudag og laugardag og færum okkur svo norður á Græna hattinn á fimmtudag og föstudag,“ segir Þráinn Árni Baldvinsson, gítarleikari í þungarokksbandinu Skálmöld.

Hljómsveitin er nýkomin heim eftir mánaðartúr um Evrópu þar sem hún spilaði á 22 tónleikum. Fengu einn frídag í Árósum í Danmörku. „Þetta var algjörlega brilljant túr. Við vorum með Aelstorm, vinum okkar, og þetta voru alveg rosaleg gigg. Yfirleitt uppselt og þetta stækkar alltaf og stækkar og við eldumst alltaf og eldumst. Núna vorum við bara í einhverjum voðalegum golfleik á milli gigga – ekki mikið rokk í því,“ segir Þráinn.

Hann segir að bandið sé í túrstuði og þétt enda hafi það verið fullmannað á túrnum. Allir voru með en hljómsveitin hefur þurft að reiða sig á varamenn að undanförnu vegna forfalla. „Þetta verða fernir alveg geggjaðir tónleikar. Við fögnum þarna með liðinu okkar. Sumir halda að þetta séu útgáfutónleikar út af nýju plötunni okkar en við ætlum ekkert að telja í eina slíka. Þetta verður bara klúbbagigg af gamla skólanum þar sem öll okkar uppáhaldslög verða spiluð.“

Þráinn ætlar einnig að vera með gítarspjall í Hljóðfærahúsinu þar sem hann sýnir gítarana sína og segir lygasögur úr túrnum. „Ég spila svo eitthvað líka. Þetta er klukkutími og frítt inn. Ég hef gert svona áður og þarna er mikil nánd og skemmtilegar spurningar sem koma upp. Svo segir maður skröksögur og spilar eitthvað alveg ægilega hratt. Þetta heitir Guitar Klinik á útlensku, en er ekki gítarspjall fínt íslenskt orð?“

**22**
**tónleika spilaði Skálmöld á mánaðartúr um Evrópu.**

Fyrir utan að spjalla verður Þráinn með Eyþóri Inga og Lúðrasveit Þorlákshafnar, bæði miðvikudaginn 10. apríl í Reykjavík og laugardaginn 13. apríl í Þorlákshöfn. Vegna velgengni Þórsara í körfuboltanum munu þeir félagar spila fyrr en auglýst var því Þórsarar eiga heimaleik gegn KR þennan sama dag. Ákveðið rokk í því.

**benediktboas@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jóhanna Helga Viðardóttir *johannahelga@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Svava O'Brien *svava@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Benedikt Bóas Hinriksson *benediktboas@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*


VIKTOR ÖRN
Bocuse d'Or
BRONS 2017
HINRIK ÖRN
Nordic Junior Chefs
SILFUR 2018
LUXURY CATERING
Hinrik Örn Lárusson
PÁSKA BORGARINN
SHAMROCK
140 G SÉRVALIÐ NAUTAKJÖT · BEIKON-LAUKSULTA
GULUR CHEDDAR OG MARIBO-OSTUR · SINNEPS-MÆJÓ
AGÚRKUSNEIÐAR · JÖKLASALAT · GRILLAÐUR,
MARINERAÐUR PORTOBELLO-SVEPPUR
SÉRÚTBÚIN BRAGÐLAUKAVEISLA SEM VERÐLAUNAKOKKARNIR
VIKTOR ÖRN OG HINRIK ÖRN HAFA TÖFRAÐ FRAM.
SAMAN REKA ÞEIR LUX VEITINGAR.
GRILL 66
VIÐ ERUM Á OLÍS
GRILL66.IS


ICELANDAIR OG COCA COLA
DÍV
14. SEPTEMBER Í
SVALA & JÓHA
DÍSELLA · FRIÐRIK ÓMAR · KATRÍN HALLD
GÍTAR OG HLJÓMSVEITARSTJÓRN DAVÍÐ SIGURGEIRSSON TROMPET ARI BRAGI KÁRASON HLJÓMBORÐ HALLDÓR SMÁRASON HLJÓMBORÐ INGVAR ALFREÐSSON
BAKRADDIR ANNA SIGRÍÐUR SNORRADÓTTIR ARNAR JÓNSSON RAKEL PÁLSDÓTTIR GOSPELKÓR JÓNS VÍDALÍNS UNDIR STJÓRN
light taste
Coca-Cola
MIÐASALA HEFST
MIÐASALA FER FRAM Á HARPA


LIGHT TASTE KYNNA MEÐ STOLTI
sena LIVE!
senalive.is/divur
UR
ELDBORG HÖRPU
NNA GUÐRÚN
ÓRA RAGGA GRÖNDAL · SIGGA BEINTEINS
TAR RÖGNVALDUR BORGÞÓRSSON SAXAFÓNN STEINAR SIGURÐARSON BASSI VALDIMAR OLGEIRSSON TROMMUR ÞORVALDUR ÞÓR ÞORVALDSSON
URGEIRSSONAR OG JÓHÖNNU GUÐRÚNAR STRENGJASVEIT UNDIR STJÓRN GEIRÞRÚÐAR ÁSU GUÐJÓNSDÓTTUR LEIKSTJÓRI SELMA BJÖRNSDÓTTIR
Á MORGUN KL.12!
A.IS/DIVUR OG Í SÍMA 528 5050
ICELANDAIR

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**

**Ritstjórn** 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja



ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.



Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**


Bjarna Karlssonar




## Réttlæti sem sanngirni

Nú standa yfir kjarasamningar. Ég efast um að fólk vilji almennt hærri laun. Það sem misbýður almenningi er öllu heldur misskipting launa. Annars vegar er það „óútskýrður“ launamunur kynja sem öll vita hvaðan stafar. Hins vegar er það vitneskjan um bilið milli ríkra og fátækra. Við höfum það flest fjárhagslega gott en þjóðin er frústreruð vegna langþróaðrar ósanngirni sem blasir við öllum. Innst inni finnum við að það er galið að hafa það þægilegt á kostnað annarra. Hugsið ykkur ef hin efnahagslega yfirstétt í landinu sýndi þann sóma að takmarka laun sín við þrefaldar eða fjórfaldar meðaltekjur hins almenna manns, síðan væri hinum lægst launuðu lyft upp úr sinni efnahagslegu og félagslegu lægingu, jafnlaunavottun gerð að reglu og húsnæðisþörf almennings viðurkennd í verki. Þá yrði bjartara í landinu.

Sýnt hefur verið fram á að tíðni glæpa, ólæsis, fangelsana, þorra sjúkdóma, ótímabærra þungana og andláta, ofbeldis o.fl. vandamála að ógleymdum sjálfum vistkerfisvandanum stendur í beinu sambandi við efnahagslegan ójöfnuð. Gott lesefni um þetta má t.d. finna í bókinni Hallamálið sem á frummáli heitir The Spirit Level frá 2010. Þar er einvörðungu stuðst við opinberar tölur í hverju landi og mældur launajöfnuður borinn saman við algengi alls konar vesens og áfalla.

Tilfellið er að 1% heimsbúa hagnast á ójöfnuði á meðan hin öll, að vistkerfinu meðtöldu, tapa á ástandinu. Mannkyn hefur orðið að því sem það er vegna getu þess til samvinnu og sátta. Við fæðumst með þessi stóru höfuð vegna þess að sáttaferli eru flókin. Eina bótin á okkar þjóðar-gremju og versnandi ástandi veraldar er aukið réttlæti í formi sanngirni.








